SKOÐUN Pawel Bartoszek gagnrýnir nýja auglýsinga-herferð ÁTVR. 19

MENNING Opna sýningu í Mosfellsbæ um Auði á Gljúfrasteini. 28

LÍFIÐ Ólöf Jara Skagfjörð safnar fyrir leiksýningu í New York. 46

SPORT Lið nýs landsliðs-þjálfara karla í körfubolta gefast aldrei upp. 42

FLJÓTLEGT OG ÞÆGILEGT
1011

FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

Föstudagur
22. ágúst 2014
196. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014

LÍFIÐ



Stokkar upp lífið

Nanna Kristín Magnúsdóttir sýnir stuttmynd á Toronto Film Festival, leikur í kvikmyndum, leikhúsi og skrifar handrit eftir bók Steinars Braga, Konur. Hún segir konur verða að setjast sjálfar niður og skrifa bitastæðari kvenhlutverk.

FRÉTTIR

Útlendingar í vanda Verkefnum lögreglunnar vegna útlendinga fjölgaði verulega á fyrstu sjö mánuðum ársins. 4

4 kílómetrar Berggangurinn undir Dyngjujökli er 4 km á hæð. 8

Viðkvæmur skattur Hækkun matarskattsins er viðkvæmt mál innan ASÍ. 12



18

Bolungarvík	10°	NV	3
Akureyri	12°	NV	3
Egilsstaðir	12°	NV	2
Kirkjubæjarkl.	13°		1
Reykjavík	13°	NV	2

Sól og blíða um mest allt landið en þykknar líklega upp V-til með deginum. Hiti er 8-17 stig að degi til og það er hæg breytileg eða NV-læg átt á landinu. 4

2 SÉRBLÖÐ

Lífið | Fólk

DRAUMURINN ÚTI Stelpurnar okkar í kvennalandsliðinu í fótbolta fara ekki á HM 2015 í Kanada. Draumurinn dó endanlega á Laugardalsvelli í gærkvöldi þegar stelpurnar töpuðu fyrir Dönum, 1-0. Eini möguleiki Íslands á að komast í umspilið var að vinna Dani og hina tvo heimaleikina sem eftir eru í riðlinum, en nú er útilokað að okkar stelpur komist í umspilið. **Sjá síðu 42** FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

Fyrirspurnum ferðamanna rignir inn

Hótel og flugfélög hafa ekki við að svara áhyggjufullum ferðamönnum um hugsanlegt gos í Bárðarbungu. Enn er lítið um afbókanir en dregur úr nýjum pöntunum.

FERÐAÞJÓNUSTA Hótelrekendur fá mikið af fyrirspurnum frá erlendum ferðamönnum vegna jarðhræringanna í Bárðarbungu og eitthvað er um afbókanir. Starfsmenn Icelandair hafa einnig í nógu að snúast við að svara spurningum áhyggjufullra viðskiptavina.

„Það rignir yfir okkur fyrirspurnum í kringum þetta allt saman og fólk hefur eðlilega áhyggjur af sínum ferðaplönum. Það er eitthvað af afbókunum en sem betur fer er það mjög lítið enn sem komið er enda enn flogið til landsins og hringvegurinn opinn," segir Davíð Torfi Ólafsson, framkvæmdastjóri Íslandshótela sem reka hótelkeðjurnar Foss Hótel og Reykjavíkurhótel.

Davíð segir jarðhræringarnar hafa dregið úr nýjum bókunum og þá sérstaklega hjá þeim hópi ferðamanna sem kaupi ferðir á síðustu stundu.

„Ef þetta varir í nokkrar vikur og vofir yfir þá er það nóg fyrir einhverja sem vilja ekki taka áhættuna," segir Davíð.

Magnea Þórey Hjálmarsdóttir, framkvæmdastjóri Icelandair-hótelanna, tekur í sama streng varðandi bókanir.

„Það er of snemmt að tala um umfangið en það hafa margir hringt og haft samband. Það er uggur í fólki og menn velta vöngum yfir því hvort það sé hættuástand og hvort Vatnajökull sé við hliðina á Keflavíkurflugvelli," segir Magnea.

Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, segir ljóst að umfjöllun erlendra fjölmiðla um stöðuna í Bárðarbungu hafi áhrif á bókanir hjá fyrirtækjum í ferðaþjónustu.

> **Það er uggur í fólki og menn velta vöngum yfir því hvort það sé hættuástand og hvort Vatnajökull sé við hliðina á Keflavíkurflugvelli.**
>
> *Magnea Hjálmarsdóttir, framkvæmdastjóri Icelandair-hótelanna.*

„Það er eðlilegt að fólk átti sig ekki alveg á því hvernig ástandið er þegar til dæmis er sagt frá því að búið sé að rýma eitthvert ákveðið svæði. Þá sér fólk jafnvel fyrir sér aðstæður þar sem verið er að flytja þúsundir manna til með tilheyrandi vandamálum. Við höfum því miklar áhyggjur af þeim tilvikum þar sem verið er að búa til upphrópanir og æsifréttir," segir Helga.

„Hins vegar sýnir ferðaþjónustan því að sjálfsögðu fullan skilning að það þurfi að rýma svæði og auðvitað er öryggi alltaf ofar fjárhagslegum hagsmunum."

Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair, segir fyrirtækið ekki hafa orðið vart við fjölgun í afbókunum.

„Það er mjög mikið spurt enda hefur þetta ratað í fréttir bæði í Evrópu og Norður-Ameríku og margir hafa eðlilega áhyggjur af stöðunni." - hg / sjá síðu 8

NEXT • KRINGLUNNI • SÍMI 551 3200

Ellefu framhaldsskólar hyggjast leggja niður hefðbundnar busavígslur í ár:

Hafa víðast gengið út í öfgar

SKÓLAMÁL „Það gleður mig óstjórnlega," segir Hjalti Jón Sveinsson, formaður Skólameistarafélags Íslands og skólameistari Verkmenntaskólans á Akureyri, um þá ákvörðun ellefu framhaldsskóla að leggja niður hinar hefðbundnu busavígslur í ár.

„Þetta hefur verið áhyggjuefni margra kollega minna," segir Hjalti og bætir því við að busavígslan hafi víðast hvar gengið út í öfgar. „Það verður ekki lengur við það unað í siðuðu samfélagi."

Einungis fjórir framhaldsskólar á landinu standa enn fyrir hefðbundnum busavígslum og hafa þær þó mildast mjög.

Menntaskólinn í Reykjavík er einn þeirra skóla og segir Bjarni Gunnarsson, konrektor MR, að þar á bæ vilji menn halda í þá áratugagömlu hefð að tollera nýnema. Þetta er Hjalti gagnrýninn á.

„Tolleringin er ævagamall siður en málið er að þetta fer úr böndunum," segir hann. „Það getum við ekki sætt okkur við. Við þurfum að geta ábyrgst það að allir séu sáttir og líði vel í kringum þetta." - ssb / sjá síðu 6



Engar busavígslur

Eftirtaldir framhaldsskólar bætast í hóp þeirra skóla sem ekki hafa busavígslu:

- Borgarholtsskóli
- Fjölbrautaskólinn í Breiðholti
- Fjölbrautaskólinn í Garðabæ
- Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra
- Fjölbrautaskóli Snæfellinga
- Fjölbrautaskóli Suðurnesja
- Kvennaskólinn í Reykjavík
- Menntaskólinn að Laugarvatni
- Menntaskólinn á Egilsstöðum
- Menntaskólinn á Ísafirði
- Menntaskólinn við Sund

SPURNING DAGSINS

Guðmundur, ertu búinn að gefa bátinn upp á bátinn?

„Nei, við notum einhver vélabrögð á hann.“

Guðmundur Bjarnason, skipstjóri á Árna Friðrikssyni, freistaði þess ásamt heimamönnum að ná gömlum báti sem lá undir skemmdum frá Geirþjófsfirði til Bíldudals. Hann reyndist svo illa farinn að nú er stefnt að því að taka aðeins vélina.

Útlit er fyrir að Hafrannsóknastofnun Íslands fari ekki í loðnumælingarleiðangur í haust vegna fjárskorts:

Sparnaður stefnir loðnuvertíðinni í voða

SJÁVARÚTVEGUR Verið er að stofna miklum hagsmunum í voða með því að tryggja ekki fjármuni fyrir loðnuhaustmælingu Hafrannsóknastofnunar, segja aðilar LÍÚ.

Jóhann Sigurjónsson, forstjóri Hafró, segir að við óbreyttar aðstæður hafi stofnunin ekki burði til að framkvæma þær.

Niðurstöður loðnuhaustmælingar eru forsendan fyrir ákvörðun um byrjunarkvóta næsta hausts á eftir. „Við værum því ekki í stakk búin til að gefa tillögu um byrjunaraflamark fyrir vertíðina á næsta ári,“ segir Jóhann.

KOLBEINN ÁRNASON

Hann er þó ekki búinn að gefa upp alla von. „Þetta er afleit staða og við munum fara yfir þetta á næstu dögum með hlutaðeigandi aðilum og ég vil enn vona að úr rætist.“

Kolbeinn Árnason, framkvæmdastjóri LÍÚ, segir þetta skapa gríðarlega óvissu sem geti stefnt loðnuvertíðinni í voða.

Hann bendir á að ef engin er haustmælingin vaxi hættan á því að vetrarmælingin heppnist síður en hún er forsenda þess að hægt sé að gefa út viðbótarkvóta. Upphafskvóti er 225 þúsund tonn, sem skiptist þó ekki eingöngu á íslenskar útgerðir, en almennt er gert ráð fyrir aukningu upp á annað eins í viðbótarkvóta.

„Til að varpa ljósi á hagsmuni málsins má ætla að útflutningsverðmæti 200 þúsund tonna af loðnu sé ekki undir 12 milljörðum króna í gjaldeyristekjum. Til hliðsjónar má ætla að loðnuleiðangur Hafró kosti um 60-70 milljónir króna,“ segir Kolbeinn.

„Þetta er engan veginn ásættanlegt,“ segir Gunnþór Ingvason, framkvæmdastjóri Síldarvinnslunnar. „Stjórnvöld hljóta að svara því hvort þau ætli að fjársvelta Hafrannsóknastofnun það mikið að hún geti ekki sinnt grunnrannsóknum þannig að það sé hægt að hámarka nýtingu auðlindarinnar með sjálfbærum hætti.“ - jse

ELSTA ÚTIBÚINU LOKAÐ Veitingastaður McDonald's á Púskín-torgi í Moskvu var sá fyrsti sem var opnaður í Sovétríkjunum sálugu árið 1990. Opnunin þótti merki um breytingar og aukin samskipti við vestrið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Rússneska matvælaeftirlitið rannsakar skyndibitakeðjuna:

Rússar þrengja að McDonald's

MOSKVA, AP Rússneska matvælaeftirlitið tilkynnti í gær að það stæði í rannsókn á veitingastöðum skyndibitakeðjunnar McDonald's í landinu. Fyrr í vikunni lét eftirlitið loka fjórum útibúum keðjunnar í Moskvu sem það sagði brjóta gegn heilbrigðisreglugerðum.

Um þessar mundir andar köldu milli Rússa og Bandaríkjamanna vegna átakanna í Austur-Úkraínu, en Rússar komu nýlega á víðtæku banni gegn innflutningi matvæla frá Vesturlöndum.

Aðgerðir yfirvalda gegn McDonald's, sem rekur 435 veitingastaði í Rússlandi, eru taldar tengjast þessum deilum stórveldanna tveggja. - bá

Kynningarfundur í Öxarfirði:

Íbúar fræddir um stöðu mála

ÖRYGGISMÁL Um hundrað manns mættu á kynningarfund almannavarna og sýslumanns Húsavíkur í Lundi í Öxarfirði í gærkvöldi. Fundurinn var boðaður til að fræða íbúa um stöðuna á svæðinu vegna hræringa í Bárðarbungu.

Ljóst er að Kelduhverfi og bæir við Öxarfjörð yrðu í hvað mestri hættu vegna flóða ef til eldgoss kæmi og gæti tjón orðið gífurlegt.

Samskonar fundur verður haldinn með viðbragðsaðilum og hagsmunaaðilum á Egilsstöðum klukkan níu í dag. - bá

Bank of America refsað:

Borga fyrir þátt sinn í hruninu

NEW YORK Bank of America hefur samþykkt að greiða bandarískum stjórnvöldum tæpa tvö þúsund milljarða íslenskra króna í refsingarskyni fyrir að villa um fyrir fjárfestum sem keyptu húsnæðislán af bankanum stuttu fyrir efnahagshrunið árið 2008.

Eric Holder, dómsmálaráðherra Bandaríkjanna, fagnaði samningnum við bankann og kallar hann „stórt skref fram á við“. BBC heldur því fram að talið sé að hagnaður Bank of America á þriðja ársfjórðungi muni dragast saman um rúma sex hundruð milljarða króna vegna samningsins. - bá

Vilja afnema virðisaukaskatt á bókum

Bókaútgefendur segja leiðina að markmiði menntamálaráðherra um aukna lestrarfærni barna vera afnám virðisaukaskatts af bókum, en alls ekki hækkun. Útgáfa á barnabókum á í vök að verjast vegna framboðs á annarri afþreyingu.

NEYTENDUR „Ef markmiðið er að 90 prósent grunnskólanema nái lágmarksviðmiðum í lestri, þá er langsamlega skilvirkasta leiðin að afnema virðisaukaskatt af bókum,“ segir Egill Örn Jóhannsson, formaður Félags íslenskra bókaútgefenda og framkvæmdastjóri Forlagsins.

EGILL ÖRN JÓHANNSSON formaður Félags íslenskra bókaútgefenda og framkvæmdastjóri Forlagsins.

Vísar Egill þar í Hvítbók menntamálaráðuneytisins frá því júní þar sem eitt meginmarkmið er að auka lestrarfærni íslenskra barna. Nú er aftur á móti umræða um að hækka virðisaukaskatt á bókum vegna breytinga á skattkerfinu og hafa útgefendur áhyggjur af þeirri hækkun.

Útgáfa barna- og unglingabóka hefur dregist saman um 43 prósent á síðustu sex árum enda hefur samkeppni við aðrar tegundir afþreyingar aukist verulega síðustu ár. Bryndís Loftsdóttir, hjá Félagi íslenskra bókaútgefenda, segir útgáfu á íslenskum barnabókum sérstaklega í mikilli hættu. „Ég er ekki svo sannfærð um að íslenskir drengir kunni ekki að lesa, ég held þeir kunni bara að lesa á ensku. Börn þurfa þjálfun í að lesa og hugsa á íslensku og til þess þarf að vera til íslenskt gæðaefni,“ segir Bryndís og bætir við að þannig sé líka almennt hlúið að íslenskunni sem er í aukinni útrýmingarhættu.

Enginn virðisaukaskattur er á bókum t.a.m. í Færeyjum, Noregi, Bretlandi og Írlandi. Egill segir að nú þegar breytingar eigi að gera á virðisaukaskattskerfinu sé lag að bókmenntaþjóðin bætist í hóp þessara þjóða. Um leið gæti það orðið sú viðspyrna sem þyrfti til að snúa við óheillaþróun í lestrarfærni íslenskra barna. „Þannig náum við að hleypa lífi í ritun og útgáfu íslenskra barna- og unglingabóka sem er í samræmi við hin ágætu markmið Hvítbókar.“

LESTUR Meginmarkmið Hvítbókar menntamálaráðherra er að 90% íslenskra barna nái lágmarksviðmiðum í lestri. NORDICPHOTOS/GETTY

Á fundi skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur í gær var samþykkt að setja á fót fagráð um leið til að efla lestrarfærni og lesskilning barna í skólum borgarinnar. Freyja Birgisdóttir, dósent við menntavísindasvið HÍ, er formaður ráðsins og segir hún lestur barna í frítíma afar mikilvægan til að þróa lesskilning. „En til þess þarf að kveikja áhuga barnanna og því eigum við að stuðla og hlúa að útgáfu íslensks efnis,“ segir Freyja og nefnir hinar vinsælu fótboltabækur Gunnars Helgasonar sem dæmi um bækur sem hafa náð vel til íslenskra barna.

„Börn þurfa þjálfun í að lesa og hugsa á íslensku og til þess þarf að vera til íslenskt gæðaefni.

Bryndís Loftsdóttir, hjá Félagi íslenskra bókaútgefenda.

erlabjorg@frettabladid.is

Líklegast að Bjarni Benediktsson eða Illugi Gunnarsson taki við málaflokknum:

Dómsmálin undir sitjandi ráðherra

STJÓRNSÝSLA Útlit er fyrir að starfandi ráðherra Sjálfstæðisflokksins taki við dómsmálaráðuneytinu þegar það verður flutt frá innanríkisráðherra á næstu dögum. Líklegast þykir að Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, eða Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra taki við málaflokknum.

Samkvæmt heimildum fréttastofu þykir þessi lausn heppilegri á þessum tímapunkti en sú að búa til nýtt ráðuneyti. Sú lausn verður þó líklega niðurstaðan þegar fram í sækir. Um ákveðna málamiðlun er að ræða þar sem Framsókn getur illa sætt sig við að vera einungis með fjóra ráðherra, gegn sex ráðherrum sjálfstæðismanna í tíu manna ríkisstjórn. Þegar og ef ráðherrum verður fjölgað mun hann koma úr röðum framsóknarmanna.

Það fyrirkomulag að koma dómsmálaráðuneytinu fyrir tímabundið annaðhvort hjá Bjarna Benediktssyni eða Illuga Gunnarssyni gefur ríkisstjórninni tíma til að skipuleggja málaflokkinn upp á nýtt. - hh

RÁÐHERRARNIR Sjálfstæðisflokkurinn á nú fimm ráðherra í ríkisstjórn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Til hamingju Hótel Bláfell

Landsbankinn óskar *Hótel Bláfelli* á Breiðdalsvík til hamingju með stækkunina, sem fjármögnuð er af Landsbankanum. *Hótel Bláfell* er fallegt 41 herbergja sveitahótel og vinsæll veitingastaður, sem hefur verið starfrækt frá árinu 1983. Landsbankinn er öflugur og traustur samherji og leiðandi í lánveitingum til ferðaþjónustufyrirtækja.

12.000 matargestir sumarið 2013

41 hótelherbergi

25 starfsmenn yfir sumar

90 rúm

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

SVONA ERUM VIÐ

58.182 grágæsir voru færðar í veiðiskýrslur árið 2010,

en á tímabilinu 1995 til 2012 voru veiddir 35.000-40.000 fuglar.

Skýrsla Mannréttindaráðs Reykjavíkur um hatursorðræðu var rædd í borgarráði í gær:

Gagnrýna vinnubrögð við „hatursskýrslu“

SAMFÉLAG Framsóknarmenn og flugvallarvinir telja að vinnubrögð við skýrslu um hatursorðræðu í ummælakerfum íslenskra netfréttamiðla vera ómarktæka, hvað viðkemur umfjöllun um orðræðu um mosku. Þetta kemur fram í bókun sem Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir, oddviti framsóknarmanna, lagði fram á borgarráðsfundi í gær. Þar var skýrslan, sem unnin var fyrir Mannréttindaráð Reykjavíkurborgar, kynnt.

Í niðurstöðunum segir að umræða sem tengist ummælum Sveinbjargar um bygginu mosku fyrir sveitarstjórnarkosningarnar í maí sé gróf og þar sé að finna mikinn fjölda ummæla sem einkennast af ný-rasisma, kynþáttahyggju og þjóðernishyggju og ummæli sem gætu verið skilgreind sem hatursorðræða. Í bókun fulltrúa framsóknarmanna og flugvallarvina segir að um leið og framboðið fagni umræðu um hatursorðræðu í ummælakerfum íslenskra netfréttamiðla, þá megi draga niðurstöður skýrslunnar verulega í efa. Ástæðan er að tæp 40 prósent þeirra ummæla sem skoðuð voru féllu fyrir utan það tímabil (1. mars 2013-1. mars 2014) sem skýrsluhöfundi var falið að skoða. Fréttablaðið reyndi að ná í Sveinbjörgu í gær, án árangurs.

SVEINBJÖRG BIRNA SVEINBJÖRNSDÓTTIR

„Þessi gagnrýni Sveinbjargar kemur mér pínulítið á óvart,“ segir Líf Magneudóttir, formaður Mannréttindaráðs, og bætir því við að hún eigi ekki við rök að styðjast og beri vott um skilningsleysi á störfum fræðimanna. „Tímaramminn í rannsókninni var til viðmiðunar en ekki meitlaður í stein. Bjarney er að kanna umræðuna eins og hún blasir við henni á þeim tíma sem könnunin er gerð. Þannig að það er síður en svo vegið að heiðri hennar sem fræðimanns.“ - jhh

Í SEÐLABANKA Könnuðu hug fulltrúa í fjármálastofnunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Aukið álag á lögreglumenn vegna útlendinga í vanda

Verkefnum lögreglunnar vegna útlendinga fjölgaði verulega á fyrstu sjö mánuðum ársins. Ferðamálastjóri segir ferðamenn ferðast meira á eigin vegum. Verkefnastjóri hjá Landsbjörg segir innviði landsins vera lakari.

LÖGREGLUMÁL Stöðug fjölgun hefur verið á verkefnum lögreglu sem tengjast fólki með erlent ríkisfang síðustu árin. Slík verkefni eru flest í júlí og ágúst. Í fyrra voru verkefnin 23% fleiri en árið 2012. Á tímabilinu janúar til júlí voru verkefnin 27% fleiri árið 2014 en á sama tímabili árið 2013.

ÓLÖF ÝRR ATLADÓTTIR ferðamálastjóri.

JÓNAS GUÐMUNDSSON verkefnastjóri slysavarna ferðamanna

Þarna er ekki átt við hegningarlagabrot, heldur önnur verkefni. Samkvæmt upplýsingum frá Ríkislögreglustjóra eru 70% þeirra tengd ökutækjum, til dæmis umferðaróhöpp.

Ólöf Ýrr Atladóttir ferðamálastjóri tekur fram að hún hafi ekki séð tölfræði lögreglunnar. Hún segir þó almennt að mikilvægt sé að gætt sé að öryggi ferðamanna. Hún segir að það þurfi því miður ekki að koma á óvart að samhliða fjölgun ferðamanna þá fjölgi óhöppum sem ferðmenn lenda í. Fjölgun ferðamanna á Íslandi á milli áranna 2012 og 2013 var rétt rúmlega 20%. Árin 2011 og 2012 var hún um nítján prósent.

„Það er ekkert sem bendir til þess að aukningin verði minni í ár en á síðustu árum. Það kallar á það að við séum á tánum með upplýsingagjöf til ferðamanna,“ segir Ólöf. Á sama tíma séu æ fleiri sem kjósa að ferðast á eigin vegum. Það geti líka skýrt þessa aukningu að einhverju leyti. „Með því er ég alls ekki að draga úr mikilvægi þess að okkur sé umhugað um það að veita gestum okkar sem mestar upplýsingar. En því miður þá er það bara þannig að fólk lendir í óhöppum,“ segir hún.

Ólöf Ýrr segir að það hafi orðið þróun í því sem kallast upplifunarhagkerfið. Fólk vilji eiga sína eigin upplifun og persónugera hana. „Það lýsir sér þá í því að fólk kemur hingað og vill ekki ferðast í hópi nema að hluta til,“ segir hún.

En það er ekki einungis umferð á vegum sem þarf að hafa í huga þegar ferðamönnum fjölgar eins mikið og á Íslandi undanfarin misseri. Jónas Guðmundsson, verkefnastjóri slysavarna ferðamanna hjá Landsbjörg, segist telja að það hafi verið meira um óhöpp, slys og veikindi, en undanfarin ár, en Landsbjörg eigi ekki tiltækar tölfræðiupplýsingar um það. „Það er í sjálfu sér bara tilfinning en ég held að hún sé rétt,“ segir hann.

Jónas segist ekki hafa skýringu á þessari fjölgun óhappa. „Það eina sem okkur dettur í hug er að á ákveðnum stöðum, eins og í Landmannalaugum, hafi fólki fjölgað þó að því hafi almennt fækkað á hálendinu. Þar sem er fleira fólk verða fleiri óhöpp, en líka er það óumdeilanlegt að innviðirnir eru lakari. Stígar og vegir og annað lætur á sjá og það gæti verið orsök. En ég tek það fram að þetta eru allt hugleiðingar enn þá. Við erum ekki búin að telja upp úr kössunum,“ segir hann.

jonhakon@frettabladid.is

HÓPUR FERÐAMANNA Ólöf Ýrr Atladóttir segir ferðamenn ekki alltaf vilja vera í hópum heldur skapa eigin upplifun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

FJÖLDI VERKEFNA SEM TENGJAST AÐILUM MEÐ ERLENT RÍKISFANG EFTIR MÁNUÐUM OG ÁRUM



Viðhorf markaðarins kannað:

Búast við meiri verðbólgu

EFNAHAGSMÁL Markaðsaðilar vænta lítillega meiri ársverðbólgu til skamms tíma en þeir gerðu um miðjan maí síðastliðinn, samkvæmt niðurstöðum könnunar sem Seðlabankinn gerði í ágúst. Fulltrúar ýmissa fjármálastofnana svöruðu spurningunum. Miðgildi svara bendir til þess að markaðsaðilar búist nú við tæplega 3% ársverðbólgu á fyrsta fjórðungi næsta árs og rúmlega 3% á öðrum fjórðungi sem er lítillega meiri verðbólga en þeir gerðu ráð fyrir í síðustu könnun bankans. Leitað var til 31 aðila, en svör fengust frá nítján og var svarhlutfallið því 61%. - jhh

Bæði útskrifuð af spítala:

Tókst að lækna tvo af ebólu

ATLANTA, AP Báðir bandarísku hjálparstarfsmennirnir sem sýktust af ebóluveirunni í Líberíu hafa verið útskrifaðir af spítala. Þau Kent Brantly og Nancy Writebol fengu tilraunalyfið Zmapp og voru flutt til Bandaríkjanna til að fá frekari meðferð. „Þetta er kraftaverkadagur,“ sagði Brantly á blaðamannafundi eftir að hann var útskrifaður frá Emory-háskólasjúkrahúsinu í Atlanta. „Ég er í sjöunda himni yfir því að vera á lífi og aftur kominn til fjölskyldu minnar.“ - bá

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



ÁFRAMHALDANDI BJARTVIÐRI víðast hvar á landinu en um helgina eru líkur á smá vætu um V-vert og síðar N-vert landið. Hiti verður áfram svipaður en vindur snýr sér í SV-læga átt um helgina.

Alicante	30°	Friedrichshafen	22°	New York	24°
Aþena	36°	Gautaborg	18°	Orlando	34°
Basel	23°	Kaupmannahöfn	19°	Ósló	17°
Berlín	20°	Las Palmas	27°	París	22°
Billund	16°	London	19°	San Francisco	20°
Frankfurt	19°	Mallorca	33°	Stokkhólmur	18°



Á MORGUN Yfirleitt hægviðri en 5-12m/s NV- og V-lands.



SUNNUDAGUR 5-10 m/s N- og V-lands, annars hægari.



Vordís Eiríksdóttir veðurfréttamaður

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is
FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kkolbeins@365.is,
FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **PJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

Verið hjartanlega velkomin. Geysir Skólavörðustíg, opið 10-19. Geysir Akureyri, opið 11-18. www.geysir.com Sími 519 6000.

VEISTU SVARIÐ?

1. Hver urðu úrslitin í leik Íslands og Breta í körfuknattleik á miðvikudag?
3. Hve mikil verður fjölgun nemenda í grunnskólum Reykjavíkur í haust?
4. Hvað heita nýir grínþættir Ara Eldjárn, Guðmundar Pálssonar og Kristófers Dignus sem hefja göngu sína á RÚV í vetur?

SVÖR
1. Ísland 71-69 Bretland **2.** Tvö hundruð **3.** Drekasvæðið

Bretar og Bandaríkjamenn reyna að bera kennsl á manninn sem drap blaðamanninn James Foley:

Vígamenn vildu 15 milljarða lausnargjald

ÍRAK, AP Vígasveitir Íslamska ríkisins höfðu krafið Bandaríkin um 100 milljónir evra, jafnvirði ríflega 15 milljarða króna, í lausnargjald fyrir bandaríska blaðamanninn James Foley.

Foley var tekinn af lífi, en Bandaríkin hafa þá stefnu að greiða mannræningjum aldrei lausnargjald. Evrópuríki hafa á hinn bóginn greitt mannræningjum í Mið-Austurlöndum og víðar stórar fjárhæðir í lausnargjöld fyrir evrópska ríkisborgara.

Leyniþjónustur Bretlands og Bandaríkjanna vinna nú hörðum höndum að því að reyna að bera kennsl á manninn, sem tók Foley af lífi. Á myndbandi af aftökunni heyrist að maðurinn er með breskan hreim og er líklega frá London. Maður, sem áður var í gíslingu samtakanna, hefur fullyrt að hann gangi undir nafninu John.

> Bandaríkin hafa þá stefnu að greiða mannræningjum aldrei lausnargjald.

Barack Obama Bandaríkjaforseti sagði á fimmtudag að Bandaríkin myndu halda ótrauð áfram hernaðaraðgerðum sínum gegn Íslamska ríkinu, sem hefur náð stórum svæðum á sitt vald í Írak og Sýrlandi. - gb

HJÁLPARGÖGN TIL ÍRAKS Frakkar fluttu í gær hjálpargögn til borgarinnar Arbil í Kúrdahéruðum Íraks. NORDICPHOTOS/AFP

Ellefu skólar leggja niður busavígslur

Einungis fjórir menntaskólar hyggjast hafa busavígslu með hefðbundnu sniði í byrjun skólaársins. Menntaskólinn í Reykjavík ætlar að halda í hefðir og tollera nýnema. Formaður Skólameistarafélags Íslands fagnar falli busavígslunnar.

SKÓLAMÁL Ellefu framhaldsskólar hyggjast leggja niður hefðbundnar busavígslur í ár. Einungis fjórir skólar á landinu halda í hefðina um hefðbundna busavígslu þó þær hafi mildast mjög.

Menntaskólinn í Reykjavík er einn þeirra skóla sem ekki gera viðamiklar breytingar á busavígslu sinni í ár. „Kjarninn í athöfninni hingað til hefur verið tolleringin. Hún er áratuga gömul. Við viljum gjarnan halda í hana," segir Bjarni Gunnarsson, konrektor MR. Hann segir að borið hafi á stríðni og leiðindum í tengslum við busavígslu skólans en reynt sé að fylgjast vel með því. „Við viljum gera alla umgjörð jákvæðari og skemmtilegri."

Á meðal þeirra skóla sem gera miklar breytingar á busavígslunni í ár er Menntaskólinn á Ísafirði.

Jón Reynir Sigurvinsson, skólameistari Menntaskólans á Ísafirði, lagði könnun fyrir nemendur sína á vormánuðum árið 2013. „Í gær sendi ég svo út tilkynningu til nemenda og skólanefndar þar sem ég benti á umræður og niðurstöður þeirra um að busavígslur skyldu lagðar af og aðdragandi þeirra líka. Það er ekki bara vígslan sjálf heldur líka aðdragandinn sem hefur verið með viðmótsbrag af busavígslu í sinni verstu mynd. Skilaboðin núna eru skýr," segir Jón Reynir.

Hjalti Jón Sveinsson, formaður Skólameistarafélags Íslands og skólameistari Verkmenntaskólans á Akureyri, fagnar því að busavígslan sé að leggjast af í framhaldsskólum landsins.

„Það gleður mig óstjórnlega. Þetta hefur verið áhyggjuefni margra kollega minna. Ég held að málið sé að ná samkomulagi við nemendur sem vilja halda í þetta sem þeir kalla gamla siði og venjur."

Hjalti segir að víðast hvar hafi busavígslan gengið út í öfgar. „Það verður ekki lengur við það unað í siðuðu samfélagi."

Hjalti er gagnrýninn á að Menntaskólinn í Reykjavík hyggist leyfa tolleringar áfram.

„Tolleringin er ævagamall siður en málið er það að þetta fer úr böndunum. Það getum við ekki sætt okkur við. Við þurfum að geta ábyrgst það að allir séu sáttir og líði vel í kringum þetta," segir Hjalti.

snaeros@frettabladid.is

BÖÐLAR Miklar hefðir einkenna busavígslu Menntaskólans í Reykjavík. Eldri nemendur í gervi svokallaðra böðla sjást hér blóðþyrstir við upphaf busavígslu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

JÓN REYNIR SIGURVINSSON skólameistari Menntaskólans á Ísafirði.

HJALTI JÓN SVEINSSON formaður Skólameistarafélags Íslands.

Engar busavígslur

Eftirtaldir framhaldsskólar bætast í hóp þeirra skóla sem ekki hafa busavígslu:

Borgarholtsskóli
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra
Fjölbrautaskóli Snæfellinga
Fjölbrautaskóli Suðurnesja
Kvennaskólinn í Reykjavík
Menntaskólinn að Laugarvatni
Menntaskólinn á Egilsstöðum
Menntaskólinn á Ísafirði
Menntaskólinn við Sund

Iðnmenntaðir eru aðeins níu prósent af þeim sem voru skráðir atvinnulausir í júlí:

Iðngreinar sækja í sig veðrið

MENNTUN Minnst atvinnuleysi er meðal iðnmenntaðra og í starfsgreinum sem tengjast iðn- og vélavinnu samkvæmt atvinnuleysistölum frá Vinnumálastofnun. Iðnmenntaðir eru til að mynda einungis níu prósent þeirra sem voru skráðir atvinnulausir í júlí en voru um fimmtán prósent atvinnulausra fyrst eftir kreppu.

Skólameistarar framhaldsskóla sem bjóða upp á iðnmenntun eru sammála um að vakning sé í samfélaginu um að iðnmenntun sé góður kostur og bjóði upp á starfsöryggi. Aðsókn hefur aukist jafnt og þétt síðustu árin í nokkra stærstu skólana. Í Verkmenntaskólanum á Akureyri eru til að mynda óvenju margir nýnemar í ár.

„Það er almennt mjög góð aðsókn í starfsnám af öllu tagi hér við skólann," segir Hjalti Jón Sveinsson skólameistari. „Húsasmíðin er að sækja í sig veðrið eftir nokkurra ára deyfð í kjölfar efnahagshrunsins og einnig húsgagnasmíðin. Einnig er mjög mikil aðsókn í rafvirkja- og rafeindanám."

Baldur Gíslason, skólameistari Tækniskólans, tekur í sama streng og segir byggingagreinar á uppleið. „Tölvubrautin er þó langvinsælasta braut skólans og þangað fara um 45 prósent af þeim nýnemum sem við tökum inn." Ingi Bogi Bogason, aðstoðarskólameistari Borgarholtsskóla, segir uppsveiflu í samfélaginu skila sér í auknum skilningi á möguleikum iðn- og tæknimenntunar enda geti atvinnulífið tekið á móti um helmingi fleira iðnmenntuðu fólki. „Þetta er menntun sem skilar fólki strax störfum og góðum launum. Ungt fólk virðist vera að kveikja á þessum möguleika," segir Ingi Bogi. - ebg

BYGGINGARIÐNAÐUR Uppsveifla hefur verið í byggingariðnaði sem skilar sér í auknum áhuga ungs fólks á greinum sem honum tengjast. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

HLEÐSLA
ÍÞRÓTTADRYKKUR
100%
HÁGÆÐA
PRÓTEIN

HLEDSLA.IS

HLEÐSLA FYRIR HLAUPARA

KOMDU VIÐ Á SETNINGARHÁTÍÐINNI FYRIR REYKJAVÍKURMARAÞON Í LAUGARDALSHÖLL Í DAG. VIÐ GEFUM ÞÁTTTAKENDUM HLEÐSLU FYRIR ÁTÖKIN.

HLAUPARAR GANGI YKKUR VEL

Berggangurinn 4 kílómetrar á hæð

Undir Dyngjujökli hefur myndast langur berggangur þar sem kvika þrengir sér inn. Eitt hundrað milljónir rúmmetra af kviku hafa aðeins metra breiða sprunguna og átökin hafa valdið þúsundum jarðskjálfta. Jarðskjálftar, allt að fjögur stig, mældust í öskju Bárðarbungu í gær.

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is

Mælingar vísindamanna sýna að 25 kílómetra langur berggangur hefur myndast undir Dyngjujökli þar sem kvikan úr kvikuhólfinu undir Bárðarbungu er að troða sér í gegn. Berggangurinn er allt að fjórir kílómetrar á hæð, en hins vegar ekki nema um einn metri á breidd.

Aflögunarmælingar (GPS) og gögn frá jarðskjálftamælum hafa dregið upp mynd af þeim átökum sem eiga sér stað neðanjarðar undir Bárðarbungu og Dyngjujökli, en upplýsingarnar komu fram eftir fund vísindaráðs Almannavarna í gær. Berggangur, 25 kílómetrar að lengd, hefur myndast undir jöklinum á fimm til 10 kílómetra dýpi. Mælingar í gær sýndu að norðausturendi berggangsins er að víkka, en gangurinn hafði þá lítið lengst undanfarinn sólarhring. Þrír jarðskjálftar mældust hins vegar í öskju Bárðarbungu í gær sem allir voru þrjú til fjögur stig að styrk. Er sú kenning uppi að þessir hörðu skjálftar, sem eru á mun minna dýpi en þeir sem mælast undir Dyngjujökli, stafi af því að þegar kvikan flæðir úr kvikuhólfinu undir eldfjallinu þá sígur askjan og veldur stórum jarðskjálftum.

Erfitt er fyrir leikmenn að ímynda sér þá krafta sem hafa valdið þúsundum jarðskjálfta undir og við Vatnajökul síðan á laugardag.

Magnús Tumi Guðmundsson, prófessor í jarðeðlisfræði, útskýrir að eitthvað verði undan að láta þegar allt að 100 milljónir rúmmetra af kviku þröngva sér út úr kvikuhólfi Bárðarbungu.

„Við vitum að berggangurinn er 25 kílómetrar á lengd og miðað við þetta magn kviku þá þarf berggangurinn ekki að vera breiðari en einn metri eða svo, en hann er um fjórir kílómetrar á hæðina, og er á sex til tíu kílómetra dýpi. Ég set þetta fram án ábyrgðar en þetta ætti að gefa fólki glögga mynd af því hvað gæti verið þarna á ferðinni," segir Magnús Tumi en þetta skýrir dýpið sem jarðskjálftavirknin er á.

Eins kom fram í gær að skjálftavirknin í Bárðarbungu sýnir engin merki um að það dragi úr umbrotunum, en því til viðbótar að ekkert bendir til þess að virknin sé að færast nær yfirborði.

Ekkert einsdæmi

Þótt hræringarnar í Vatnajökli nú séu stór viðburður, þá er hann fjarri því að vera einstakur hvað varðar virkni eða tímalengd. Magnús Tumi rifjar upp að ekki þarf að fara lengra aftur en til áranna sem Kröflueldar voru uppi. Ágætt sé að horfa til þeirra nú í þessu samhengi. Fyrsta jarðskjálftahrinan við upphaf Kröflueldsins stóð yfir frá desember 1975 fram í mars 1976, og þá var óróinn bæði stöðugur og mikill og fannst hann víða um land. Þessu fylgdi smá spýja, eldgos á stuttri sprungu og var lokið innan tveggja sólarhringa. Hins vegar hélt skjálftavirkninni áfram og var mikil og olli fólki óþægindum. Eins og þekkt er reið Kópaskersskjálftinn yfir 13. janúar 1976 og var hluti þessarar ókyrrðar. Land seig um tvo metra við Kröflu á þessum tíma. Þetta var stærsta jarðskjálftahrinan í Kröflueldum, en aðeins fylgdi henni lítið gos.

MAGNÚS TUMI GUÐMUNDSSON

„Þarna var á ferðinni jafn mikið af kviku eða meira, heldur en núna. Svona mikil kvika á ferðinni er ekkert endilega ávísun á að það verði eldgos, hvað þá stórt eldgos. Mikið af þessari kviku á ekki eftir að koma upp þó að gjósi. Hvort við erum að sjá atburðarás sem á eftir að standa í nokkur ár eða einfaldlega klárast núna og bæri ekki á sér næstu ár eða áratugi, það vitum við ekkert um," segir Magnús Tumi. Hann nefnir til viðbótar að vikur liðu með stöðugum jarðskjálfum áður en gaus á Fimmvörðuhálsi, og síðar í Eyjafjallajökli.

SIF

Flogið var yfir svæðið við Bárðarbungu á flugvél Landhelgisgæslunnar, TF-SIF, á miðvikudag, en hún er búin sértækum búnaði til rannsókna og eftirlits með breytingum á jöklinum, og vöktunar á flóðum. Hins vegar var vélin kölluð til landsins frá verkefnum á Miðjarðarhafi nokkru eftir að óróinn hófst.

Magnús Tumi segir að engar upplýsingar hafi tapast þótt vélin hafi verið fjarverandi fyrstu dagana, en að sama skapi gríðarlega mikilvægt að hún sé til staðar ef umbrotin verða til þess að gos hefst í jöklinum.

Á FIMMVÖRÐUHÁLSI Áður en gaus hafði jarðskjálftahrinan staðið vikum saman – síðan tók Eyjafjallajökull við. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

BERGGÖNGIN UNDIR DYNGJUJÖKLI



GRÍÐARLEGIR KRAFTAR LOSNA ÚR LÆÐINGI

Á skýringarmyndinni er horft inn í gegnum bergganginn undir Dyngjujökli, líkt og horft sé inn í jarðgöng, þar sem sjóðheit kvikan treður sér inn. Berggangurinn er hins vegar aðeins um einn metri á breiddina, en á hæðina allt að fjórir kílómetrar. Lengdin er um 25 kílómetrar og áætlað að allt að 100 milljónir rúmmetra hafi myndað bergganginn þegar kvikan þrengdi sér frá kvikuþrónni undir Bárðarbungu.

Það þarf ekki mikið hugarflug til að sjá hvernig þessi átök neðanjarðar valda þúsundum jarðskjálfta þegar kvikan þrýstir berginu í sundur á leið sinni – bergið hrekkur til undan þrýstingnum og veldur því að jörðin skelfur.

Þetta gríðarlega magn kviku sem finnur sér leið frá kvikuhólfinu undir Bárðarbungu veldur því aftur að askja eldfjallsins sígur. Við þau átök urðu í gær jarðskjálftar frá þremur til fjórum stigum, en þeir mælast á minna dýpi eðli málsins samkvæmt. Rúmlega þúsund jarðskjálftar mældust aðeins í gær, sem er til marks um að umbrotahrinan á enn mikið inni.

A4

MESTA ÚRVALIÐ AF SKÓLABÓKUM FYRIR FRAMHALDSSKÓLA*

*Samkv. verðkönnun ASÍ sem framkvæmd var þann 19. ágúst 2014 er A4 með mesta úrvalið af nýjum bókum

OPIÐ TIL 24 SKEIFUNNI

OPIÐ TIL 22 SMÁRATORGI

1.790,-

FRÁBÆRT VERÐ!

2.290,-

2.590,-

VIÐ ERUM SPENNT FYRIR SKÓLANUM

OG HJÁLPUM ÞÉR MEÐ UNDIRBÚNINGINN

NÓG AF BÍLASTÆÐUM

MIKIÐ ÚRVAL AF SKÓLATÖSKUM

FRÁBÆRT VERÐ!

Me to you just fabulous

Verð frá 399,-

Accessorize

Verð frá 199,-

Skylanders

Verð frá 499,-

Smiley Cartoon

Verð frá 399,-

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 14-1746

Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og verðbreytingar. Birgðarstaða á bókum getur breyst mjög hratt.

www.a4.is / sími 580 0000 / panta@a4.is / **A4** Skeifunni 17 / **A4** Smáratorgi 1 / **A4** Reykjavíkurvegi 66, Hafnarfirði / **A4** Dalsbraut 1, Akureyri / **A4** Miðvangi 13, Egilsstöðum / **A4** Austurvegi 65, Selfossi

Ágætur gangur á greftrinum:

Búið að grafa þrjá kílómetra

SAMGÖNGUR Verktakar í Norðfjarðargöngum eru búnir að grafa yfir þrjá kílómetra eða tæp fjörutíu prósent af áætlaðri heildarlengd ganganna.

Á vef Austurfréttar segir að gröfturinn hafi gengið þokkalega þrátt fyrir að hægt hafi talsvert á vinnslunni vegna erfiðra jarðlaga sem krafist hafi styrkingar.

Grafið er bæði Eskifjarðarmegin og við hinn enda ganganna í Fannardal. - hg

Beiðið ákvörðunar Seðlabankans og fjármálaráðuneytisins vegna óskar um undanþágu frá gjaldeyrislögum:

Landsbankinn hagnast um 14,9 milljarða

VIÐSKIPTI Hagnaður Landsbankans á fyrri helmingi ársins nam 14,9 milljörðum króna eftir skatta samanborið við 15,5 milljarða hagnað á sama tímabili í fyrra.

Í tilkynningu bankans um afkomuna er bent á að 4,9 milljarða króna hagnaður vegna sölu á 9,9 prósenta hlut í Framtakssjóði Íslands (FSÍ), öllum hlut bankans í IEI slhf. og vegna gangvirðisbreytinga á þeim hlut í FSÍ sem bankinn hélt eftir, var færður til bókar á öðrum ársfjórðungi.

Eigið fé bankans, eignir mínus skuldir, nam í lok júní 236 milljörðum og hefur lækkað um 2,3% frá áramótum.

„Rekstrarafkoma og fjárhagsstaða Landsbankans er með ágætum. Virðisaukning eigna hefur staðið undir óvenjulega stórum hluta tekna, en á móti er vaxtamunur töluvert lægri en á fyrra ári. Samanlagt hefur frá stofnun bankans orðið virðisrýrnun á útlánum hans," segir Steinþór Pálsson bankastjóri í tilkynningu.

Þar er einnig bent á að Seðlabankinn og fjármála- og efnahagsráðuneytið hafa ekki enn veitt undanþágur frá gjaldeyrislögum vegna samnings um lengingu á greiðslum skuldabréfs milli bankans og slitastjórnar gamla Landsbankans (LBI hf.). Landsbankinn segir brýnt að niðurstaða fáist í það mál því lengingin dragi úr áhættu varðandi greiðslujöfnuð þjóðarbúsins og geti verið stórt skref í átt að afnámi gjaldeyrishafta. - hg

BANKASTJÓRINN Steinþór Pálsson segir aukið virði eigna bankans standa undir stórum hluta tekna hans á árinu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

jura Fyrir heimili og vinnustaði

EIRVÍK

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

Vilja heilsugæslu á hendi sveitarfélaga

Heilbrigðisráðuneytið mun um næstu áramót yfirtaka rekstur Heilsugæslunnar á Akureyri. Bæjaryfirvöld vilja halda rekstri nærþjónustunnar. Heilbrigðisráðherra vildi á síðasta kjörtímabili flytja heilsugæsluna alla frá ríki til sveitarfélaga.

STJÓRNSÝSLA Ekki eru allir sáttir við ákvörðun Kristjáns Þórs Júlíussonar um að ríkisvaldið taki yfir rekstur Heilsugæslunnar á Akureyri (HAK).

Um næstu áramót mun rekstur HAK færast frá sveitarfélaginu til ríkisins. Samningar um rekstur heilsugæslunnar voru fyrst undirritaðir milli aðilanna árið 1997, þá sem tilraunaverkefni en síðar með þjónustusamningi við ríkið. Akureyrarbær vill enn halda í reksturinn en mætir ekki skilningi ríkisvaldsins. Fréttablaðið hefur áður greint frá því að fjármagn vanti inn í samninginn til að bæjarfélagið geti staðið undir rekstrinum. Á árinu hefur bæjarfélagið notað skattpeninga bæjarins til að reka heilsugæsluna þrátt fyrir að ríkisvaldið eigi að greiða fyrir reksturinn samkvæmt lögum.

Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherravar meðflutningsmaður þingsályktunartillögu Ragnheiðar Ríkharðsdóttur, á síðasta kjörtímabili, um að setja ætti tímasetta áætlun um að færa rekstur heilsugæslustöðva landsins frá ríki til sveitarfélaga. Kristján Þór er enn á þeirri skoðun að ræða ætti þessa hluti en telur að við núverandi aðstæður sé ekki æskilegt að flytja heilsugæsluna með öllu til sveitarfélaga.

„Í þeirri stöðu sem heilsugæslan er núna tel ég þurfa að ljúka öðrum málum áður en til flutnings heilsugæslunnar kæmi. Ég mun hins vegar taka vel í að skoða þesssi mál ef þingsályktun af þessu tagi verður borin fram aftur."

Þórunn Egilsdóttir, þingkona Framsóknarflokksins í NA-kjördæmi og fyrsti varaformaður Velferðarnefndar telur Akureyrarbæ geta vel rekið heilsugæsluþjónustu og að hún eigi með réttu heima hjá sveitarfélögunum. „Ég tel það vera betra að hafa nærþjónustuna sem næst íbúum en sveitarfélög verða að hafa burði til að reka stofnanirnar. Akureyri hefur það og ríkisvaldið verður að tryggja að tekjustofnarnir séu í lagi hvað það varðar," segir Þórunn.

Ragnheiður Ríkharðsdóttir, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, telur að sveitarfélög eigi að taka yfir rekstur nærþjónustunnar. Það sé hennar vilji að þingsályktun þess efnis verði samþykkt á næsta þingvetri. „Þingsályktunartillaga sem ég flutti þess efnis á síðasta kjörtímabili náði ekki fram að ganga. Ég mun í upphafi þings óska eftir því við minn þingflokk að ég fái að bera fram þessa þingsályktunartillögu á komandi þingi."

sveinn@frettabladid.is

HEILSUGÆSLAN Á AKUREYRI Heilbrigðisráðherra hefur ákveðið að ríkið taki yfir rekstur heilsugæslunnar á Akureyri frá og með næstu áramótum. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

RAGNHEIÐUR RÍKHARÐSDÓTTIR

KRISTJÁN PÓR JÚLÍUSSON

> **Í þeirri stöðu sem heilsugæslan er í núna tel ég þurfa að ljúka öðrum málum áður en af flutningi heilsugæslunnar kæmi.**
>
> *Kristján Pór Júlíusson heilbrigðisráðherra*

Opið hús í utanríkisráðuneytinu

við erum diplo

Við erum dipló og tökum vel á móti gestum og gangandi **á Menningarnótt milli 14.00 og 17.00** á Rauðarárstíg 25

Fræðsludagskrá, tónlistarviðburðir, barnadagskrá, matarkynning og kaffiveitingar

Bein útsending
Á **www.utanrikisraduneyti.is** verður „Berlín í beinni", „Kiev í beinni" lifandi tónlist og fyrirlestraröð

Verið hjartanlega velkomin

Opinn dagur í Skaftholti

laugardaginn 23. ágúst
frá kl. 14:00 til 17:00

Skaftholt
Gnúpverjahreppur
805 Selfoss

skaftholt@simnet.is s.4866002

Smáís vill lýsa yfir gjaldþroti vegna brota fyrrverandi framkvæmdastjóra:

Játaði fjárdrátt fyrir stjórninni

DÓMSMÁL Stjórn Smáís, Samtaka myndrétthafa á Íslandi, hefur óskað eftir því að félagið verði tekið til gjaldþrotaskipta. Ástæðuna segir stjórnin vera ítrekuð brot Snæbjörns Steingrímssonar, sem gegndi starfi framkvæmdastjóra samtakanna frá árinu 2007 til loka síðasta árs.

Fréttastofa RÚV hefur gjaldþrotaskiptabeiðni samtakanna undir höndum, en þar er fullyrt að ársreikningar hafi verið falsaðir um árabil, opinberum gjöldum hafi ekki verið skilað með réttum hætti og bókhald hafi verið vanrækt. Einnig er fullyrt að Snæbjörn hafi viðurkennt fjárdrátt sinn fyrir stjórninni.

Stjórn Smáís segir samtökin ekki hafa talið fram til skatts frá 2007 eða frá því Snæbjörn tók við starfi framkvæmdastjóra. Þá hafi virðisaukaskattsnúmeri félagsins verið lokað árið 2011. Því sé félagið ógjaldfært í dag og ekki um annað að ræða en að óska eftir gjaldþrotaskiptum.

Samtökin voru stofnuð árið 1992 til að gæta hagsmuna rétthafa myndefnis á Íslandi. Stjórn Smáís kærði Snæbjörn til embættis Sérstaks saksóknara í maí en ákvörðunin var tekin eftir að fjárreiður samtakanna voru skoðaðar við starfslok hans. - ktd

ÁSAKAÐUR UM ÍTREKUÐ BROT Snæbjörn fór mikinn í baráttunni gegn ólöglegu niðurhali fyrir hönd Smáís. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Glæsilegur árangur Hyundai í gæðakönnun J.D. Power

Eins og fram hefur komið í bílablaði Fréttablaðsins ratаði Hyundai nýlega í fyrsta sæti gæðakönnunar J.D. Power. Einkum voru það áreiðanleiki og lág bilanatíðni sem skiluðu Hyundai sigri í þremur stærðarflokkum. Þessi niðurstaða staðfestir að Hyundai bílar eru með þeim traustustu og endingarbestu á markaðnum.

Hyundai i10
Eyðsla frá 4,7 l/100 km í blönduðum akstri.
Verð frá **kr. 1.990.000**

Hyundai i20
Eyðsla frá 3,8 l/100 km í blönduðum akstri.
Verð frá **kr. 2.390.000**

Hyundai ix20
Eyðsla frá 4,5 l/100 km í blönduðum akstri.
Verð frá **kr. 3.790.000**

Hyundai i30
Eyðsla frá 4,1 l/100 km í blönduðum akstri.
Verð frá **kr. 2.990.000**

Hyundai ix35
Eyðsla frá 5,3 l/100 km í blönduðum akstri.
Verð frá **kr. 4.490.000**

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

Nýi bíllinn er Hyundai

GE bílar
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

HYUNDAI | NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

Hyundai – Kauptúni 1 – Beint á móti IKEA – Sími: 575 1200
www.hyundai.is – www.facebook.com/hyundai.is

ENNEMM / SÍA / NM64052

Níu prósenta fjölgun:

Fleiri forskráðir í maraþonið

FÉLAGSMÁL Alls eru 13.003 forskráðir í Reykjavíkurmaraþonið sem fer fram á laugardag. Forskráningu á netinu lauk í gær. Í tilkynningu segir að þetta sé níu prósenta fjölgun frá því í fyrra. Þó skráningu sé ekki lokið, sé þegar búið að slá þátttökumet í maraþoni, hálfmaraþoni og tíu km hlaupi. Sömuleiðis gengur áheitasöfnun talsvert betur en í fyrra. Heildarsöfnun áheita er nú komin yfir 55 milljónir. - bá

Ísraelsher hefur gert tugi loftárása á Gasasvæðinu frá því vopnahlé fór út um þúfur:

Engin lausn virðist vera í sjónmáli

GASA, AP Þrír háttsettir yfirmenn hernaðararms Hamas-samtakanna létu lífið í loftárás ísraelska hersins á Gasa snemma í fyrrinótt.

Þetta voru þeir Mohammed Abu Shamaleh, Raed Attar og Mohammed Barhoum. Að sögn lögreglunnar á Gasa og vitna féllu nokkrar sprengjur á fjögurra hæða hús, sem mennirnir voru staddir í. Lát yfirmannanna þriggja er að öllum líkindum töluvert áfall fyrir Hamas.

Ísraelar hafa hert árásir sínar á Gasa, en vopnahlé og viðræður í Egyptalandi fóru út um þúfur á miðvikudag án þess að nokkurt samkomulag næðist.

Meira en 2.000 Palestínumenn og 67 Ísraelar hafa látið lífið í átökum frá því árásir Ísraela á Gasa hófust fyrir hálfum öðrum mánuði.

2.000
Fjöldi látinna Palestínumanna

67
Fjöldi látinna Ísraelsmanna

Engin lausn er í sjónmáli, þar sem Ísraelar virðast engan áhuga hafa á að verða við kröfum Hamas um að einangrun Gasa verði aflétt, auk þess sem Ísraelar krefjast þess að Hamas-samtökin bæði afvopnist með öllu og tryggt verði að þau vopnist ekki á ný. - gb

SPRENGJUM RIGNIR YFIR GASA Prír yfirmenn hernaðararms Hamas létust í loftárásum í fyrrinótt.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

LEIT AÐ FÓLKI Enn var vonast til þess að einhverjir fyndust enn á lífi.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Leitað í rústum í Japan:

Tuga manna enn saknað

JAPAN, AP Meira en fimmtíu manns var í gær enn saknað í útjaðri borgarinnar Hiroshima í Japan, þar sem miklar aurskriður féllu á miðvikudag.

Um það bil 2.500 manns, bæði lögregluþjónar og hermenn, leituðu í eðjunni og í rústum húsa, en nærri fjörutíu lík höfðu þá fundist.

Miklar rigningar hafa verið þarna undanfarna daga og fór svo að tugir húsa urðu fyrir skriðum í næsta nágrenni borgarinnar.

Borgaryfirvöld hafa verið gagnrýnd fyrir seinagang í viðbrögðum, en fólk var ekki beðið um að rýma hættusvæði fyrr en klukkustund eftir að fregnir bárust af fyrstu skriðunum. - gb

HRAPPUR Á FERÐ Nú þegar þjófar ná minni árangri í híbýlum borgarbúa snúa þeir sér í auknum mæli að bílum þeirra.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Þjófar snúa sér að bílum:

Innbrotum hríðfækkar

LÖGREGLUMÁL Tilkynnt voru 485 innbrot á höfuðborgarsvæðinu á fyrrihluta þessa árs. Það er nánast helmingi færri tilfelli en á sama tíma fyrir þremur árum.

Friðrik Smári Björgvinsson yfirlögregluþjónn segir að vinna lögreglunnar í þessum málaflokki sé greinilega að skila sér. Svo virðist sem innbrotsþjófar nú til dags leiti frekar lags í bifreiðum í borginni. Friðrik Smári beinir því þeim tilmælum til fólks að freista þeirra ekki með því að hafa verðmæti sýnileg inni í bifreiðum sínum. - jse

Hækkun matarskattsins viðkvæmt mál innan ASÍ

Kemur illa við láglaunafólk segir þingmaður Framsóknar. Varaformaður fjárlaganefndar segir að það verði að einfalda skattkerfið og lækka skatta. Hann segir virðisaukaskattskerfið allt of flókið og undanþágur of margar.

EFNAHAGSMÁL Líklegt má telja að fjármálaráðherra leggi fram breytingar á virðisaukaskattskerfinu í tengslum við fjárlagaframvarpið þegar þing kemur saman í september.

„Það sem Sjálfstæðisflokkurinn stendur fyrir eru hóflegar álögur og einfalt skattkerfi. Ég tel að við eigum að stíga skref í þá átt ekki seinna en í haust. Þá eigum við að einfalda kerfið og lækka skatta," segir Guðlaugur Þór Þórðarson, varaformaður fjárlaganefndar Alþingis.

GUÐLAUGUR Þ. ÞÓRÐARSON

GYLFI ARNBJÖRNSSON

KARL GARÐARSSON

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er ekki búið að negla niður neinar tölur varðandi lækkun og hækkun á virðisaukaskattþrepunum. Efra þrep skattsins er nú 25,5 prósent, það hækkaði um prósentustig í tíð síðustu ríkisstjórnar. Rætt er um að lækka skattinn aftur niður í 24,5 prósent jafnvel meira. Neðra þrepið er sjö prósent og rætt er um að hækka það í áföngum, upp í 14 til 15 prósent. Stefnt er að því að flestar vörutegundir og þjónusta fari í þetta þrep. Til að kaupmáttur minnki ekki við þessar breytingar á að lækka vörugjöld á móti.

Guðlaugur Þór segir að virðisaukaskattskerfið sé allt of flókið. Skýrasta dæmið um það sé að finna í ferðaþjónustunni.

„Slíkt kerfi ýtir undan skot og kerfið er dýrt vegna þess að það krefst mikils eftirlits. Það þarf minna eftirlit með einföldu skattkerfi sem allir skilja."

Karl Garðarsson, þingmaður Framsóknarflokksins, situr í fjárlaganefnd. Hann tekur undir með Guðlaugi Þór að það þurfi að einfalda kerfið, það sé of flókið og undanþágur of margar. Hins vegar kveðst hann á móti því að hækka virðisaukaskatt á matvæli en þau bera sjö prósenta virðisaukaskatt. „Ég er á móti því að hækka matarskattinn. Það kemur illa við þá sem hafa lægstu launin," segir Karl.

„Á sama tíma og skattahækkanir á matvæli eru boðaðar bólar ekkert á því að ferðaþjónustan og aðilar tengdir henni borgi sitt. Við samþykktum á síðasta ári að hætta við að færa hótel- og gistiþjónustu í efra skattþrep, en nú er tímabært að endurskoða þá ákvörðun," segir Karl og bætir við að það sé eðlilegt að hækka álögur á hótel og gistiþjónustu í áföngum. Hann bendir á að fjölmargir aðilar tengdir ferðaþjónustu borgi ekki virðisaukaskatt.

Alþýðusamband Íslands hefur miklar efasemdir um hækkun matarskattsins.

„Við höfum ekki séð neina útfærslu á þessu. En það eru miklar efasemdir innan okkar raða um hækkun matarskattarins. Ég á ekki von á öðru en því verði mætt af mikilli tortryggni," segir Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ. Hann segir málið mjög viðkvæmt í augum félagsmanna ASÍ því allir verði að kaup mat, það komist enginn undan því.

Guðlaugur Þór segir að menn megi ekki að festa sig í að ræða einn anga málsins það er um matarskattinn.

„Við eigum að fara yfir skattamálin í heild og ræða þau í samhengi við breytingar á vörugjöldum og tollum," segir Guðlaugur Þór.

johanna@frettabladid.is

RÆTT UM AÐ HÆKKA MATARSKATT Matvæli bera sjö prósenta virðisaukaskatt, hugmyndir eru uppi um að hækka virðisaukaskattinn á matvæli upp í 14 til 15 prósent.

BREYTINGAR Á VIRÐISAUKASKATTSKERFINU

Fjölmargar breytingar á virðisaukaskattkerfinu hafa verið gerðar í gegnum tíðina. Ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur hækkaði efra þrepið um prósentustig í 25,5 prósent. Þá var samþykkt í tíð hennar að hækka virðisaukaskatt á hótel og gistiþjónustu úr sjö í 14 prósent. Ríkisstjórn Sigmundar Davíðs ákvað að hætta við hækkunina og kom hún aldrei til framkvæmda.

Þá má nefna að ríkisstjórnin ákvað í fyrrahaust að lækka virðisaukaskatt á margnota barnableiur úr 25,5 prósentum í sjö prósent. Við þá aðgerð varð ríkissjóður af 200 milljóna króna tekjum. Þá var einnig rætt um að lækka virðisaukaskatt á barnaföt niður í sjö prósent en ákveðið var fresta ákvörðun um það.

GÆTI HÆKKAÐ TÖLUVERT Í VERÐI

Í sjö prósenta virðisaukaskattþrepinu eru: matvæli og drykkjarvörur að undanskildu áfengi. Þá bera tímarit, dagblöð, landsmála- og héraðsfréttablöð og bækur sjö prósenta virðisaukaskatt. Sömuleiðis geisladiskar, hljómplötur og segulbönd. Af öðrum flokkum sem falla í sjö prósenta þrepið má nefna útleigu á hótel- og gistiherbergjum, afnotagjöld útvarpsstöðva, sölu á heitu vatni, rafmagni og olíu til húshitunar og laugarvatns og loks má nefna aðgang að vegamannvirkjum. Verði neðra þrep virðisaukaskattsins hækkað má ætla að allt þetta hækki nokkuð í verði.

Skipulagsyfirvöld í Hveragerði og ASK arkitektar skipuleggja þéttingu íbúðabyggðar í Hveragerði:

Miðbærinn tekur á sig nýja mynd

SKIPULAGSMÁL Skipulagsyfirvöld í Hveragerði eru í samvinnu við fyrirtækið ASK arkitekta að vinna að nýju deiliskipulagi í miðbæ Hveragerðis.

„Það er ekki alveg útséð með fjölda íbúða en við getum sagt að gert er ráð fyrir nokkuð þéttri íbúðabyggð þar," segir Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri Hveragerðisbæjar.

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá er afar brýn þörf á íbúðum í Hveragerði.

ASK arkitektar unnu hönnunarsamkeppni um nýtt miðbæjarskipulag í Hveragerði og er það fyrsti áfangi þeirrar hönnunar sem nú er verið að hrinda í framkvæmd. Aldís segir að allt verði unnið í góðri samvinnu við íbúa. „Það hafa náttúrulega allir mikinn áhuga á því hvaða mynd þetta svæði tekur á sig," segir hún.

Hún segist ekki treysta sér til að giska á hvenær skipulagsvinnan verði komin á það stig að hægt verði að bera hana undir íbúa.

Fyrir eru gróðurhús í lítilli eða engri nýtingu á svæðinu. - jse

FRÁ HVERAGERÐI Það er ekki víða sem menn fá tækifæri til að nema ný byggingarlönd í miðjum bæ.
MYND/EINAR ÓLASON

Landspítalinn ræður framkvæmdastjóra eftir ítarlegt ráðningarferli sem hefur staðið yfir í allt sumar:

Sjö nýir framkvæmdastjórar ráðnir á klínísk svið

HEILBRIGÐISMÁL Sjö nýir framkvæmdastjórar klínískra sviða hafa verið ráðnir á Landspítala. Í pistli Páls Matthíassonar forstjóra á vef spítalans segir að þeir hafi verið ráðnir í kjölfar ítarlegs ráðningarferils sem staðið hefur í allt sumar. Alls bárust 25 umsóknir frá 19 einstaklingum en einn dró umsókn til baka á síðari stigum.

„Hlutverk nýrrar framkvæmdastjórnar er að leiða uppbyggingu næstu ára á Landspítala. Það ríður því á að í framkvæmdastjórn veljist hópur með fjölbreytta og víðtæka reynslu sem deilir áherslum og framtíðarsýn fyrir Landspítala, þjóðarsjúkrahúsið. Mér þykir hafa tekist vel til," segir Páll Matthíasson.

Hann segir að ný framkvæmdastjórn hefji störf 1. september. Auk Páls sitja þar áfram aðstoðarforstjóri, framkvæmdastjórar lækninga, hjúkrunar, fjármálasviðs og rekstrarsviðs auk starfsmannastjóra. Samhliða tekur gildi nýtt skipurit Landspítala. - jhh

NÝIR STJÓRAR ERU

Guðlaug Rakel Guðjónsdóttir, flæðissvið
Hlíf Steingrímsdóttir, lyflækningasvið
Lilja Stefánsdóttir, skurðlækningasvið
Jón Hilmar Friðriksson, kvenna- og barnasvið
María Einisdóttir, geðsvið
Alma D. Möller, aðgerðasvið
Óskar Reykdalsson, rannsóknarsvið

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN Núna er meirihlutinn í framkvæmdastjórn konur.

HÁSKÓLINN Á AKUREYRI Efnafræði er snar þáttur í grunngreinum skólans. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Rafbók í efnafræði gefin út:

Kennsluefni á rafrænu formi

MENNTAMÁL Námsefni í efnafræði fyrir háskólastig verður gefið út á rafrænu formi í fyrsta sinn nú í haust. Sigurður Bjarklind aðjúnkt og Andri Gylfason lífefnafræðingur, báðir við Háskólann á Akureyri, tóku saman rafbókina sem ber heitið Grunnatriði efnafræðinnar.

Í tilkynningu frá skólanum segir að bókin innihaldi meðal annars krækjur á fyrirlestra um ýmis hugtök og allar töflur og myndir séu stækkanlegar. Munu nemar fá aðgang að námsefninu í gegnum tölvupóst. - bá

BORGARSTJÓRI Dagur B. Eggertsson opnaði fimmta frisbígolfvöll borgarinnar í gær.

Vellirnir orðnir fimm talsins:

Opnaði nýjan frisbígolfvöll

ÍÞRÓTTIR Dagur B. Eggertsson borgarstjóri opnaði í gær nýjan frisbígolfvöll í Laugardal. Þrír nýir vellir hafa verið opnaðir í borginni í sumar.

„Vellirnir er frábær viðbót í útivistarflóru borgarinnar. Þeir bjóða upp á skemmtilega hreyfingu fyrir alla fjölskylduna. Það sést best á því hvað þeir eru mikið notaðir og ánægjulegt að geta spilað frisbígolf í fimm hverfum borgarinnar: Laugardal, Fossvogsdal og Breiðholti, auk Klambratúns og Gufuness," sagði borgarstjóri í tilkynningu Reykjavíkurborgar um opnunina. - hg

VIÐSKIPTI

Tómas hættir í stjórn Nova

Tómas Ottó Hansson, stjórnarformaður fjarskiptafyrirtækisins Nova, hefur látið af störfum og mun nýr stjórnarformaður taka við í september. Viðskiptablaðið greinir frá þessu. Tómas hafði gegnt starfinu frá 2007.

GERÐU SKÓLAINNKAUPIN Á RÉTTUM STAÐ!

VILDARVERÐ
6.999 kr.
áður 13.999 kr.

Skólataska
Hello Kitty

VILDARVERÐ
9.999 kr.
áður 16.999 kr.

Bakpoki
Beckman street junior

Verð
219 kr.
stk

Blýantur HB
með gúmmígripi

Verð
299 kr.
stk

Teygjumappa A4 úr plasti

Verð
169 kr.
áður 299 kr.

Þrefaldur lokaður yddari

Verð
199 kr.
stk

Gatapokar A4, 10 stk. í pakka

5% afsláttur af ÖLLUM VÖRUM einnig tilboðum

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

Álfabakka 14b, Mjódd
Akranesi - Dalbraut 1
Penninn - Hallarmúla 4

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77

Verð 49 kr. áður 139 kr.

Plastmappa A4
með glærri forsíðu

Verð 239 kr. áður 269 kr.

Stóra sögubókin mín A4

Verð 219 kr. áður 269 kr.

Stóra reikningsbókin mín A4

Verð 199 krónur

Stílabók A4

Verð 119 kr. áður 299 kr.

Trélitir, þríhyrndir

Verð 199 kr. stk

Strokleður

Verð 199 krónur

Stílabók A5

Verð 149 kr. stk

Límstifti 21g

KLÁRAÐU SKÓLAINNKAUPIN Í ÖRFÁUM SMELLUM Á EYMUNDSSON.IS

www.eymundsson.is/skoli

1. Svæði
2. Skóli
3. Bekkur

Finndu þinn skólalista og klárað innkaupin á vefnum okkar. Veldu að sækja í verslun okkar Hallarmúla 4 eða fá pakkann sendan heim að dyrum.

www.eymundsson.is/skoli

Smelltu þér í skólann!

Smáralind
Strandgötu 31, Hafnarfirði
Keflavík - Sólvallagötu 2

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Vestmannaeyjum - Faxastíg 36
Kringlunni

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl. Gildistími tilboða er 22. ágúst eða á meðan birgðir endast.

Matís býður upp á nýjungar:

Kynnir kálduft og perlubygg

NÝSKÖPUN Matís ætlar að standa fyrir kynningu á nýjum matvælum á Menningarnótt og bjóða þá upp á perlubygg og lífrænt vottað duft úr káli sem notað er til safagerðar. Vörurnar eru afrakstur nýsköpunar- og þróunarverkefnisins „Nýsköpun í norræna líf-hagkerfinu“. Verkefnið skilaði af sér 30 vörutegundum frá Íslandi, Grænlandi og Færeyjum.

Kynningin verður haldin í utanríkisráðuneytinu á milli klukkan 14 og 17 á laugardag. **-hg**

Tæpar fjórar vikur eru eftir af hvalveiðitímabilinu sem hófst fimmtánda júní síðastliðinn:

88 langreyðar hafa verið veiddar í sumar

HVALVEIÐAR Síðan hvalveiðitímabilið hófst 15. júní síðastliðinn höfðu 88 langreyðar verið dregnar að landi í Hvalstöðinni í Hvalfirði í fyrradag. Leyfi er fyrir veiðum á 154 langreyðum á þriggja mánaða tímabili og enn er því töluverður tími til að fylla kvótann.

„Þetta hefur gengið þokkalega vel. Þetta eru aðeins færri dýr en á sama tíma í fyrra. Það er búið að vera erfitt tíðarfar en þetta kemur allt,“ segir Gunnlaugur Fjólar Gunnlaugsson, stöðvarstjóri Hvals í Hvalstöðinni, aðspurður.

Veiðarnar hafa farið fram fyrir austan Surtsey en þar hefur ekki verið veitt undanfarin ár. „Hún er eitthvað á eftir ætti þarna,“ segir Gunnlaugur Fjólar. Um 150 manns sinna störfum sem tengjast veiðunum. Níutíu eru í vinnslunni í Hvalfirði, auk hvalveiðimanna og þeirra sem starfa á Akranesi og í Hafnarfirði. Hvalkjötið sem veiðist fer allt á Japansmarkað og segir Gunnlaugur ekkert mál að selja það þangað. **-fb**

LANGREYÐUR Í HVALFIRÐI Leyfi er fyrir veiðum á 154 langreyðum á þessu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

SKÚLI MOGENSEN Wow air segir upp tveimur stjórnendum þrátt fyrir metsumar hjá félaginu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hröð starfsmannavelta:

Fleiri uppsagnir hjá Wow air

VIÐSKIPTI Tómasi Ingasyni og Arnari Má Arnþórssyni, framkvæmdastjórum hjá Wow air, var sagt upp störfum í vikunni eftir aðeins nokkra mánuði í starfi. Tómas var forstöðumaður viðskiptaþróunarsviðs Wow og Arnar Már framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs.

Þeir bætast í nokkuð stóran hóp lykilmanna sem félagið hefur sagt upp undanfarin tvö ár. Í samtali við vefinn turisti.is, sem fyrst greindi frá, segir Svanhvít Friðriksdóttir, upplýsingafulltrúi Wow, að dræm sala sé ekki ástæða uppsagnanna. Félagið hafi sett met í sumar og útlit sé fyrir gott haust og vetur. **-bá**

STEFÁN SIGURÐSSON Forstjóri Vodafone kynnti uppgjörið á fundi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Uppgjör Vodafone kynnt:

Auknar tekjur af sjónvarpi

FJÖLMIÐLAR Tekjur Vodafone af sjónvarpi halda áfram að hækka. Þetta kom fram á kynningarfundi fyrir uppgjör fyrirtækisins á öðrum ársfjórðungi, en fundurinn var haldinn í gærmorgun.

Tekjur af sjónvarpi námu 413 milljónum núna en 365 milljónum á sama tíma í fyrra og nemur aukningin þrettán prósentum.

Mestu tekjurnar eru enn af farsíma, eða 1.232 milljónir. Þær voru 1.335 milljónir í fyrra og lækka því um átta prósent. **-jhh**

TYRKLAND

Nýr forsætisráðherra

Recep Erdoğan, forsætisráðherra Tyrklands og verðandi forseti, hefur tilkynnt að utanríkisráðherrann Ahmet Davutoğlu verði næsti forsætisráðherra landsins. Erdoğan mun sjálfur taka við forsetaembættinu þann 28. ágúst.

Góðærisskipulagið lagað að nýrri tíð

Í góðærinu var sveitarstjórnarmönnum umhugað um að fjölga íbúðum í Borgarnesi. Síðan þá hefur íbúum bæjarins fækkað og um fimmtíu íbúðir eru tómar. Nýjar áherslur gera því ráð fyrir athafnastarfsemi en ekki íbúum í Brákarey.

SKIPULAGSMÁL Gert var ráð fyrir allt að sjötíu íbúðum í Brákarey í deiliskipulagsforsögn árið 2008. Þar var einnig gert ráð fyrir hóteli, verslun og bílageymslu með 150 stæðum.

Nú er hins vegar verið að breyta aðalskipulagi og taka mið af mjög breyttum tímum og aðstæðum.

Tómar íbúðir í Borgarnesi eru nú á bilinu 50 til 60 að sögn Björns Bjarka Þorsteinssonar, forseta bæjarstjórnar. Svo er mikill fjöldi íbúða á samþykktum deiliskipulagsáætlunum svo ljóst var að ekki yrði unnt að gera íbúabyggð í Brákarey.

Í breytingum á aðalskipulagi, sem auglýst var á vef sveitarfélagsins í gær, sjást nýju áherslurnar en þar er nú gert ráð fyrir að auka atvinnumöguleika og skapa aðstöðu fyrir frumkvöðla og athafnasamt fólk.

„Við höfum reynt að hafa til jarðveginn og svo hefur fólkið sáð í hann,“ segir Björn Bjarki um þá fjölbreyttu starfsemi sem fram fer í eynni í sátt við nýju breytingarnar.

Þar er nú Fornbílafélag Borgarfjarðar með samgöngusafn, Golfklúbbur Borgarness með golfhermi og aðstöðu fyrir menn til að æfa púttin og svo Skotfélag Vesturlands með inniaðstöðu.

Þar að auki er svo áhugahópur búinn að taka til hendinni við að koma svokölluðu Grímshúsi í sómasamlegt stand en það var byggt árið 1942 af útgerðarfélaginu Grími.

Í Brákarey eru einnig María Sigurjónsdóttir og Þorsteinn Máni Árnason bátasmiðir með aðstöðu sína. Þau eru langt komin með að klára bát en framtíð hans hefði verið í hættu ef gamla skipulagið frá góðæristíð hefði haldið.

Ekki verður lagt fyrir þau að fara með bátinn þegar hann kemst á flot en gert er ráð fyrir smábátahöfn við Brákarey en hún var einnig í fyrra skipulagi.

Áður fyrr var Borgarnes kjötvara með umfangsmikla starfsemi í Brákarey. Sveitarfélagið keypti svo allar eignir þess fyrir um áratug nema stórgripasláturhúsið. Í því húsi mun Sláturhús Vesturlands hefja starfsemi sína þegar nýtt aðalskipulag tekur gildi.

jse@frettabladid.is

BRÁKAREY Ekki vantar mannlífið í Brákarey þó ekki verði þar íbúabyggð eins og gert var ráð fyrir á góðæristímum.

50-60

tómar íbúðir er nú að finna í Borgarnesi.

> **Við höfum reynt að hafa til jarðveginn og svo hefur fólkið sáð í hann.**
>
> *Björn Bjarki Þorsteinsson.*

FRAMKVÆMDIR Í GANGI Bekkjunum af neðri hæð hússins hefur þegar verið komið í fóstur. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

11 sæta lengjur í boði:

Stólarnir seldir úr Gamla bíói

FÓLK Stólarnir af efri svölum Gamla bíós eru nú auglýstir til sölu á vefnum bland.is. Framkvæmdir standa yfir í húsinu um þessar mundir til að færa það aftur í upprunalegt horf.

Öll 180 sætin á efri hæðinni eru föl, fyrir þrjú þúsund krónur hvert. Að sögn seljanda er þó nauðsynlegt að selja nokkur sæti saman þar sem um sætalengjur er að ræða og sætin gætu skemmst við að taka þær í sundur. Þriggja sæta lengjurnar eru sagðar hafa selst upp „samstundis“ en í lengstu röðunum sem eru í boði eru ellefu sæti. **- sój**

Götulokanir um helgina:

Aðgengi tryggt á Menningarnótt

ÖRYGGISMÁL Nær öllum miðbænum verður lokað fyrir umferð á Menningarnótt. Rúmlega 40 stofnanir, félagasamtök og sérfræðingar koma að útfærslu götulokana. Einar Bárðarson, forstöðumaður Höfuðborgarstofu, segist vonast eftir skilningi.

„Eins og sýndi sig þegar bruninn var í Skeifunni í vor þá getur ýmislegt komið fyrir og okkar ábyrgð liggur í að reyna að tryggja aðgengi ef slíkt gerðist,“ segir Einar. **- bá**

Verðlagseftirlit ASÍ kannaði síðastliðinn þriðjudag verð á nýjum og notuðum skólabókum:

Næstum helmings verðmunur á bókum

NEYTENDUR Griffill er oftast með lægsta verðið á nýjum bókum fyrir framhaldsskóla samkvæmt verðkönnun verðlagseftirlits ASÍ sem gerð var síðastliðinn þriðjudag.

Eymundsson var aftur á móti oftast með hæsta verðið. Í helmingi tilvika var 30-45 prósenta verðmunur á hæsta og lægsta verði verslananna.

Einnig var mikill munur á verði skiptibókamarkaðanna. A4 var oftast með hæsta útsöluverðið á notuðum skólabókum og var álagningin þar mest, eða um 60-80 prósent. Griffill var oftast með lægsta verðið og í um 40 prósent tilvika var sama innkaups- og útsöluverð á notuðum bókum hjá Griffli og Eymundsson.

Á vefsíðu sinni segir Alþýðusamband Íslands mikilvægt að námsmenn hafi hugfast að verð á algengum bókartitlum breytist oft ört og einnig úrval notaðra bóka á skiptimörkuðum.

Í verðlagskönnuninni á þriðjudaginn var kannað verð á nýjum bókum í sex verslunum, eða Bóksölu stúdenta Háskólatorgi, Eymundsson Kringlunni, A4 Skeifunni, Griffli Laugardalshöll, Forlaginu Fiskislóð og Bókabúð Iðnú Brautarholti.

Þar var skoðað verð á 32 algengum nýjum námsbókum og borið saman innkaups- og útsöluverð á 25 notuðum námsbókum á þremur skiptibókamörkuðum.

Kannað var verð á notuðum bókum í þremur verslunum í Reykjavík, eða Eymundsson Kringlunni, A4 Skeifunni og Griffli Laugardalshöll. **- ebg**

35-45%

Í helmingi tilvika var á milli 30-45 prósenta verðmunur á hæsta og lægsta verði verslananna.

SKIPTIBÓKAMARKAÐUR Álagning á mörkuðum í könnuninni var allt frá engri upp í 80 prósent. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Skerðingin verði afturkölluð:

Vill hækka sóknargjöld

STJÓRNSÝSLA Starfshópur um fjárhagsleg málefni þjóðkirkjunnar leggur til að trúfélagið og ríkið semji um að hækka sóknargjöld um 135 milljónir króna á ári til 2017. Einnig er lagt til að samið verði um að draga til baka skerðingu á sóknargjöldum til að ákvæði laga um gjöldin komi til framkvæmda á ný. Á vef ráðuneytisins segir að hópurinn telji aðgerðirnar gera söfnuði kirkjunnar jafnsetta stofnunum ráðuneytisins varðandi niðurskurð. - hg

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands var haldinn um síðustu helgi:

Styttist í arðbæra skógrækt

SKÓGRÆKT Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands var haldinn á Akranesi um síðustu helgi og heppnaðist hann afar vel.

„Það sem stendur upp úr er að það styttist óðum í að ræktun skógar verði arðbær atvinnuvegur þegar til framtíðar er litið," segir Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, og bætir við að undanfari þess sé samningur sem var gerður við Elkem fyrir nokkrum árum. Hann snýst um að félagið grisji skóga og selji viðinn m.a. til Elkem og síðar meir hugsanlega til verksmiðja sem eiga að rísa á Bakka og á Reykjanesi.

„Í langri framtíð vitum við að það er eftirspurn eftir viði og við munum aldrei geta fullnægt henni að fullu á næstu árum og áratugum. En það er ánægjulegt að vita af þessum möguleika að á sama tíma og þú ert að byggja upp skóg getir þú selt grisjunarviðinn," segir Magnús. „Þó að ábatinn sé ekki verulegur stendur þetta undir kostnaði."

Síðastliðið vor var þingsályktunartillaga einmitt samþykkt á Alþingi um að stórefla skógrækt á Íslandi sem arðsama atvinnugrein. Á aðalfundinum var því jafnframt fagnað að í nóvember í fyrra var skrifað undir samning um 35 milljóna króna framlag á ári næstu fimm árin í nýskógrækt, eða landgræðslu. Síðan átakið hófst árið 1990 hefur að meðaltali verið plantað um 7-800 þúsund plöntum á ári hverju. - fb

MAGNÚS GUNNARSSON Formaðurinn við setningu aðalfundar Skógræktarfélags Íslands á Akranesi.
MYND/RAGNHILDUR FREYSTEINSDÓTTIR

PRAYUTH CHAN-OCHA Nýi forsætisráðherrann hættir sem herforingi í næsta mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Forsætisráðherra Taílands:

Herforinginn einróma kosinn

TAÍLAND, AP Prayuth Chan-ocha, herforinginn sem steypti stjórn Taílands af stóli nú í vor, var í gær kosinn forsætisráðherra landsins.

Það var þjóðþing landsins sem kaus hann einróma í embættið, en hann var eini frambjóðandinn. Hann hættir sem herforingi í næsta mánuði, en hefur í reynd gegnt hlutverki forsætisráðherra frá því í maí.

Herinn í Taílandi steypti lýðræðislega kjörinni stjórn landsins af stóli í maí eftir að margra mánaða mótmæli gegn stjórninni höfðu kostað tugi manna lífið. - gb

FÉLAGINU STEFNT Útgerðin flutti á árinu frá Húsavík til Grindavíkur.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ógreidd laun starfsfólks:

Vísi stefnt fyrir Félagsdóm

KJARAMÁL Starfsgreinasamband Íslands hefur fyrir hönd stéttarfélagsins Framsýnar stefnt útgerðarfélaginu Vísi fyrir Félagsdóm. Málið snýr að rekstrarstöðvun sem Vísir boðaði þann 1. apríl síðastliðinn vegna hráefnisskorts.

Starfsgreinasambandið telur að ekki hafi verið forsendur til að senda starfsfólk heim án launa líkt og gert var, þar sem stöðvunin hafi verið vegna niðurlagningar starfsstöðvar en ekki hráefnisskorts. Félagið hafi átt óveidd um tvö þúsund tonn þorskígilda á þessum tíma og því enginn raunverulegur skortur til staðar. -bá

BJÖRGUN

Sjómaður sóttur með þyrlu

Sjómaður slasaðist á hálsi um borð í erlendum togara í fyrrinótt djúpt út af Vestfjörðum. Hann var sóttur með þyrlu og fluttur á slysadeild Landspítalans. Reiknað er með að hann verði fljótlega útskrifaður af spítalanum.



SKOÐUN

Hættumat vegna eldstöðva er nauðsynlegt:

Með hugann við hætturnar

Bárðarbunga, eitt öflugasta og hættulegasta eldfjall Íslands, hefur látið á sér kræla að undanförnu og átt sviðið í fréttum vikunnar. Gos í fjallinu eða nálægt því gæti framkallað gífurlegar hamfarir, sérstaklega ef gýs undir mörg hundruð metra þykkri jökulhettunni. Þá getur jökulhlaup frá fjallinu ógnað byggðum og mannvirkjum í mörg hundruð kílómetra fjarlægð.

Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Jarðvísindunum hefur fleygt svo fram að það er hægt að vakta eldfjall eins og Bárðarbungu margfalt betur en fyrir fáeinum árum, að ekki sé talað um á öldum áður, þegar engin leið var að vara fólk við eldsumbrotum. Það er því ekki líklegt að gos í Bárðarbungueldstöðinni komi okkur að óvörum og valdi til dæmis stórfelldu manntjóni. Samt er full þörf á að hafa varann á. Samfélag nútímans, með sínum samgöngu- og fjarskiptamannvirkjum, flugsamgöngum og svo framvegis, er á vissum sviðum viðkvæmara fyrir áhrifum náttúruhamfara en það var áður.

Fréttablaðið fjallaði um það í gær að jarðhræringarnar við Bárðarbungu nú eru í raun framhald hrinu sem hófst árið 2007. Vorið 2010 var aftur talsverður órói í fjallinu og þá vöktu starfsmenn Almannavarna athygli á að ekki væri til sérstakt hættumat og viðbragðsáætlun vegna goss í Bárðarbungu, líkt og unnið hefði verið vegna Kötlu og Mýrdalsjökuls. Þá var sömuleiðis bent á að gos í Bárðarbungu gæti jafnvel orðið afdrifaríkara en gos í Eyjafjallajökli, sem þá var nýafstaðið, vegna hættu á hamfaraflóðum sem meðal annars gætu farið niður Jökulsá á Fjöllum.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær er hvorki hættumat né viðbragðsáætlun vegna Bárðarbungu tilbúið fjórum áður síðar. Málið er hins vegar í vinnslu sem hluti af víðtæku og heildstæðu hættumati vegna eldgosa, sem vinna hófst við árið 2011.

Sigrún Karlsdóttir, náttúruvárstjóri Veðurstofu Íslands, sagði í blaðinu að mikilvægast væri að vinnan væri hafin, þótt ekki hefði enn tekizt að ljúka hættumati fyrir Bárðarbungu. Framgangur og staða verkefnisins væri hins vegar „háð því fjármagni sem sé til verka hverju sinni“ og æskilegast væri að hættumat lægi fyrir um alla náttúruvá á Íslandi.

Þegar Fréttablaðið fjallaði um hættumatið sumarið 2012 kom fram að verkefnið myndi í heild kosta hundruð milljóna króna, en eingöngu var tryggt fé upp á einhverja tugi milljóna á ári næstu þrjú árin.

Það er augljóslega mikilvægt verkefni að ljúka gerð hættumats og viðbragðsáætlana fyrir allar helztu eldstöðvar landsins. Við búum í hættulegu landi, þar sem náttúruöflin geta reglulega gert okkur verulega skráveifu. Það skiptir máli að hafa hugann við þessar hættur og vera viðbúin hamförunum til þess að þær valdi ekki meiri hættu eða tjóni en nauðsynlegt er. Fjárfesting í slíkum viðbúnaði getur skilað sér margfalt til baka. Það þarf að huga að henni til langs tíma, líka þegar þrengingar eru í ríkisfjármálum.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Ekkert samráð

Verkalýðshreyfingin segir að ríkisstjórnin hafi ekki haft neitt samráð við hana um hugsanlegar skattabreytingar og við það eru menn afar ósáttir. Margir töldu að þeir hefðu fengið loforð frá ríkisstjórninni þess efnis. Gylfi Arnbjörnsson segir að það sé engin samræða í gangi milli þessara tveggja póla. ASÍ og aðildarfélög þess eru að fara í samningaviðræður við atvinnurekendur, enda samningar lausir um áramót, og þó að ríkisstjórnin sé ekki aðili að samningunum þá skapar hún ytri umgjörð samninganna. Það gæti kannski auðveldað samningagerðina, ef ríkisstjórnin kallaði aðila vinnumarkaðarins á fund og gerði grein fyrir áformum sínum.

Bruðl í ráðuneyti

Vigdís Hauksdóttir, formaður fjárlaganefndar Alþingis, hefur stimplað sig inn sem einn harðasti fjárgæslumaður þjóðarinnar. Hún fussar og sveiar á fésbókinni yfir ráðningu Guðfinns Sigurvinssonar fréttamanns í stöðu upplýsingafulltrúa umhverfisstofnunar. Vigdís spyr hvers vegna opinberar stofnanir séu með upplýsingafulltrúa og mannauðsstjóra og kallar það bruðl. Kannski ætti Vigdís að kynna sér kenningar um mannauðsstjórnun og mikilvægi þess að stjórnsýslan geti látið í té upplýsingar hratt og örugglega.

Ekkert lært

Framsóknarkonan Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir virðist fátt hafa lært. Nú dregur hún í efa niðurstöður greiningar á hatursorðræðu í ummælakerfum íslenskra vefmiðla og telur vinnubrögðin ómarktæk. Það var Mannréttindaskrifstofa borgarinnar sem vann greininguna og niðurstöðurnar voru í stuttu máli þær að víða hefði mátt greina fordómafulla umræðu í garð múslima í tengslum við byggingu mosku í Reykjavík en fátt annað var rætt í aðdraganda kosninganna í vor. Það var Sveinbjörg Birna sem kom þeirri umræðu af stað og hún virðist vilja halda henni áfram.

johanna@frettabladid.is

HALLDÓR

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson
ÚTGEFANDI: Kristín Þorsteinsdóttir **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is*, Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN
Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið landsins með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448
eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára

Menningarnótt – einnar nætur gaman?

MENNINGARNÓTT
Björn Blöndal
formaður borgarráðs

Menningarnótt, sem reyndar fer ekki minna fram að degi til, er haldin á morgun. Þetta er fjölsóttasta menningarhátíð landsins og hefur verið það lengi. Það er beðið eftir Menningarnótt með eftirvæntingu enda ótrúlega fjölbreytt dagskrá, allt frá íþróttum til menningar í hæstu hæðum. Menningarnótt er grasrótarhátíð. Reykjavíkurborg ásamt samstarfsaðilum býr til rammann og svo fylla þeir sem hafa áhuga og getu inn í hann.

Rétt er að hafa í huga að menning er ekki einnar nætur gaman. Menning og listir eru að mínu mati undirstaða heilbrigðs og góðs samfélags. Menningin er form samskipta, kannski þróaðasta form sem til er. Ef ekki væri fyrir menningu þá værum við ekkert svo frábrugðin öðrum dýrategundum, menning og húmor er það sem gefur okkur forskot hér á jörð og þó víðar væri leitað.

Þegar rætt er um fjárframlög opinberra aðila til menningar er gjarnan talað um bruðl og gæluverkefni. Fjárframlög til menningar eru jafnvel tengd við niðurskurð í heilbrigðisþjónustu eða eitthvað þaðan af verra. Þegar kemur að heilbrigði þjóðarinnar þá er sennilega fátt sem hefur eins góð áhrif og menning og listir.

➜ Vínarpylsur og bjúgu eru ekki grunnurinn að sjálfsmynd íslensku þjóðarinnar, það er listin.

Íslendingar hafa brallað margt síðan land byggðist en það er þó í raun bara tvennt sem þetta land er verulega þekkt fyrir að góðu; náttúra og list. Ef það væri gerð könnun á því fyrir hvað Ísland er þekkt meðal útlendinga þá myndu sennilega flestir nefna Björk og svo náttúruna. Margir listamenn hafa getið sér gott orð erlendis og fjöldi fólks sækir landið heim á ári hverju beinlínis vegna aðdáunar á íslenskri list.

Á morgun munu hundruð listamanna bjóða okkur að njóta sköpunar sinnar. Við munum í leiðinni njóta samvista við hvert annað.

Vínarpylsur og bjúgu eru ekki grunnurinn að sjálfsmynd íslensku þjóðarinnar, það er listin. Gleðilega Menningarnótt.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is*
DÆGURMÁL: Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

Líklega besta vínbúð í heimi

Í DAG
Pawel Bartoszek
stærðfræðingur

Auglýsing frá ÁTVR: Ung kona missir ökuskírteinið ofan í blandara þegar hún er að búa til boozt. Atburðarásin er summeruð upp með ummælunum: „Vissir þú að 4,2% allra skilríkja eyðileggjast í blandara?“

Stærðfræðingurinn verður forvitinn. Hvað eiga þessar fullyrðingar eiginlega að merkja? Hver er hlutinn og heildin í þessum prósentureikningi? Er þetta fjöldi skilríkja sem endað hafa í blandara deilt með öllum skilríkjum sem búin hafa verið til?

Ég á erfitt með að trúa því að ÁTVR hafi tekið stikkprufu af 500 viðskiptavinum sínum og að 21 þeirra hafi misst nýjustu skilríkin sín ofan í blandara. Eða að 14% viðmælenda hafi eyðilagt skilríkin sín í þvottavél. Er vísað til afsakana sem ungt fólk gefur? Varla í alvörunni. Í minni ædsku var „gleymdi þeim heima“ nánast eina afsökunin sem einhver gaf.

Grínigrín

Ég þykist raunar vita að þetta sé grín. Tölurnar eru upplognar og þýða ekki neitt. Ég sendi vinum mínum í ÁTVR fyrirspurn um hvort þetta væru alvörutölur eða grín en ég hef ekki fengið svar. Kannski má saka mig um Evrópumet í pedantisma en ég er ekki viss um hvort mér finnst það alveg fullkomlega í lagi að opinber stofnun skáldi upp tölfræði í auglýsingum.

Til gamans. Í lögum segir:

„Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki eru brenndar, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir fallnar til að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi sem lög þessi taka til.“

Ef einhver myndi kæra þessar auglýsingar til lögreglu þá myndi málsvörn ÁTVR væntanlega vera sú að lygarnar væru ekki sérstaklega fallnar til þess að fá fólk til að kaupa meira áfengi. Menn væru því bara að ljúga til að vera fyndnir en ekki að ljúga í neinum markaðslegum tilgangi. Þétt vörn.

Til hvers að auglýsa?

Stofnun ætti ekki að þurfa að auglýsa það sérstaklega að hún ætli sér að fara að lögum. Henni ætti að duga einfaldlega að gera það.

En auglýsingarnar þjóna ekki bara þeim tilgangi að láta fólk undir tvítugu vita að það geti ekki keypt áfengi löglega. Þau lög þekkja allir sem lögin snerta. Tilgangurinn með herferðinni er ekki síst að sannfæra alla aðra um að ÁTVR sé einmitt þannig fyrirtæki, fyrirtæki sem selur ekki áfengi til fólks undir áfengiskaupaaldri. Þar með planta menn þeirri dulbúnu gagnályktun að ef aðrir fengju að selja áfengi þá myndu þeir gera það. Það kæmi ekki á óvart ef við fengjum að sjá fleiri svona auglýsingar með haustinu, auglýsingar þar sem vingjarnleg móðurleg afgreiðslukona neitar Sollu stirðu um Breezer og bendir henni á að koma aftur eftir afmælisdaginn.

> Kannski má sjá húmorinn í því að opinber stofnun skyldi búa til platprósentur til að fegra óbeint ímynd sína.

Gleymum svo ekki öðru. Auglýsingar eiga að planta hugmyndum í huga fólks. Fólk sér kók í auglýsingu og fólk langar í kók. Að sama skapi má velta því fyrir sér hvort auglýsingar ríkiseinokunarverslunar með áfengi hafi ekki bara nákvæmlega sömu áhrif. Fólk sér jákvæða, fyndna auglýsingu frá einhverju fyrirbæri sem heitir „Vínbúð“ og fólk fer að langa að versla við það fyrirbæri.

Ágætt fordæmi

Einn er þó kostur við þessar auglýsingar ÁTVR. Þegar áfengissala verður gefin frjáls munu nýjar vínbúðir geta auglýst starfsemi sína undir þeim formerkjum að þar vinni hresst fólk sem fari að lögum. Svo lengi sem menn nefna ekki einstakar áfengistegundir ætti slíkt að vera í lagi. Lagalegt fordæmi er komið.

Kannski ætti maður ekki að vera svona stífur. Kannski má sjá húmorinn í því að opinber stofnun skuli búa til platprósentur til að fegra óbeint ímynd sína. Kannski sjá allir að þetta er grín. En stífa karlinn langar samt að segja: „Látið prósenturnar vera. Þær hafa þolað nóg. Og ef einhver biður ykkur um heimildir, komið þá með heimildir. Ekki afsakanir.“

Hvernig auka má sölu á rafbílum

SAMGÖNGUR

Grímur Brandsson
skriftvélavirki

→ Stærstan hluta ársins rúmast innanbæjarakstur hins almenna borgara innan 100 kílómetra

Ljóst er að aukinn innflutningur er á rafmagnsbílum, og að allir séu sammála um jákvæða þætti þess að nota innlenda ódýra orku til að komast milli staða. Eftir stendur sú staðreynd að við Íslendingar þurfum stöku sinnum að komast út fyrir borgarmörkin, keyra ögn fleiri kílómetra á eldri og stærri bílum, og fara upp á fjöll á eldri jeppum sem eru á landinu í dag. Hugmynd þessi er ekki ný, og hafa Svisslendingar haft þann háttinn á lengi að eiga tvo bíla en aðeins eitt bílnúmer. Þeir hafa haft þörf fyrir að komast hratt á hraðbrautum og svo kröftuga bíla til að fara upp til fjalla. Þeir ákváðu fyrir talsvert löngu að innleiða form þar sem hver og einn gat átt í það minnsta tvo bíla, og aðeins eitt númer, og þannig aðeins eina tryggingu á báða bílana. Eina skilyrðið var að viðkomandi bílnúmer yrði að færa á milli og ekki var hægt að nota báða bíla samtímis. Við vitum það hér á Íslandi að stærstan hluta ársins rúmast innanbæjarakstur hins almenna borgara innan 100 kílómetra rammans og þannig henta rafmagnsbílar einkar vel til slíks brúks. Eina ástæðan fyrir því að margir hika við að kaupa rafmagnsbíl, er einmitt sú að í um 2-3 mánuði á ári að meðaltali kemur upp þörf fyrir að nota stærri bíl til að draga hjólhýsið að sumri og fara til fjalla með skíðin og alla fjölskylduna samtímis. Ég spyr því alla sem lesa þetta hvort það sé ekki skynsamleg ákvörðun fyrir ríkið, að þeir sem það kjósa geti átt tvo bíla fyrir ólíka notkun? Slíkur möguleiki myndi auka jöfnum höndum nýtingu og kaup á rafmagnsbílum með tilheyrandi minnkun á mengun og innflutningi á eldsneyti en um leið nýta verðmæti eldri bíla umtalsvert.

AF NETINU

Betri tíð – meiri menning

Miðborgin í Reykjavík iðar af lífi – það er eitthvað annað en fásinnið sem var þegar ég var að komast til vits og ára. Þá voru sirka tvö kaffihús sem hægt var að sitja á, varla neinir matsölustaðir að heitið gæti, menningarviðburðir voru mjög stopulir og alltaf sama fólkið á þeim. Í gær vorum við sonur minn að koma af lokatónleikum jazzhátíðar í Reykjavík sem stóð í heila viku í Hörpu.

http://www.eyjan.pressan.is/silfuregils

Egill Helgason fjölmiðlamaður

Til leigu

Klettagarðar 6, stórt atvinnuhúsnæði

Reitir fasteignafélag bjóða til leigu 2.819 m² atvinnuhúsnæði fyrir umfangsmikla starfsemi. Aðkoma að húsinu er eins og best verður á kosið, bæði fyrir gesti og atvinnutæki. Um er að ræða rúmgóðan sal með þremur innkeyrsluhurðum, minni sal með innkeyrsluhurð, fallegt skrifstofurými á efri hæð, eldhús, snyrtingu og sturtuaðstöðu.

Kringlan 4–12 103 Reykjavík www.reitir.is 575 9000

Fiskislóð 10, skrifstofuhúsnæði

Reitir bjóða til leigu vandað 585 m² skrifstofuhúsnæði á annarri hæð á vinsælum stað, steinsnar frá miðbænum. Rýmið skiptist í opið rými, fundarherbergi, nokkrar lokaðar skrifstofur og rúmgóða starfsmannaaðstöðu.

Nánari upplýsingar veitir Halldór Jensson sölustjóri í **840 2100** eða **halldor@reitir.is.**

Reitir eru stærsta fasteignafélag landsins á sviði útleigu atvinnuhúsnæðis. Við leigjum út yfir 130 eignir af öllum stærðum og gerðum um allt land.

REITIR
Velkomin til starfa

HVALFJARÐAR SVEIT

OPIÐ HÚS VEGNA LÝSINGAR SKIPULAGSÁÆTLANA Í HVALFJARÐARSVEIT

Í undirbúningi er deiliskipulag fyrir olíubirgðastöð á Litla-Sandi. Lýsing skipulagsáætlunar var samþykkt á fundi sveitarstjórnar þann 8. júlí 2014.

Markmið deiliskipulags er að skilgreina 37 ha svæði á Litla-Sandi fyrir olíubirgðastöð. Gert er ráð fyrir þrem nýjum olíugeymum en að öðru leiti er ekki gert ráð fyrir nýjum mannvirkjum til viðbótar við núverandi mannvirki.

Haldið verður opið hús þann 25. ágúst 2014, kl. 10-14 í Stjórnsýsluhúsi Hvalfjarðarsveitar að Innrimel 3. Hagsmunaaðilar og almenningur eiga þar möguleika á að kynna sér efni lýsingar.

Lýsingin liggur enn fremur frammi í stjórnsýsluhúsi og á heimasíðu Hvalfjarðarsveitar, www.hvalfjardarsveit.is/skipulag/auglysingar, á tímabilinu 11. júlí - 1. september 2014.

Ábendingar við efni lýsinganna skulu vera skriflegar og berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi
þann 1. september 2014 á skrifstofu Hvalfjarðarsveitar, Innrimel 3, 301 Akranes, eða á netfangið skipulag@hvalfjardarsveit.is

Skipulagsfulltrúi Hvalfjarðasveitar

TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA
SÍMI 533 4040
kjoreign@kjoreign.is
Opnunartími mán-fös kl. 9-17
Dan V.S. Wiium hdl., lögg. fasteignasali

Kjöreign ehf

FASTEIGNASALA • Ármúli 21, Reykjavík • www.kjoreign.is

VEITINGASTAÐURINN ITALIANO TIL SÖLU

Glæsilegur pizzastaður er til sölu. Góð staðsetning við Hlíðasmára í Kópavogi. Rúmgott og vandað húsnæði og sæti fyrir 68 manns. Léttvínsleyfi. Öruggur og ábatasamur rekstur fyrir kraftmikið fólk.
Tilboð óskast.
Upplýsingar um eignirnar veitir Dan Wiium í síma: 896-4013.

Dan V.S. Wiium
hdl., og löggiltur fasteignasali

Ólafur Guðmundsson
Sölustjóri, sími: 896 4090

Jafnrétti og réttlæti á vinnumarkaði Norðurlanda og Evrópu

JAFNAÐARMENN Í NORÐURLANDARÁÐI
Helgi Hjörvar (Íslandi)
Karin Gaardsted (Danmörk)
Karin Åström (Svíþjóð)
Marit Nybakk (Noregi)
Tuula Peltonen (Finnlandi)

Sameiginlegur norrænn vinnumarkaður hefur í 60 ár reynst afar vel og hefur gefið hundruðum þúsunda Norðurlandabúa tækifæri til að sækja erlendis. Jafnaðarmenn á Norðurlandaráði vilja varðveita og styrkja sameiginlega vinnumarkaðinn og vinna því stöðugt að afnámi landamærahindrana, auknum tungumálaskilningi og hreyfanleika milli norrænu landanna.

Norræna módelinu hefur tekist að sameina jafnrétti og efnahagslega velgengni. En það er enn mikið verk óunnið til að ná fullu réttlæti og jafnrétti á vinnumarkaðnum.

Helstu áskoranir okkar í vinnumarkaðsmálum snúa nú að misrétti og atvinnuleysi sem víða þrífst. Ungt fólk, innflytjendur og fólk með fötlun á erfitt með að komast inn á vinnumarkaðinn. Eldra fólk á í erfiðleikum með að halda störfum sínum. Erlendir starfsmenn njóta lakari lífsgæða vegna lágra launa og félagslegra undirboða. Lægri laun, minni möguleikar á framgangi í starfi og erfiðleikar við að sameina vinnu og fjölskyldulíf er enn veruleiki flestra kvenna á vinnumarkaði.

Norrænt samstarf og okkar sameiginlegi vinnumarkaður veitir Norðurlöndunum einstakt tækifæri til að læra af reynslu hvert annars og leita lausna á vandamálum í sameiningu. Hinn nýi íslenski jafnlaunastaðall er dæmi um verkefni sem getur nýst til að varpa ljósi á og vinna gegn óútskýrðum launum kynjanna. Til að takast á við atvinnuleysi ungs fólks getum við horft til finnsku leiðarinnar sem tryggir atvinnulausum ungmennum starf eða starfsmán innan þriggja mánaða. Norska og danska námskerfið brúar mjög vel bilið milli skóla og vinnu og sænska fullorðinsfræðslan hefur reynst vel fyrir þá sem þurfa að afla sér viðbótarmenntunar eða þurfa annað tækifæri á vinnumarkaði.

Þegar kemur að baráttunni við félagsleg undirboð og svarta atvinnustarfsemi hafa Norðurlöndin valið mismunandi aðferðir og leiðir sem gefur okkur einstakt tækifæri til að meta hvaða ráðstafanir hafi reynst best. Jafnaðarmenn í Norðurlandaráði hafa því lagt fram tillögu sem hefur að markmiði að festa í sessi samningsbundin vinnuskilyrði og sanngjarna samkeppni og tryggja betur upplýsingjöf til erlendra starfsmanna og fyrirtækja um þær reglur sem gilda, réttindi þeirra og skyldur. Enn fremur hvetja jafnaðarmenn í Norðurlandaráði norrænu ríkisstjórnirnar til samstarfs um framkvæmd Evróputilskipunarinnar um útselda starfsemi til að tryggja skilvirkt eftirlit starfseminnar án þess að við það skapist nýjar landamærahindranir.

➜ Norræna módelinu hefur tekist að sameina jafnrétti og efnahagslega velgengni.

Í dag eru flest vinnumarkaðsmál Norðurlandanna tengd Evrópusambandinu. Við þurfum sameiginlegar reglur til að vernda starfsmenn og jafna kjörin á innri markaðnum, reglur sem nýtast öllum sem búa og starfa í Evrópu.

Jafnaðarmenn vilja að Norðurlöndin og Evrópa keppi í gæðum og framleiðni, en ekki í kapphlaupi í átt að botninum með lágum launum og lakari lífskjörum. Reynsla Norðurlandanna sýnir að aukið jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði og aukinn jöfnuður og sátt um launaþróun skilar aukinni framleiðni og hagsæld.

Þá vitneskju vilja jafnaðarmenn nýta til að framfylgja róttækri stefnu um jafnrétti og atvinnuöryggi um alla Evrópu.

Hvað viljum við?

Hvenær ætla stjórnvöld að staldra við og ræða fjármál þjóðarinnar af ábyrgð? Áratugum saman hefur ríkissjóður verið rekinn með halla, en nú er mál að linni.

Málið er einfalt, ríkið hefur ákveðið miklar tekjur á hverju ári og það eru þeir peningar sem þjóðin hefur úr að spila.

Hvenær ætla stjórnvöld að leggja það niður fyrir sig/þjóðina í hvað fólkið í landinu vill nota þessa peninga. Tekjur ríkissjóðs eru einfaldlega ekki nógu miklar til þess að við getum gert alla þá hluti sem stjórnvöld eru að reyna ár frá ári.

RÍKISFJÁRMÁL

Steinn kári Ragnarsson
fjölskyldufaðir

Vantar meiri pening

Við erum ekki með nægilega miklar tekjur til þess að...

- vera með besta heilbrigðiskerfi í heimi
- reka sendiráð úti um allan heim
- bora jarðgöng í gegnum annað hvert fjall á landinu
- halda úti sinfóníuhljómsveit á heimsmælikvarða
- halda úti lífeyrisréttindum ríkisstarfsmanna í núverandi mynd
- hafa stærsta partinn af vegakerfi landsins með bundnu slitlagi
- reka menntakerfi sem allar þjóðir heimsins geta stært sig af
- halda úti íslensku krónunni sem kostar okkur tugi ef ekki hundruð milljarða á ári
- hafa fleiri hundruð manns á listamannalaunum
- vera með ríkisútvarp/sjónvarp
- vera með 8 háskóla á Íslandi
- styrkja landbúnaðinn um tugi milljarða á ári

og svo framvegis.

➜ Það er augljóst að við fáum einfaldlega ekki nægilega miklar tekjur í ríkiskassann svo að við getum haldið öllu þessu gangandi.

Purfum að taka á vandanum

Með þessum orðum er ég ekki að segja að ég vilji ekki gott heilbrigðis- og menntakerfi eða ég vilji leggja af alla menningu á landinu. Ég vil leggja undir þjóðina hvaða verkefni fólkið í landinu vill veita peningunum okkar í. Það er augljóst að við fáum einfaldlega ekki nægilega miklar tekjur í ríkiskassann svo að við getum haldið öllu þessu gangandi, alveg sama hvað okkur finnst persónlega þá eru tekjurnar of litlar. Daginn sem við viðurkennum það fyrir okkur og tökum á vandanum fer okkur sem lítilli eyþjóð að ganga betur.

Kosið á fjögurra ára fresti

Þetta er ekki flókið í framkvæmd. Á fjögurra ára fresti er kosið um það hvað fólkið í landinu vill í raun og veru gera við peningana sem ríkið hefur úr að moða.

Með þessu móti taka allir landsmenn þátt í ákvarðanatökunni um það hvað við gerum við peningana okkar. Það er jú þannig að ef landsmönnum er gerð grein fyrir því að við höfum bara úr x upphæð úr að moða og meira eigum við ekki. Þá getur enginn verið ósáttur ef meirihluti þjóðarinnar vill framkvæma ákveðna hluti og aðra ekki. Þetta er eina ábyrga leiðin fyrir litla og fámenna þjóð eins og okkur Íslendinga til þess að verja þeim fáu krónum sem við höfum úr að spila sameiginlega. Með þessu móti má reka ríkissjóð réttum megin við núllið ár frá ári í sátt og samlyndi við allt og alla.

TRAUSTI fasteignasala

FATAVERSLUNIN MOMO ***EINSTAKT TÆKIFÆRI***

Vegna persónulegra aðstæðna höfum við fengið til sölu Fataverslunina MOMO á Garðatorgi. MOMO er 5 ára gömul verslun og var áður staðsett á Laugarveginum. leiguhúsnæðið er 187,5 fm. sem skiptist í 124,4 séreignarrými og 63,1 fm. hlutdeild í sameign. Verslunin er í fullum rekstri og hefur verið stöðug aukning á veltu.

Miklir möguleikar og gott tækifæri.
Verð: 8 millj.

Allar nánari upplýsingar hjá Guðbjörgu í síma 899-5949 eða **gudbjorg@trausti.is**

Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is, s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík

Liggurðu á skoðunum þínum? Það er algjör óþarfi. Sendu greinina þína á **greinar@frettabladid.is** og við komum henni á framfæri.

GRIFFILL
OFTAST MEÐ LÆGSTA VERÐIÐ!

Verðlagseftirlit ASÍ kannaði verð á nýjum og notuðum skólabókum fyrir framhaldsskóla í bókaverslunum á höfuðborgarsvæðinu sl. þriðjudag. Farið var í 6 verslanir og skoðað verð á 32 algengum nýjum námsbókum og borið saman innkaups- og útsöluverð á 25 notuðum námsbókum á þremur skiptibókamörkuðum.

Griffill er ódýrastur samkvæmt verðkönnun ASÍ. Grifill var oftast með lægsta útsöluverðið.

LAUGARDALSHÖLL

GRIFFILL MARKAÐUR!

GRIFFILL SÍMI: 533-1010
WWW.GRIFFILL.IS
LAUGARDALSHÖLL

OPNUNARTÍMAR:
MÁN-FÖS 10-22
LAUGARDAGUR 11-22
SUNNUDAGUR 13 - 22

GRIFFILL

HAMINGJUSAMUR KJÚKLINGUR

ÍSLENSKUR VELFERÐARKJÚKLINGUR

Litla gula Hænan stundar landbúnað þar sem **velferð** kjúklinganna er höfð að leiðarljósi í gegnum allt framleiðsluferlið. Kjúklingarnir hafa gott rými til að athafna sig og þegar veður leyfir fá þeir að fara út að leika. Allt fóður sem þeir fá er **óerfðabreytt**. Litla gula hænan notar **engin aukefni**.

Nýtt í Hagkaup

Marzetti salatdressingar
- 6 tegundir

Nýtt í Hagkaup

199 kr/stk
verð áður 249

599 kr/stk
verð áður 799

Ekta ítalskur Gelato og Sorbett

Núna er tíminn að fara út að tína
- allt í sultugerð

Gott verð!

199 kr/stk

Powerade

Gildir til 24. ágúst á meðan birgðir endast.

Nýtt í Hagkaup beint frá Ítalíu

Lífræn ítölsk hráskinka og salami

Melónur Cantaloupe

2gg kr/kg
verð áður 3gg

199 kr/kg
verð áður 2gg

Gular melónur

ÍSLENSKT NAUTAKJÖT

ÍSLANDS NAUT
Stolt kjötmeistarans

TILBOÐ
20%
afsláttur á kassa

ÍSLENSKT UNGNAUTA FILE
3.519 kr/kg
verð áður 4.399

ÍSLANDS NAUT
Stolt kjötmeistarans

UNGNAUTALUND
4.998 kr/kg
verð áður 5.999

ÍSLANDS NAUT
Stolt kjötmeistarans

TILBOÐ
25%
afsláttur á kassa

PIPARSTEIK ÚR INNANLÆRI
2.999 kr/kg
verð áður 3.999

HEIMSMEISTARANN FÆRÐU Í HAGKAUP - BEEMSTER OSTAR

Nýtt í Hagkaup

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

MERKISATBURÐIR

1809 Jörgen Jörgensen hundadagakonungur hrakinn frá völdum.

1922 Jón Kaldal setur Íslandsmet í 5.000 metra hlaupi, 15 mínútur og 23 sekúndur. Það stendur í þrjá áratugi.

1943 Um 800 marsvín rekur á land við Búlandshöfða á Snæfellsnesi og í nágrenni hans.

1981 Minnisvarði um Ara fróða Þorgilsson afhjúpaður á Staðastað á Snæfellsnesi.

1993 Kristján Helgason, 19 ára, verður heimsmeistari í snóker í flokki 21 árs og yngri á móti í Reykjavík.

†

Ástkær eiginmaður minn,
faðir, tengdafaðir og afi,

HILMAR HELGASON
bifreiðastjóri frá Gröf í Miklaholtshreppi,
Sóleyjarima 5,

lést á Landspítalanum við Hringbraut 16. ágúst. Útför hans fer fram frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 27. ágúst kl. 13.00.

Erla Sverrisdóttir
Brynja Hilmarsdóttir — **Þorbjörn Sigurðsson**
Helga Hilmarsdóttir — **Aðalsteinn Þorvaldsson**
Gréta Björg Hilmarsdóttir — **Ingvar Ólason**
og barnabörn.

†

Þökkum samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður og ömmu,

MAGNEU JÓNÍNU ÞORSTEINSDÓTTUR
sjúkraliða,
Hlíðarhúsum 3,
áður Arahólum 2, Reykjavík.

Þökkum starfsfólki á hjúkrunarheimilinu Eir fyrir góða umönnun og vinum og vandamönnum fyrir trygga vináttu.

Þór Vignir Steingrímsson
Ólafur Kristinn Ólafs — **Soffía G. Jóhannesdóttir**
Þorsteinn Ólafs — **Lára Kristjánsdóttir**
Halldóra Sigurlaug Ólafs, Magnea Jónína Ólafs
Þór Steinar Ólafs, Björg Magnea Ólafs,
Kristján Már Ólafs

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

SÓLVEIG JÓHANNSDÓTTIR MORÁVEK

lést á Landspítalanum 17. ágúst sl. Útför hennar fer fram þriðjudaginn 26. ágúst frá Kópavogskirkju kl. 13.00.

Anna Ragnheiður Morávek — **Lars Bergstrand**
Jóhann Morávek — **Kristín G. Gestsdóttir**
Nína María Morávek og barnabörn.

NÓG AÐ GERA Soffía segir nóg um að vera þessa dagana en tekur lífinu létt enda nýtur hún starfsins í Grafíkfélaginu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Boðberar þess að halda heiðri grafíkur á lofti

Félagið Íslensk grafík fagnar 45 ára afmæli sínu í ár. Jafnframt siglir formaðurinn, Soffía Sæmundsdóttir, inn í sitt síðasta ár sem formaður. Nóg er um að vera á afmælisárinu.

„Þetta er kröftugur félagsskapur. Fyrir fimm árum varð félagið fjörutíu ára og þá þrykktum við stéttina á Lækjartorgi með stórum valtara á refil. Það er spurning hvað við gerum eftir fimm ár. Við látum okkur detta eitthvað í hug. Það er ekkert ómögulegt," segir Soffía Sæmundsdóttir, formaður félagsins Íslensk grafík, sem einnig er kallað Grafíkfélagið.

Félagið fagnar 45 ára afmæli sínu í ár og er nóg að gera hjá félagsmönnum enda mikið í gangi. Í tilefni af afmælinu verður opnuð sýning í Artóteki Borgarbókasafns á Menningarnótt klukkan 18. Þar verða listaverk eftir félagsmenn til sýnis og eru þau öll í stærðinni 30x30 sentímetrar. Heiðursfélagi á afmælisárinu er Björg Þorsteinsdóttir og verða þrjú verk til sýnis eftir hana. Þá tók félagið einnig á móti grafíklistamönnum úr Boston Printmakers Association í vikunni en þeir komu gagngert til landsins til að njóta menningar, samfagna íslenskum félögum sínum á tímamótunum og kynna grafíklistina. Enn fremur verður verkstæði Grafíkfélagsins í Hafnarhúsinu opið á Menningarnótt frá klukkan þrjú til átta.

Soffía hlakkar til að opna verkstæði félagsins og vonast til að veita gestum innblástur.

„Við erum boðberar þess að halda grafík á lofti. Hefðin í grafík er gömul og við viljum viðhalda henni. Við sýnum gamlar aðferðir og hvernig þær eru unnar en síðan erum við líka að þróa miðilinn og sýna aðrar leiðir. Þetta er mjög vakandi miðill og mjög spennandi að skoða hann. Þessi miðill átti sinn blómatíma á áttunda áratugnum og grafíkin hefur gengið í gegnum ýmis skeið sem er gaman að skoða. Mér persónulega finnst alltaf þessi aðferð að þrykkja og sambandið við pappírinn skemmtilegust," segir Soffía.

Soffía er að sigla inn í sitt fjórða og síðasta ár sem formaður en Íslensk grafík kýs sér formann til fjögurra ára í senn. Henni líkar hlutverkið vel.

„Þetta er mjög skemmtilegt. Ég er líka sjálf með vinnustofu og mála og sýni og þess háttar en grafíkin snýst mikið um samskipti. Við stöndum fyrir sýningum, undirbúum heimsóknir erlendra gesta og sýnum erlendis svo eitthvað sé nefnt. Ég er svolítið allt í öllu og finnst mér það afskaplega gefandi, sérstaklega á Menningarnótt og Safnanótt þegar við opnum dyrnar og bjóðum fólki að ganga í bæinn."

> **Þetta er mjög vakandi miðill og mjög spennandi að skoða hann. Þessi miðill átti sinn blómatíma á áttunda áratugnum og grafíkin hefur gengið í gegnum ýmis skeið sem er gaman að skoða.**
>
> *Soffía Sæmundsdóttir*

En lumar hún á góðum ráðum fyrir næsta formann?

„Maður þarf alltaf að horfa fram í tímann. Það er til dæmis búið að standa yfir lengi að fá Boston Printmakers Association til landsins og ég trúi því varla að listafólkið sé komið. Nú þarf strax að fara að hugsa hvað við ætlum að gera eftir tvö ár. Maður þarf alltaf að vera aðeins á undan. Og einnig taka sig hæfilega alvarlega. Í listinni á fólk oft til að taka sig alvarlega en það er líka mikilvægt að hafa svolítið gaman. Borða góðan mat, drekka gott kaffi og spjall er líka hluti af lífinu og listinni."

liljakatrin@frettabladid.is

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

Þegar andlát ber að höndum
önnumst við alla þætti þjónustunnar með virðingu og umhyggju að leiðarljósi

Framúrskarandi fyrirtæki 2013

Við þjónum allan sólarhringinn
Vesturhlíð 2 - Fossvogi - Sími: 551 1266 - www.utfor.is

†



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir,
afi og langafi,

BJARNI GUÐMUNDUR GUÐJÓNSSON
Kleppsvegi 92, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut miðvikudaginn 13. ágúst. Útför hans fer fram frá Áskirkju í Reykjavík mánudaginn 25. ágúst kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarstofnanir.

Guðmundur Þorkell Bjarnasson
Gyða Bjarnadóttir
María Alfreðsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ

FERJAÐ FRÁ BÍLASTÆÐUM

Þeir sem fara á bíl í bæinn á Menningarnótt geta lagt í stór bílastæði við Borgartún 33 og við Íslandsbanka á Kirkjusandi. Mun strætó ferja fólk þaðan upp á planið við Hallgrímskirkju og til baka.

POPPAR UPP HÁRIÐ

ATC KYNNIR *Fyllt hár með mikilli lyftingu er það heitasta í hártískunni nú. Þetta veit snillingurinn Paul Mitchell sem mætir með Extra Body-hárlínuna til verksins.*

Lyfting og fylling í hárið er aðaltrendið í dag," segir Birna Jónsdóttir, hársnyrtimeistari og ráðgjafi hjá Arctic Trading Company (ATC).

Hún segir Extra Body-línuna frá Paul Mitchell gefa hárinu hámarksfyllingu.

„Aðalhártískan um þessar mundir er góð lyfting í hári og til að ná fram meiri lyftingu er frábært að nota Extra Body-hárvörurnar frá Paul Mitchell, sem gefa glæsta lyftingu og fyllingu í allar gerðir hárs, auk þess að gera við ysta lag hársins."

Paul Mitchell-fyrirtækið er stolt af því að hafa frá upphafi fylgt því að prófa ekki framleiðslu sína á dýrum.

„Paul Mitchell var í raun fyrsta hárvörufyrirtækið sem tók þá stefnu og því er hárinu ekki einungis tryggð góð meðhöndlun með kaupum á Paul Mitchell-hárvörum heldur er á sama tíma stutt við þá stefnu að fara ekki illa með dýr og hjálpað til við að gefa samfélaginu til baka, með til dæmis uppbyggingu skóga og styrkjum til góðgerðarmála," segir Birna.

Paul Mitchell-hárvörurnar fást eingöngu á hársnyrtistofum enda um hágæðavörur að ræða.

„Í Extra Body-línunni er frábært að nota Extra Body-sjampó og hárnæringu, þurrka hárið með handklæði og spreyja því næst í rótina Extra Body Boost, sem er rótarlyftiefni sem lyftir hárinu upp. Því næst er að blása hárið með hárblásara og útkoman verður stórkostleg," segir Birna um heitasta trendið.

Í Extra Body-línunni frá Paul Mitchell er einnig hægt að fá hárfroðu, gel og hársprey – allt til að fá aukna lyftingu í hárið.

EXTRA BODY
Hárvörur Pauls Mitchell fást eingöngu á hársnyrtistofum enda um hágæðavörur að ræða. Extra Body-sjampó hreinsar vel og gefur lyftingu, Extra Body-hárnæring gerir við ysta lag hársins og Extra Body Boost-rótarlyfting lyftir hárinu vel frá rótinni.

EITT OG ANNAÐ FYRIR BÖRNIN

MENNINGARNÓTT *Dagskrá Menningarnætur er viðamikil og metnaðarfull. Fjöldi viðburða hentar börnum á öllum aldri. Af miklu er að taka en hér eru dregnir út nokkrir skemmtilegir viðburðir fyrir fjölskyldur. Nánari upplýsingar má finna á menningarnott.is.*

Dönsum saman

Á Dansverkstæðinu á Skúlagötu verður ýmislegt í boði. Gestum á öllum aldri er boðið í dans og jóga. Hægt er að fara í hádegisdiskó, læra Beyoncé-dans og fara á fjölskyldudansnámskeið.
Dansverkstæðið, Skúlagata/Hverfisgata

Hamingjugjörningur á Hernum

Kl. 12-17 Opið fjölskylduverkstæði í Herkastalanum við Kirkjustræti þar sem gestir taka þátt í að skapa hamingjulistaverk. Kaffi og vöfflur verða til sölu ásamt notuðum fatnaði í Hertex pop-up-búð sem opin er í húsnæðinu. Tónlistaratriði verða með reglulegu millibili á sama tíma. Kl. 16.30 verður svo kenndur hamingjudans.



Góðgerðarakstur félags Harley Davidson

Kl. 14.30-16.30 Árlegur góðgerðarakstur HOG Chapter Iceland (eigendafélags Harley Davidson-mótorhjóla á Íslandi). Ekið verður umhverfis Reykjavíkurtjörn og kostar túrinn 800 krónur sem rennur óskiptur til Umhyggju (félags langveikra barna). Lagt af stað frá Alþingishúsinu.

Expó-skálinn í Hörpu

Kl. 11-20 Expó-skálinn var fyrst settur upp á heimssýningunni í Sjanghæ árið 2010. Skálinn var endurreistur sem landkynning Íslands á bókamessunni í Frankfurt 2011, auk þess var hann settur upp í Hörpu 2012 og í Brimhúsinu 2013. Hann verður í K2 í Hörpu.

Sólskoðun á Austurvelli

Kl. 13.30-16 Stjörnuskoðunarfélag Seltjarnarness og Stjörnufræðivefurinn bjóða fólki að skoða sólina með sérútbúnum sólarsjónaukum, ef veður leyfir.

Fjölskylduskemmtun lambakjöts

14.30-17.30 Á Óðinstorgi verður fjölskyldudagskrá í boði Markaðsráðs kindakjöts. Meistarafélag kjötiðnaðarmanna mætir með Grillvagninn og grillar ljúffengt lambakjöt fyrir gesti og gangandi. Fjölbreytt dagskrá inniheldur Skoppu og Skrítlu, Línu Langsokk, Dr. Gunna og Friðrik Dór, Sirkus Íslands og fleiri stórskemmtileg atriði.

Skátagleði í Hljómskálagarðinum

Kl. 12-17

Hefur þú spilað á appelsínu? Eða poppað yfir eldi? Nú er tækifærið! Skátafélögin í Reykjavík ætla að slá upp tjöldum og fara í útilegu í Hljómskálagarðinum. Þar gefst gestum og gangandi tækifæri til að kynna sér út á hvað skátastarf gengur og spreyta sig á spennandi viðfangsefnum.

Maxímús Músíkús í Hörpu

Kl. 14.30-17

Maxímús Músíkús heilsar börnunum, gefur þeim blöðrur og bókamerki.

Skemmtidagskrá á Sjóminjasafninu

Margt skemmtilegt er í boði í Sjóminjasafninu Víkinni. Til dæmis munu samtökin Ungir umhverfissinnar standa fyrir föndursmiðju fyrir börn þar sem nýting á rusli sem hent er í sjó og skolar upp í fjörur er í fyrirrúmi. Skellt verður upp Bátasmiðju þar sem yngri kynslóðin getur smíðað sinn eigin bát. Boðið verður upp á ratleik og Bollywood-dansatriði, söngleikjahópurinn Gengin af göflunum? flytur bráðfjörug lög úr söngleikjunum Grease, Litlu hryllingsbúðinni og Rocky Horror Show, og Alan Jones tekur þekkt lög eftir konung poppsins, Michael Jackson, svo fátt eitt sé nefnt.

Gestum stendur til boða að kíkja um borð í varðskipið Óðin. Fyrrverandi áhafnarmeðlimir taka vel á móti gestum og gangandi. Kannski luma þeir á áhugaverðum sögum frá dvöl sinni um borð.

Viltu ljúka námi í iðngrein sem þú hefur starfað við?

Kynningarfundur 27. ágúst kl. 17.30

Kynningarfundur um raunfærnimat 27. ágúst.

Raunfærnimati er ætlað að meta þá færni og þekkingu sem þú hefur öðlast í starfi og getur mögulega stytt nám þitt. Að loknu raunfærnimati fara þátttakendur í skóla og ljúka því námi sem eftir stendur til að útskrifast.

Kynnt verður raunfærnimat í eftirfarandi greinum:

Húsasmíði	*Vélstjórn*	*Rennismíði*	*Matreiðslu*	*Veitingaþjóni*
Pípulögnum	*Stálsmíði*	*Málmsuðu*	*Bakaraiðn*	*Framreiðslu*
Vélvirkjun	*Blikksmíði*	*Netagerð*		

Ert þú 25 ára eða eldri?
Hefur þú starfað við iðngrein í 5 ár eða lengur?
Langar þig að ljúka námi í þínu fagi?

Kynningarfundur um raunfærnimat

Staður: IÐAN fræðslusetur, Vatnagarðar 20 í Reykjavík.
Stund: Miðvikudagur 27. ágúst kl. 17:30.

IÐAN fræðslusetur
www.idan.is

FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS
MENNTUN Á VINNUMARKAÐI



FRÆÐSLUGANGA

Háskóli Íslands og Ferðafélag Íslands standa fyrir sveppatínsluferð í Heiðmörk á laugardaginn. Í gönguferð um Heiðmörk verður sveppum safnað og fræðst um þá, verkun þeirra og matreiðslu. Jafnframt verður farið yfir hvaða sveppi má borða og hverjir eru eitraðir.

Silke Werth, nýdoktor við Líf- og umhverfisvísindastofnun, og Gísli Már Gíslason, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild, leiða gönguna. Lagt verður af stað frá Öskju, náttúrufræðihúsi HÍ, klukkan 11 og þar verður hægt að sameinast í bíla. Gert er ráð fyrir að ferðin taki um þrjár klukkustundir.

Ferðin er farin í samvinnu við Ferðafélag barnanna og því tilvalin fyrir alla fjölskylduna.

Lífið

FÖSTUDAGUR
22. ÁGÚST 2014

Unikat er hönnunarbúð í miðbænum
FAGURKERAR SAMAN UNDIR EINU ÞAKI 2

Ragnheiður Haralds- og Eiríksdóttir
ER HÖFUNDUR BÓKARINNAR KYNLÍF, JÁ TAKK 4

Eyrnalokkar koma aftur í tísku
STÓRT EYRNA-KONFEKT AF PÖLLUNUM 10

Nanna Kristín Magnúsdóttir

FRELSIÐ ER FALLEGT

FRÉTTABLAÐIÐ
› visir.is/lifid

HVER ER?



Nafn
Ása Ottesen
Aldur? 35 ára

Starf
Markaðsfulltrúi hjá Te & kaffi.

Maki
Enginn. Á kött sem heldur að hann sé kærasti minn.

Stjörnumerki
Krabbi.

Hvað fékkstu þér í morgunmat?
AB-mjólk með múslíi. Svo stalst ég í nýbakaða smáköku hér úr eldhúsinu á Te & kaffi.

Uppáhaldsstaður?
Þegar ég er úti að hlaupa við sjóinn þá líður mér ótrúlega vel.

Hreyfing?
Ég æfi í Boot Camp í Elliðaárdal þrisvar sinnum í viku og fer út að hlaupa 2-3 sinnum í viku. Svo reyni ég að fara á Esjuna eða Úlfarsfell einu sinni í mánuði.

Uppáhaldslistamaður?
Ég er gjörsamlega sjúk í allt það sem Saga Sigurðardóttir ljósmyndari kemur nálægt.

Uppáhaldsmynd
Mjög erfitt að velja eina en sú sem kemur fyrst upp í huga mér er Lost in Translation.

Ertu A- eða B-manneskja?
Loksins get ég sagt að ég er A-manneskja. Mér finnst æðislegt að vakna snemma en ég fer þó samt svolítið seint að sofa.

HVERJIR HVAR?

Það var mikið um dýrðir á Laugardalsvelli á miðvikudagskvöld þegar flestir fótboltaunnendur flykktust á völlinn til að sjá Stjörnuna spila á móti stórliðinu Inter Milano. **Bjarni Benediktsson** fjármálaráðherra lét sig að sjálfsögðu ekki

vanta enda Stjörnumaður mikill. Þá var **Helga Ólafsdóttir,** fatahönnuður og einn eigandi barnafatamerkisins Igló Indí, mætt í stúkuna ásamt fjölskyldu sinni en hún er einnig Garðbæingur.

Við erum duglegar að hvetja hver aðra áfram.

Bríet Ósk segir gaman að vera komin í samstarf með hressum konum í búðinni Unikat þar sem er að finna íslenska og erlenda hönnun.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

TÍSKA SAMSTARFSBÚÐ FAGURKERA

Þær Steinunn Vala, Sonja, Bríet, Elín og Elena hafa opnað búðina Unikat í miðbæ Reykjavíkur en þær eiga það allar sameiginlegt að vera hönnuðir. Búðin býður upp á þeirra eigin merki og vörur í bland við smekklega valda hönnun.

Þegar ég flutti heim úr námi frá Barcelona var það draumur hjá mér að opna hönnunarbúð en ég sá fljótt að sá markaður var mettur hérna heima. Nema hvað varðaði vörur fyrir börn og því opnaði ég netverslunina Mjólkurbúið, sem einbeitir sér að hönnun fyrir börn. Draumurinn var samt alltaf að opna alvöru verslun og þá kom hönnuðurinn Sonja Bent að máli við mig og úr varð þetta frábæra samstarfsverkefni," segir Bríet Ósk Guðrúnardóttir innanhússhönnuður og ein af aðstandendum verslunarinnar Unikat sem var opnuð í miðbænum fyrir stuttu.

Ásamt Bríeti koma þær Steinunn Vala Sigfúsdóttir hjá Hring eftir hring, Elín Hrund Þorgeirsdóttir hjá Dýrindi, Elena Pétursdóttir hjá Hjarn.is, Sonja Bent fatahönnuður og Nína Björk Hlöðversdóttir ljósmyndari að búðinni. Vöruval verslunarinnar er hönnun úr smiðju þeirra í bland við vel valda hönnunarvöru utan úr heimi. Þær Bríet og Elena reka hvor sína vefverslunina; Mjólkurbúið og Hjarn, sem nú eru með sitt vöruúrval í Unikat. Sonja Bent, Steinunn Vala og Elín eru svo með sín merki til sölu í búðinni ásamt því að aðstoða við vöruval og standa vaktina við búðarborðið. Búðin er á Laugavegi 42b en gengið er inn frá Frakkastíg. Bríet segir húsnæðið passa vel við vöruúrvalið.

„Við erum allar smekkkonur með svipaðan stíl sem er frekar skandinavískur en líka smá bóhem. Við erum allar að gera þetta í fyrsta sinn og þetta er búið að vera skemmtilegt ferli í alla staði og svo erum við duglegar að hvetja hver aðra áfram."

MASTERLINE
Professional Beauty

ÉG KÆLI
CREAM
GEL

Ég er kælandi fótagel sem dregur í sig þreytu dagsins. Undragel fyrir þreytta og bólgna fætur. Flott blanda með góðum innihaldsefnum eins og myntu og Eucalyptus.

www.master-line.eu
Made in Italy
Fæst í apótekum og Hagkaup

LÍFIÐ MÆLIR MEÐ

Menning í borginni og poppari stígur á svið

Það er mikið um að vera um helgina á höfuðborgarsvæðinu og alla leið upp í Kórahverfið. Á laugardaginn er sjálf Menningarnótt en í ár eru um 400 viðburðir á dagskránni og því ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi. Til dæmis ætlar Bylgjan að bjóða í garðpartí með grillveislu fyrir alla og stíga þekktir tónlistarmenn á svið. Á Arnarhóli verða einnig tónleikar á vegum Rásar 2. Einnig eru verslanir bæjarins í hátíðarskapi sem og fatamarkaðir víðs vegar um borgina. Til dæmis í Skaftahlíð þar sem íbúar götunnar hafa tekið sig saman og halda götumarkað með allskyns uppákomum. Rúsínan í pylsuendanum er svo flugeldasýningin á Hafnarbakkanum og hefst hún klukkan 23.

Eins og flestum er kunnugt mun hinn heimsþekkti poppari Justin Timberlake stíga á svið í Kórnum í Kópavogi á sunnudagskvöldið fyrir mörg þúsund tónleikagesti. Áður en sjálfur poppkóngurinn trillir lýðinn ætlar stuðsveitin Gus Gus að hita upp og er því ekki amalegt kvöld í vændum fyrir þá sem voru svo heppnir að tryggja sér miða á herlegheitin. Þeir sem heima sitja þurfa samt ekki að örvænta því tónleikunum verður streymt í beinni á vefsíðunni Live-nation.is.

AUGNABLIKIÐ

Það er ekki sniðið á Versace-kjólnum sem leikkonan **Jessica Alba** skartaði á frumsýningu myndarinnar Sin City; A Dame to Kill, sem heillaði heldur liturinn. Alba stal senunni í fagurblá um og glansandi kjólnum og silfurlitir hælaskórnir voru svo punkturinn yfir i-ið. Hárið náttúrulegt og augun dökk en varirnar voru látnar vera ljósar. Vel heppnað rauða-dregils-augnablik hjá Jessicu Alba.

Lífið
www.visir.is/lifid

ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Ritstjórnarfulltrúi **Álfrún Pálsdóttir** alfrun@frettabladid.is • Auglýsingar **Atli Bergmann** atlib@365.is
Hönnun **Silja Ástþórsdóttir** siljaa@frettabladid.is • Forsíðumynd **Stefán Karlsson** • förðun **Fríða María** með MAC Cosmetics og Blue Lagoon Skincare, hár **Fríða María** með Label.m

Haust útsala Fjallakofans

hefst í dag

22. ágúst - 2. september

20-70% afsláttur

Gríptu tækifærið og fáðu þér gæða útivistarvörur frá Marmot, Scarpa, Smartwool, Arc'teryx, Löffler, Black Diamond og fleirum á þessari frábæru útsölu! Fatnaður, skór, bakpokar, göngustafir og margt margt fleira, sjón er sögu ríkari!

- Smartwool nærfatnaður og sokkar 20-30% afsláttur
- Marmot dúnfatnaður 30-40% afsláttur
- Löffler hjólafatnaður 30-50% afsláttur
- Marmot útivistarfatnaður 20-70% afsláttur
- Fjalla- og svigskíði 25-50% afsláttur

Afgreiðslutími í verslunum Fjallakofans næstu daga:

Verslun \ Dagur	Föstud. 22.ág	Laugard. 23.ág	Sunnud. 24.ág
Laugavegur 11	10-19	9-19	12-17
Kringlan 7	10-19	10-17	12-17
Reykjavíkurv. 64	10-19	10-17	LOKAÐ

Marmot · ARC'TERYX · SCARPA · Smartwool · PETZL · Black Diamond · SILVA · SEA TO SUMMIT · JETBOIL · Julbo

Við vinnum náið með leiðsögumönnum m.a.

arctic adventures · arctic RAFTING · GLACIER GUIDES · ARCTIC HELI SKIING ICELAND · ÖRÆFAFERÐIR · FIA

FJALLA KOFINN

Afgreiðslutíma má sjá á heimasíðu okkar

Kringlan 7 | Laugavegur 11 | Reykjavíkurvegur 64 | S: 510 9505 | fjallakofinn.is

BÆKUR HVER HEFUR EKKI ÁHUGA Á KYNLÍFI?

Ragnheiður Haralds- og Eiríksdóttir gefur út sína fyrstu bók um kynlíf en hún hefur verið iðinn pistlahöfundur um það málefni í langan tíma. Bókin Kynlíf, já takk er samansafn af bréfum sem hafa borist Ragnheiði gegnum tíðina auk viðtalsbrota og hugleiðinga frá höfundi.

„Ég skrifaði verkefni í hjúkrunarfræðinni um kynfræðslu og hef alltaf haft mikinn áhuga á kynlífi, en hver hefur það svo sem ekki?“ segir Ragnheiður Haralds- og Eiríksdóttir, höfundur bókarinnar Kynlíf, já takk, sem kom út nýverið.

Í bókinni safnar Ragnheiður, eða Ragga eins og hún er kölluð, saman úrvali bréfa, spurninga, sem henni hafa borist gegnum tíðina. Ragga hefur fjallað um kynlíf í fjölmiðlum frá árinu 1999 og átti því dágott safn af alls kyns bréfum sem henni þótti við hæfi að deila með almenningi. „Ég byrjaði að skrifa pistla í fjölmiðla árið 1999 og fann að þetta var að leggjast vel í lesendur. Ég fékk að heyra að þeim líkaði við þennan hispurslausa tón um málefnið; að ég skrifaði um kynlíf á mannamáli,“ segir Ragnheiður.

Bókinni er skipt niður í fjóra hluta: Konur, Karla, Saman og svo lýkur bókinni á kafla sem heitir Skapandi kynlíf. Höfundur skrifar smá hugleiðingu í upphafi hvers kafla ásamt því að blanda bréfum frá lesendum inn í viðtalsbrot. „Þetta er í raun úrval af uppáhaldsbréfum sem mér hafa borist gegnum tíðina auk viðtala við kynverur,“ segir Ragnheiður, sem ætlar einnig að taka upp námskeið sín fyrir konur í haust. „Þetta er kynferðislegt sjálfstyrkingarnámskeið fyrir konur sem ég var með árið 2005 og ætla að hrinda aftur af stað vegna fjölda áskorana.“

Ragnheiður er menntaður hjúkrunarfræðingur og starfar núna á bráðageðdeild. Þrátt fyrir að þetta sé hennar fyrsta bók um kynlíf hefur hún áður gefið út prjónabækur. „Ég er mikil prjónakona og þrátt fyrir að kynlíf og prjón eigi kannski ekki mikið sameiginlegt nálgast ég þetta tvennt með svipuðum hætti í bókunum.“

Ragnheiður safnar saman bréfum sem henni hefur borist í gegnum tíðina í bókinni Kynlíf, já takk. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Sýnishorn úr bókinni Kynlíf, já takk:

HÆ RAGGA Er eðlilegt að ég fái brjálaðan bóner ef ég hugsa um að láta eldri konu flengja mig?
KÆR KVEÐJA, B

KÆRI B Já.
kveðja, Ragga

BESTA RAGGA Mikið er talað um lengd tippa, en hver er hin rétta leið til þess að mæla tippið? Það getur nú munað töluverðu ef mælt er neðan frá til topps, eða að innanverðu (sem snýr að maga) og til topps.
Gúndi göndull

HALLÓ GÚNDI Jú þetta er hárrétt hjá þér … ef allur stinningarvefurinn væri mældur mundu tippi lengjast um sirka 2/3 – en til þess þyrfti að skera manninn í sundur svo að sú aðferð er tæpast notuð á siðprúðum íslenskum heimilum. Hin lögformlega aðferð til að mæla tippalengd er hins vegar sú síðarnefnda hjá þér, þ.e. að mæla frá rótinni að ofanverðu (að því gefnu að maðurinn standi uppréttur) og fram til endimarka kóngsins. Vinur minn sem er mikill áhugamaður um tippamælingar segist gera þetta þannig að hann standi við borðbrún, nakinn og með stífan lim, leggi svo félagann á borðið og hafi á borðinu einhverja færanlega fyrirstöðu sem hægt er að láta kónginn nema við s.s. símaskrá eða bara ristavélina. Þá er tippið komið í góða stöðu til mælinga með reglustiku ellegar tommustokk.
Gangi þér vel og góða skemmtun, Ragga

Reykjavík Fashion Academy

www. rfa.is

10 SPURNINGAR

TRÚIR EKKI ORÐUM BARA GJÖRÐUM

MANÚELA ÓSK HARÐARDÓTTIR, FATAHÖNNUNARNEMI VIÐ LISTAHÁSKÓLA ÍSLANDS

1. Þegar ég var ung hélt ég að … ég kæmist léttilega gegnum lífið án snjallsíma.

2. Núna veit ég að það … var bara einhver hræðilegur misskilningur.

3. Ég mun eflaust aldrei skilja … hvers vegna blár Ópal var tekinn af markaði.

4. Ég hef engan sérstakan áhuga á … eldamennsku – en bakstur er allt annað mál.

5. Karlmenn eru … ekki allir eins.

6. Ég hef lært að … maður á alls ekki að trúa orðum – bara gjörðum.

7. Ég fæ samviskubit þegar … ég gleymi að svara tölvupósti – sem gerist óþolandi oft.

8. Ég slekk á sjónvarpinu … þegar börnin mín gleyma því þar sem ég kveiki aldrei á því sjálf.

9. Um þessar mundir er ég upptekin af því að … búa mig undir veturinn í LHÍ og skipuleggja spennandi tíma sem fram undan eru hjá KRÓM.

10. Ég vildi óska að fleiri vissu af … mikilvægi þess að hafa aðgát í nærveru sálar.

IÐA

Nýjar bækur á kynningarverði!

2.990 kr.





Dagskrá Menningarnætur í IÐU, Lækjargötu:

16.00 Festival
17.00 Klassart
17.30 Soffía Björg og hljómsveit

16 mánaða dagbækurnar komnar!

3.695 kr.

2.495 kr.

Lækjargata 2a og Vesturgata 2a 101 Reykjavík

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

NANNA KRISTÍN MAGNÚSDÓTTIR

FRELSIÐ ER FALLEGT

Nanna Kristín Magnúsdóttir tók pásu frá leikhúsinu og hélt út fyrir landsteinana í kvikmyndanám. Hún er brosmild, óþolinmóð og léleg í „kúlinu“. Hún segir konur verða að setjast sjálfar niður og skrifa bitastæðari kvenhlutverk.

Nanna Elísa Jakobsdóttir
nannae@frettabladid.is

Er ekki alltaf sagt að það gerist eitthvað á sjö ára fresti? Að þá stokkist upp í lífinu?“ spyr Nanna Kristín Magnúsdóttir brosandi. Hún er leikkona sem sagði upp æviráðningu hjá Þjóðleikhúsinu og yfirgaf öryggið til þess að segja sínar sögur og skapa sínar eigin persónur.

Nú, sjö árum síðar, er hún einstæð tveggja barna móðir, handritshöfundur, framleiðandi og leikstjóri, ein á leið út til Toronto til þess að frumsýna stuttmynd sína Tvíliðaleik. Frumsýninguna ber upp á sama dag og frumsýningu kvikmyndarinnar París norðursins, en í henni fer Nanna Kristín með aðalkvenhlutverkið.

Langar að segja sínar sögur

Fólkið í kringum mig hélt ég væri búin að missa það. Þetta væri nú ekki það sem ætti að gera þegar maður væri með fasta vinnu í leikhúsi; maður ætti bara að vera feginn og þakklátur yfir að vera svo heppinn að vera með vinnu,“ segir hún varðandi þá ákvörðun að segja upp hjá Þjóðleikhúsinu, sjö árum eftir að hún útskrifaðist úr leiklistarskóla.

Samhliða fastráðningu í Þjóðleikhúsinu starfaði Nanna ásamt sjálfstæða leikhópnum Vesturporti að kvikmyndunum Börn og Foreldrar ásamt Ragnari Bragasyni kvikmyndaleikstjóra. Hún ber leikstjóranum vel söguna og segir það enga tilviljun að í þau skipti sem hún hefur hlotið Edduna og Grímuna hafi hún verið undir hans stjórn.

„Við vorum að framleiða sjálf og tókum þátt í að móta okkur persónur. Þetta kveikti í mér. Mig langaði til þess að segja mínar eigin sögur og gera eitthvað sjálf.“

Á þessum tíma mótuðust langtímamarkmið Nönnu, hana langaði til að semja og leikstýra og árið 2010 lét hún verða af því að fara út í nám.

„Ég vildi vita hvernig það er að vera hinum megin við linsuna. Ég hef náttúrulega tekið þátt í kvikmyndum sem leikkona, en ég vildi vita hvernig það er að fara í hin og þessi störf.“ Hún segir það nýtast þeim sem vill leikstýra eigin kvikmyndum.

Leikstýrði kasólétt

„Ég skellti mér til New York í New York Film Academy árið 2010 en þá gekk ég með Unni Maríu. Það var hitabylgja í New York og ég, með bumbuna út í loftið, skaut stutta heimildarmynd,“ segir Nanna Kristín hlæjandi. Unnur María er seinna barn hennar en fyrir á hún Kristin Kol. „Upp frá þessu hugsaði ég með mér að þetta langaði mig til að gera.“

Hún sótti um nám í Vancouver Film School, komst inn og fór út til Kanada ásamt fjölskyldunni árið 2012. Námið nýttist strax sem vinna og í sumar var fyrsta leikna stuttmynd sem hún skrifaði, Tvíliðaleikur, valin á Toronto Film Festival. Hún verður frumsýnd þann 5. september.

„Þessi mynd var bara eitthvað sem ég ætlaði að gera fyrir sjálfa mig. Bara til þess að athuga hvort ég hefði eitthvað í þetta, hvort þetta væri eitthvað sem mig langaði til að gera meira af. En svo var hún valin til sýningar. Það segir mér að ég sé að gera eitthvað rétt.“

Enginn kúlisti

Myndin var tekin upp í október á síðasta ári. Á meðan á eftirvinnslunni stóð æfði Nanna Kristín og lék í Borgarleikhúsinu í sýningunni Óskasteinum eftir Ragnar Bragason og hlaut hún fyrir leik sinn Grímuna sem besta leikkona í aukahlutverki.

„Það var ótrúlega skemmtilegt, mér þótti það mjög gaman,“ segir Nanna Kristín og í svip hennar má greina sambland af stolti og auðmýkt.

„Ég gat ekkert verið kúl á því með það. Mér fannst þetta bara æðislegt.“ *En er ekki kúlið ofmetið hvort sem er?* „Ég er allavega rosalega léleg í kúlinu og pókerfeisinu. Einn vinur minn sagði einu sinni við mig að ég væri svona góð leikkona af því að ég þyrfti að gera svo lítið, maður sæi alltaf hvað persónan mín væri að hugsa eða gera og allar tilfinningarnar. En það væri aftur á móti slæmt fyrir mig sem manneskju af því að ég gæti engan veginn leynt því hvernig mér liði, maður gæti lesið mig inn og út af því að ég væri með svo lítinn pókersvip. Ég væri bara opin. Hér er ég,“ segir hún og leggur ímyndað sjálf á borðið fyrir framan okkur.

Með slettu af kæruleysi

Störf hennar hafa verið fjölbreytt allt frá því hún útskrifaðist sem leikari.

„Ég hef verið mjög heppin með vinnu, ég hef fengið að gera svo margt. Það virðist vera að halda áfram að þróast. Ég er ekki að segja að þetta hafi allt komið upp í hendurnar á mér, ég hef þurft að vinna fyrir þessu. En ég er mjög metnaðargjörn, ég fer „all in“ í þau verkefni sem ég tek að mér. Ég get ekki tekið eitthvað að mér og verið með hálfkák.“

En var ekki erfitt að vera í leikhúsinu og að klára stuttmyndina á sama tíma?

„Jú,“ segir Nanna Kristín án þess að hika og hlær. „En það er bara hluti af lífinu. Ég á yndisleg börn svo allt gengur vel þar. Ég var oft að reyna að finna eitthvað jafnvægi í þessu en ég held að maður

nái aldrei fullkomnu jafnvægi á milli þess að vera mamma og svo starfsferilsins. Það sem ég er að reyna að temja mér núna er að hafa smá slettu af kæruleysi með. Ég er nefnilega með fullkomnunarárattu. Nú stefni ég að því að einfalda líf mitt.“ *Og hvernig ætlarðu að gera það?* „Með því að hugsa minna.“

Flateyri betri en Mallorca

Nanna Kristín upplifði hið einfalda líf þegar hún bjó á Flateyri í júní 2013 á meðan á tökum á París norðursins stóð.

„Mér fannst svo frábært að vakna á Flateyri þegar ég átti ekki að vera í tökum og uppgötvaði að ég þurfti ekki að gera neitt sérstakt. Það var algjör lúxus. Miklu betra en einhver Mallorca-ferð að vera á Flateyri. Horfa á fjöllin og hlusta á kyrrðina.“ Allt tökuliðið og leikararnir dvöldu á Flateyri í um mánuð á meðan á tökum stóð. „Ég held það skili sér rosalega vel í myndinni. Enginn þurfti að fara neitt, allir voru bara á staðnum. Það var enginn asi.“

Nanna Kristín segir þó að þrátt fyrir að myndin hafi verið tekin upp á Flateyri gæti hún átt sér stað hvar sem er í heiminum þar sem hún fjallar um tengsl fólks. „Hafsteinn Gunnar er þannig leikstjóri að maður fyllist öryggi vegna þess að hann er með sterka sýn, veit nákvæmlega hvaða hann vill segja og hvaða hlutverki hver persóna gegnir í framvindu sögunnar. Þrátt fyrir það leyfir hann okkur leikurunum að taka þátt í persónusköpun og verða hluti af þróunarferlinu og það er frelsi sem er fallegt.“

Blekking kvenna í klámheimi

Ferðina til Toronto hyggst hún þó nýta sér til að kynna verkefni úr eigin smiðju. „Ég er búin að að skrifa kvikmyndahandrit upp úr bókinni hans Steinars Braga, Konur.“ Kvikmyndamiðstöð veitti henni styrk til handritaskrifta.

„Ég lagði upp með það þegar ég byrjaði að ég myndi gefa mér tíma í þetta. Þetta er ekki eitthvað sem maður hristir fram úr erminni. Auðvitað er þetta mín sýn á þessa sögu. Það er hægt að túlka hana á ýmsa vegu og sjá söguna frá mörgum sjónarhornum. Ég varð að vera sönn í mínu og skrifa eins og ég upplifði hana og frá því sjónarhorni sem mér þykir áhugavert. Mér finnst þessi bók ekki endilega vera einhvers konar karlmenn versus konur. Heldur meira hvernig við konur erum, hvert okkar hlutverk er, hvert við erum settar í þessum klámvædda nútímaheimi.

En ég vil ekki meina að honum sé stjórnað af karlmönnum heldur af öllu fólki, bæði karlmönnum og konum.“ Hún gerir hlé á máli sínu og hugsar sig um. „Þetta er kannski eldfimt umræðuefni,“ segir Nanna hugsi en heldur áfram: „En, sýnin sem ég vil taka snýst um hvernig konur lítillækka sig með því að nota kynvitund sína til þess að komast áfram. Við höldum kannski að við séum orðnar svo klárar að við kunnum að leika leikinn í þeim heimi með því að nota kynvitund okkar. Okkur tekst kannski að blekkja einhverja en aðallega erum við bara að blekkja okkur sjálfar.“

En talandi um konur, hvernig er þín reynsla af því að vera kona í þessum bransa?

„Í bókmenntasögunni og í leiklistarsögunni eru færri kvenhlutverk. Það er staðreynd. Við getum ekki breytt því, við getum ekki breytt fortíðinni. Við getum hins vegar breytt framtíðinni.

Það vantar kannski fleiri bitastæð hlutverk fyrir konur. En það er enginn að fara að gera þetta fyrir okkur, við verðum að gera þetta sjálfar. Það er alls ekki þannig að karlar séu eitthvað á móti kvenpersónum eða vilji ekki skrifa fyrir konur. Þeir handritshöfundar eða leikstjórar sem ég hef unnið með hafa mikinn áhuga á konum og vilja skrifa fyrir þær, en þeir eru náttúrulega ekki konur. Þannig að hvernig er hægt að ætlast til þess að þeir móti einhverja kvenpersónu? Auðvitað skrifa þeir eitthvað, en skiljanlega vill karlmaður skrifa um sína upplifun og sína sögu.

Þannig að ég held að þetta sé spurning um að framkvæma. Setjast niður og skrifa. Og maður finnur að það er samhugur meðal kvenna að gera þetta. Það mun bara taka tíma eins og annað.“

Á leið inn í frumskóginn

Hvað varðar tækifæri í bransanum segist Nanna ekki komin það langt inn í þennan heim að hún hafi rekið sig á að það sé betra eða verra að vera kona.

„En ef þú tekur viðtal við mig eftir kannski þrjú ár þá hef ég mögulega einhverja aðra sögu að segja,“ segir Nanna Kristín og hlær. „Ég er að fara inn í frumskóginn núna og leita eftir fjármagni. Þá get ég séð hvort þetta er satt sem fólk segir; að það sé erfiðara í þessum bransa að vera kona.“

Hefur mörg járn í eldinum

Þessi brosmilda leikkona verður ekki verkefnalaus á næstunni. Hún er um þessar mundir að leika í kvikmynd Ásgríms Sverrissonar, Reykjavík, ásamt Atla Rafni Sigurðssyni.

Auk kvikmyndaleiksins er hún annar framleiðandi Harmsögu, leikrits Mikaels Torfasonar, sem fært verður á hvíta tjaldið í framtíðinni, leikur í sjónvarpsþætti og er í fjögurra manna teymi sem skrifar sex þátta sjónvarpsseríu fyrir Saga Film. Eftir áramót stígur hún á leiksvið Þjóðleikhússins á ný, en til stendur að setja upp íslenskan söngleik eftir Hugleik Dagsson sem heitir Loki og er byggður á norrænni goðafræði. Leikstjórn verður í höndum Selmu Björnsdóttur og tónlistin verður eftir hljómsveitina Ham.

„Þetta er skemmtilegur kokteill, mjög spennandi og ólíkir listamenn. Þetta er svolítið frábrugðið því sem ég var að gera í fyrra, þá var ég í tveimur sýningum á litla sviðinu í Borgarleikhúsinu. Nú er það stóra sviðið, söngleikur, Hugleikur Dagsson og Ham, sprengingar og læti.“

En næsta langtímamarkmið? Þegar við hittumst eftir sjö ár, hvað verður þá?

„Þá verð ég búin að leikstýra minni fyrstu mynd í fullri lengd,“ segir Nanna Kristín án þess að hika.

„Og vonandi á ég allavega eina eða kannski fleiri sjónvarpsseríur að baki. Vonandi er ég að leika í leikhúsi. Vonandi verð ég búin að einfalda líf mitt og finna „the total happiness“.“ Hún skellihlær. „Nei, það er náttúrulega ekkert til sem heitir „total happiness“ og ég er ekki að leita að því. Vonandi verð ég bara enn þá leitandi manneskja; að leita að einhverju nýju til þess að framkvæma.“

FATASKÁPURINN YLFA GEIRSDÓTTIR

„Ég hef mjög gaman af fötum en ég myndi ekki segja að þau væru mitt helsta áhugamál. Stíllinn minn er algjörlega misjafn eftir veðri og vindum. Á sumrin klæðist ég litríkari fötum en á veturna. Þá fer ég í smá dvala og klæðist dökkum litum og mikið af svörtu. Mér finnst gaman að hafa mig til en nenni því alls ekki á hverjum degi og er oft eins og haugur til fara í vinnunni. Stíllinn minn er algjörlega blandaður af ódýru og dýru en sjaldnast pæli ég í merkjum. Ég kaupi bara það sem mér finnst fallegt og oft eru það mjög klassísk föt sem ég nota í mörg ár," segir Ylfa Geirsdóttir um fatastíl sinn.

1

„Þennan jakka elska ég og hann kemur mér alltaf i gott skap. Ég keypti hann úti á Ítalíu fyrir tveimur árum og ég veit að ég mun nota hann í mörg ár í viðbót. Það er líka hægt að snúa honum við og þá er hann túrkísblár."

2

„Það verða allir að eiga leðurjakka enda algjör klassík sem passar við allt. Hann er frá merkinu Barbara Gongini sem fæst í GK."

4

„Sólgleraugun voru afmælisgjöf frá yndislegu Sólveigu, æskuvinkonu minni, og þau eru frá merkinu Miu Miu. Þetta eru spariglerauguin mín en ég nota Ray Ban Wayfarer dagsdaglega."

3

„Dagsdaglega er ég voða mikið í stuttermabolum og gallabuxum en ég á svona boli í mörgum litum. Svo poppa ég þá upp með fallegu skarti og það nýjasta eru tvö hálsmen sem mér þykir afar vænt um. Kríu-hálsmen var 30 ára afmælisgjöf til sjálfrar mín og hálsmen sem Júlía mín bjó til handa mér í afmælisgjöf."

5

„Þennan kjól keypti ég í Topshop fyrir stuttu og mér finnst eitthvað svo rómantískt við hann. Þarna eru allir uppáhaldslitirnir mínir samankomnir í einni flík. Svo er ég blómaóð, fátt gleður mig jafn mikið."

AUGLÝSING: KJÓLAR OG KONFEKT KYNNA

Aðhaldskjólarnir hafa slegið í gegn hjá konum á öllum aldri og nú fæst aðhaldslína Oroblu á helmings afslætti í Kjólum & konfekti. MYND/ANDRI

Í AÐHALDI MEÐ HEIÐARI SNYRTI

Á Menningarnótt verður mikið um dýrðir og gleði í Kjólum & konfekti. Þá fá konur gagnleg heilræði um allt sem tengist aðhaldsfatnaði og förðun frá Heiðari Jónssyni snyrti.

„Það er mikill misskilningur að konur með eitthvað mikið utan á sér þurfi einar aðhaldsfatnað. Það er sama hvernig við erum í laginu; aðhaldsfatnaður gerir oft hersluminninn."

Þetta segir Anna Kristín Magnúsdóttir, eigandi kjólaverslunarinnar Kjóla & konfekts, sem opin verður til klukkan 22 á Menningarnótt.

„Aðhaldskjólar gefa einstaklega góðan stuðning og aðlaga undirfötin þannig að þau sjást ekki í gegn. Það er líka þægilegt að ganga í aðhaldskjól og alls ekki jafn þvingandi og halda mætti heldur veitir það konunni bæði öryggi og góða tilfinningu."

Í Kjólum & konfekti fæst aðhaldsfatnaður frá Oroblu. Línan samanstendur af aðhaldskjól, samfellu, bol og stuttbuxum.

„Vinsælastur er aðhaldskjóllinn sem hefur heldur betur slegið í gegn en uppáhaldið mitt er aðhaldssamfella. Ég geng í slíkri samfellu á degi hverjum og hef einnig átt aðhaldskjól í fjögur ár, sem er enn eins og nýr og veitir alltaf sama stuðninginn. Hann fer ég í undir alla aðsniðna kjóla."

Anna segir alls ekkert feimnismál að klæðast aðhaldsfatnaði.

„Þvert á móti og það er löngu kominn tími til að koma út úr skápnum með þetta því aðhaldsfatnaður er ekkert annað en undirfatnaður."

Á Menningarnótt heiðrar snyrtirinn Heiðar Jónsson gesti Kjóla & konfekts.

„Heiðar er uppáhaldið okkar og mikill viskubrunnur. Hann kann allt og veit um vaxtarlag kvenna og mun ráðleggja og fræða gesti og gangandi um allt sem tengist aðhaldsfatnaði, förðun, umhirðu húðar og líkama. Því er tilvalið að taka strætó á Hlemm, rölta niður Laugaveginn og kíkja til okkar í spjall, kjólaskoðun, kaffi og með því, og rölta svo áfram til að mennta sig í menningunni. Miðbærinn er fullur af alls konar uppákomum sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara."

Kjólar & konfekt eru á Laugavegi 92. Þar fæst aðhaldslínan nú öll á 50 prósenta afslætti. Sjá nánar á www.kjolar.is

HEILSA

BRAGÐGÓÐUR OG HOLLUR BÚÐINGUR

Þessi búðingur er ótrúlega bragðgóður og hollur. Chia-fræin eru rík af omega-3 fitusýrum og próteini og innihalda auk þess kalk, magnesíum, járn og sink. Möndlur eru einnig mjög hollar en þær eru innihalda meðal annars E-vítamín, kalsíum og hollar fitusýrur. Þær eru auk þess bæði trefjaríkar og próteinríkar.

Búðingurinn er mjög einfaldur og krefst engrar eldamennsku. Uppskrift:

1 bolli möndlumjólk
2 matskeiðar chia-fræ
½ bolli frosin jarðarber
2 dropar vanillu-stevía

1. *Jarðarberin eru sett í blandara á hæstu stillingu þangað til að þau eru orðin að mauki.*

2. *Blandið jarðarberjaþykkninu saman við möndlumjólkina og chia-fræin og bætið stevíunni við. Hrærið blöndunni saman með skeið og látið bíða í kæli í að minnsta kosti klukkustund.*

Chia-fræin draga í sig möndlumjólkina og safann úr jarðarberjunum og úr verður hollur og dásamlegur búðingur.

Reykjavík Fashion Academy kynnir:

REYNSLUBOLTAR KENNA Í REYKJAVIK FASHION ACADEMY

RFA býður upp á skapandi umhverfi og samvinnu nemenda á fjölmörgum sviðum á borð við förðun, ljósmyndun, stílíseringu og fleira.

Förðunarmeistararnir Selma Karlsdóttir og Elsa Þuríður Þórisdóttir eru kennarar förðunardeildar RFA. Þær hafa afar ólíka reynslu að baki en mynda saman frábært teymi sem getur miðlað fjölbreyttum fróðleik til nemenda skólans.

Námið í RFA er skemmtilegt og líflegt.

Úr heimi kvikmynda

Selma slysaðist inn í heim kvikmyndagerðar fyrir tuttugu árum. „Ég var beðin um að leika í tónlistarmyndbandi, kynntist skemmtilegu fólki og fór hægt og rólega að starfa í þessum geira," segir Selma. Brátt kynntist hún starfi förðunarfræðinga og fyrr en varði var hún komin í nám í förðunarfræði. „Mér fannst þetta mjög spennandi. Það er svo persónulegt og förðunarfræðingar fá að vera í svo miklu návígi við leikara og fyrirsætur." Eftir námið gerðust hlutirnir hratt. Hún fór að vinna í Hörpu, Ávaxtakörfunni og farðaði Russell Crowe fyrir tónlistarmyndband sem hann gerði meðan hann var hér við tökur á myndinni Noah. „Þetta var voða gaman og Russell var mjög almennilegur!"

Selma hefur mörg járn í eldinum. Hún rekur Magma Dive köfunarþjónustu og framleiðir kvikmyndir. Nýjasta verkefni hennar á því sviði er ný mynd eftir Jón Atla Jónasson sem verður frumsýnd í október. Auk þess hefur hún þjónustað erlend fyrirtæki sem hafa komið hingað til lands. Til dæmis breska Vogue, Discovery Channel, Fendi og tekið þátt í Weird Girls-verkefninu.

Með mikla reynslu úr leikhúsi

„Ég lærði snyrtifræði í Kaupmannahöfn. Síðan fór ég að vinna hjá Þjóðleikhúsi Íslands 1975 og lærði þar hárkollugerð og förðun," segir Elsa sem vann þar næstu tólf ár en flutti svo af landi brott. Þegar hún sneri heim fjórtán árum síðar hóf hún aftur störf hjá Þjóðleikhúsinu og farðaði fyrir flestar sýningar sem settar voru á fjalirnar. Hún byrjaði að kenna förðun árið 2010 en hefur kennt við RFA síðan í janúar. Samhliða því vinnur hún við förðun í Borgarleikhúsinu. Innt eftir eftirminnilegum verkefnum segir Elsa úr mörgu að velja. „Það var afskaplega gaman að vinna við Mary Poppins."

Samvinna milli deilda

Nemendur í förðun í RFA fá afar breiðan grunn í námi sínu. „Við kennum alhliða förðun, bæði fyrir hvunndaginn en einnig fyrir leikhús, auglýsingar, kvikmyndir og ljósmyndatökur," upplýsir Elsa. „Við kennum þeim líka tímabilaförðun, förum í sögu förðunar og svo læra þær bæði fantasíuförðun og „special effect"." Rík áhersla er lögð á að nemendur fái víðtæka reynslu svo þeir hafi úr nægu að velja við útskrift. „Við leggjum mikla áherslu á að nemendur séu tilbúnir til að fara út á vinnumarkaðinn þegar þeir koma frá okkur. Hafi hraðann og kunni að vinna," bætir Elsa við.

Förðunarfræðingar geta átt von á því að taka þátt í mjög skemmtilegum verkefnum, líkt og myndatöku á jökli.

Stór kostur við RFA er að þar er mikil samvinna á milli deilda. „Það er mikilvægt fyrir nemendur að kynnast því hvernig er að vinna með stílista og ljósmyndara. Með því að vinna með öðrum deildum læra nemendur hvernig á að bera sig að," segir Selma og bendir á að nemendur hafi líka aðgang að fyrirsætum og fái því flottar myndir í möppuna sína.

Nemar með í tökur

Bæði Selma og Elsa bjóða nemendum að koma með sér í verkefni sem þær eru að vinna að enda telja þær mikilvægt að nemendur fái innsýn í raunverulegt starfsumhverfi förðunarfræðinga. „Nemendurnir fá að sjá hvernig vinnan fer fram á tökustað og vita því betur að hverju þeir ganga eftir að skólanum lýkur," segir Selma. Af nógum verkefnum er að taka því skólinn á gott samstarf við Reykjavík Fashion Festival og Secret Solstice svo eitthvað sé nefnt.

En ekki er aðeins farið á tökustaði fyrir auglýsingar, leiksýningar og þess háttar heldur er listin einnig kennd í samfélaginu. „Við höfum meira að segja farið á öldrunarheimili og kennt þar förðun fyrir eldra fólk," útskýrir Elsa.

Góður árangur nemenda

Langflestir nemendurnir sem útskrifast hafa frá RFA hafa staðið sig með prýði. „Það hefur sýnt sig að metnaðarfullir krakkar sem við höfum útskrifað hafa komið sér í mörg mjög flott verkefni. Nokkrir hafa unnið í Latabæ, aðrir hafa farið í leikhúsin og ein stelpa hefur ferðast með Game of Thrones, unnið fyrir franska tískuhúsið Hermès og við Volvicvatnsherferðina," upplýsir Selma og Elsa bætir við: „Við reynum að fylgjast með nemendum okkar til að sjá hvernig þeir pluma sig á vinnumarkaðnum. Við erum afar stoltar af þessum krökkum!"

Skráning stendur yfir. Nánari upplýsingar á www.rfa.is

Þær Selma og Elsa með Stefáni Jörgen sem mun kenna „special effect" förðun í Reykjavík Fashion Academy á haustönn. MYND/GVA

Meðal gestakennara RFA á þessu ári er Ísak Freyr, en hann hefur farðað í tískuheiminum í London í áraraðir fyrir viðskiptavini á borð við L'Oreal, Maybelline og Nike. Nú í vor farðaði hann ofurfyrirsætuna Cara Delevingne.

BÝR TIL SÁR, HAUSKÚPUR OG LÍK

Stefán Jörgen Ágústsson hefur sérhæft sig í „special effect" förðun. Hann kennir nemendum Reykjavík Fashion Academy að búa til sár úr silíkoni og ýmsar aðrar tæknibrellur.

Stefán Jörgen er sjálfmenntaður í heimi „special effect" förðunar. „Ég byrjaði á þessu tólf, þrettán ára gamall og hef verið að síðan," segir Stefán en áhuginn kviknaði út frá nokkrum bíómyndum. „Ég hef alltaf verið mikið fyrir skrímsli og forynjur en sú mynd sem kveikti áhuga minn á þessu fyrir alvöru var Labyrinth með David Bowie auk Star Wars-myndanna. Ég byrjaði að fikra mig áfram alveg frá grunni og náði ansi langt. Svo eignaðist ég bækur og kennslumyndbönd og þannig þróaðist þetta hægt og örugglega," segir Stefán.

Fyrsta raunverulega verkefnið var að hanna fjölda gríma fyrir stuttmyndina Oiko logos. „Ég fékk reyndar ekkert borgað fyrir það," segir Stefán glettinn en fyrsta stóra borgaða verkefnið var Myrkrahöfðingi Hrafns Gunnlaugssonar.

Stærstu verkefnin sem Stefán hefur unnið að eru myndirnar Letters from Iwo Jima, Flags of Our Fathers og The Wolfman með Benicio del Toro í aðalhlutverki. „The Wolfman fékk Óskarsverðlaun fyrir förðun og ég var því mjög lánsamur að fá að vinna við þá mynd," segir Stefán, sem var hluti af stóru förðunarteymi í Pinewood Studios-kvikmyndaverinu í Bretlandi. „Ég var aðallega í prufuförðun, þræddi hár á varúlfahendur og gerði við þær."

Stefán Jörgen hefur áður miðlað af reynslu sinni til förðunarnemenda en kennir nú í fyrsta sinn í RFA. Hann mun til að mynda kenna nemendum að búa til sár af ýmsu tagi úr silíkonefnum. Fyrir utan þetta mun Stefán vera með opin kvöldnámskeið í október.

Stefán mun meðal annars kenna nemendum að búa til sár.


Tæknibrelluförðun býður upp á ótrúlega förðun. Hér er Páll Óskar í gervi gamals manns.

Hvítar skyrtur og svört jakkaföt.

Hjónin saman á tískusýningu Tom Ford og smekklega klædd bæði tvö.

Svartklædd á rauða dreglinum.

Biel í kjól með grafísku prenti og Timberlake í köflóttum jakka.

TÍSKA STÍLVISS OG SMART HJÓNAKORN

Leikkonan Jessica Biel og söngvarinn Justin Timberlake munu bætast í hóp Íslandsvina innan skamms. Þau giftu sig með pomp og prakt árið 2012 og eru gjarnan keimlík í klæðnaði þegar þau fara saman á viðburði. Þau eru ekki mikið fyrir liti og klæðast helst svörtum og hvítum flíkum.

Balmain

TREND ÁBERANDI EYRNASKRAUT

Veturinn er á næsta leiti og því sniðugt að athuga hvaða tískubólur verða áberandi með lækkandi hitastigi. Eitt af því sem verður ofarlega á tískubaugnum er stórir eyrnalokkar, því stærri því betri. Hafa ber í huga að best er að para áberandi eyrnalokka við látlausan fatnað, náttúrulega hárgreiðslu og förðun svo fylgihluturinn fái notið sín sem best.

Balmain


Ralph Lauren

SKÓLATILBOÐ

GILDIR TIL 15. SEPTEMBER 2014

Orðabækur
í miklu úrvali

BRUNNEN

Stíla- eða reikningsbók
A4 með gormi

BRUNNEN

Bréfabindi
8 sm breitt, A4

DURABLE

Plastmappa
A4 Með glærri forsíðu

Teygjumappa
Til í fjölmörgum litum

5-faga stílabók
A5 eða A4

Trélitir
12 stk.

Límstifti
8 g

FABER-CASTELL

Blýantur
Með Grip Sparkle

Skýrslublokk
A4

D2 - A1182

Birt með fyrirvara um prentvillur og vöruframboð

Skólamarkaður í kjallara

BÓKABÚÐ MÁLS & MENNINGAR
LAUGAVEGI 18

Instagram

Livly Stockholm

Instagram.com/Livly_stockholm

Fatamerki sem framleiðir sænsk gæðabarnaföt og er duglegt að deila hugmyndum að barnafötum, tilboðum, nýjum vörum og öðrum innblæstri á Instagram-síðu sinni. Hægt er að kaupa fatnaðinn á heimasíðunni Livlyclothing.com en einnig eru búðir í Stokkhólmi og Hong Kong. Skandinavískir bloggarar eru hrifnir af merkinu sem endurspeglar hinn norræna stíl vel, með mjúkum litum og flottu prenti.

Pinterest

Harpers Bazaar

pinterest.com/harpers-bazaar

Tímaritið vinsæla Harpers Bazaar heldur úti öflugri Pinterest-síðu. Þar er hægt að finna möppur með myndum af fallegri förðun, því besta frá rauða dreglinum, götustíl stjarnanna, tískubólum ársins og fleira í þeim dúr. Eitthvað fyrir Pinterest-fíkilinn sem hefur gaman af glamúr og glæsileika. Til dæmis er að finna heila möppu sem er tileinkuð tískunni í sjónvarpsþáttunum margumtöluðu Scandal.

twitter

Us Weekly

twitter.com/usweekly

Slúðurmiðillinn er aktífur á samskiptamiðlinum Twitter þar sem hann deilir í kringum fjórum tístum á klukkutíma fyrir þá slúðurþyrstu, sem vilja ekki missa af neinu úr heimi fína og fræga fólksins. Einnig birtir hann myndir, myndbönd og fleira skemmtilegt til afþreyingar.

BLOGGARINN SVARTUR OG HVÍTUR MÍNIMALISMI

Celine I Aagaard

Hippiehippiemilkshake.blogspot.com/

Norska ritstýran Celine I. Aagaard bloggar undir heitinu Hippie hippie milkshake en hún hefur verið vinsæll bloggari í heimalandi síðan árið 2008. Celine ritstýrir tískutímaritinu Stylemag og leyfir lesendum sínum að fylgja sér eftir í annasömum hvunndegi sem þó er fullur af fallegum fatnaði og skemmtilegum myndatökum. Fatastíll hennar einkennist af svörtum og hvítum litum í bland við grátt þar sem skandinavíski einfaldleikinn ræður ríkjum.

3CX

3CX er hugbúnaðarsímstöð sem keyrir á Windows stýrikerfi og er afar einföld í uppsetningu og notkun.

Hægt er að nota allar gerðir af **SIP** símtækjum eða frían tölvusíma frá **3CX** sem gefur þér möguleika á að sjá stöðu allra starfsmanna og símahópa, hægt er að gefa símtöl áfram með því að draga símtalið með músinni yfir á símtæki, taka upp símtöl, einfaldir möguleikar á símtalsflutningum, talhólf, hægt að hringja frá hvaða forriti sem er, **Excel, Word, ja.is** o.frv. Einnig er einfalt að tengja símstöðina við hvaða símafyrirtæki í heiminum sem gefur möguleika á miklum sparnaði í símanotkun.

Helstu eiginleikar:

- Tölvusímar sem gefa yfirsýn yfir stöðu allra símtækja og hópa.
- Tölvusímar eru með innbyggt tunnel þannig að þeir tengjast hvar sem er ef internettenging er fyrir hendi.
- Tölvusímar geta einnig stýrt borðsímum.
- Hægt að hringja beint í númer á heimasíðum, Word, Excel eða öðrum forritum.
- Hægt að hringja beint frá Contacts í **Outlook.**
- Hægt að láta **Contact skrá** opnast þegar númer kemur inn (CRM við Outlook 2003, 2007 og 2010).
- **CRM plug** við ýmsan annan hugbúnað eins og **Microsoft Dynamic** o.fl.
- Hjálparsvörun.
- Næturmsvari.
- Þrepaval, veldu 1 fyrir…2 fyrir …o.frv.
- Möguleiki á að símstöð segir hvar viðkomandi er staddur í röðinni.
- Mismunandi afgreiðsla símtala eftir stöðu símtækis sem hver starfsmaður stillir sjálfur á einfaldan máta.
- Talhólfs skilaboð koma í tölvupósti.
- Möguleiki á allt að 80% ódýrari símtölum erlendis.
- Hægt að hafa erlend númer í ýmsum löndum.
- Einfalt að vera með útibú hvar sem er í heiminum, þarf einungis internettengingu.
- SIP hugbúnaður í farsíma með **Android** stýrikerfi, **iPhone** og **iPad**. gefur möguleika á miklum sparnaði erlendis.
- Öflugt skýrslutól til að skoða símsvörun.
- Þjónustuvers hugbúnaður, sýnir í rauntíma stöðu starfsmanna og símtöl á bið.
- Ef tölva er ekki notuð í ákveðin tíma breytist staða á notanda og hægt er að hafa flutning í t.d. GSM eða skiptiborð.
- Hótelhugbúnaður með PMS tengingu við bókunarkerfi.
- Hægt að taka upp öll símtöl eða einungis úr ákveðnum símtækjum.

Yealink-símtæki

Yealink er að verða einn stærsti framleiðandi á SIP-símtækjum og leggur allan metnað í að vinna með sem flestum IP símkerfa. Á heimasíðu Yealink er að finna leiðbeiningar um hvernig á að setja upp SIP-símtæki við flestar gerðir símstöðva, t.d NEC, 3CX, Avaya, Broadsoft, Trixbox, Asterisk, Philips ofl.

Yealink V2009P

Yealink T46G

Yealink W52P

Yealink T41P/42G

Yealink T21P

Yealink EASY VoIP

Boðleið

Boðleið Þjónusta ehf // Skeifan 3C // 108 Reykjavík // Sími: 535-5200 // bodleid@bodleid.is // www.bodleid.is

KANNSKI BESTU PIZZUR Í HEIMI

GILDIR EINGÖNGU Í TAKE AWAY

40% AFSLÁTTUR AF STÓRUM PIZZUM AF MATSEÐLI UM HELGINA

STÓR RAMBÓ

PIZZASÓSA, OSTUR, KJÚKLINGUR, PEPPERONI, SVEPPIR, JALAPENO, CHEDDAROSTUR

1794 kr.

~~2990~~

STÓR HAWAIIAN

PIZZASÓSA, OSTUR, SKINKA, ANANAS

1494 kr.

~~2490~~

STÓR DOUBLE PEPP

PIZZASÓSA, AUKA OSTUR, TVÖFALT PEPPERONI, CHILLI (LÍTIÐ)

1674 kr.

~~2790~~

Wilson'S PIZZA

pantaðu á netinu

581 15 15 wilsons.is

Ánanaustum Gnoðavogi 44 Eddufelli 6 Vesturlandsvegi

smáauglýsingar

FRÉTTABLAÐIÐ

smaar@frettabladid.is / visir.is

512 5000
Afgreiðsla smáauglýsinga og síminer opinn alla virka daga frá **9-17**

Allar smáauglýsingar vikunnar á **visir.is**

Bílalíf

SJÁLFSKIPTUR - EK.66Þ.KM
HYUNDAI Getz GLS. Árg. 2004, ek.67þ.km. sjálfskiptur. Gott eintak, einn eigandi. Verð 990þ. Er á staðnum s:562-1717

EKINN 27Þ.KM!!! SPARK
CHEVROLET SPARK. árg.5/2011, ekinn aðeins 27þ.km. Vel með farinn, einn eigandi! Verð 1.480þ. Er á staðnum - s:562-1717

Bílalíf
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
Opið virka daga 10-18
www.bilalif.is

BÍLASALA REYKJAVÍKUR

BMW 650. Árgerð 2007, ekinn 10 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 7.900.000. Rnr.430774.

BMW 730d f01. Árgerð 2011, ekinn 64 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 11.900.000. Rnr.411329

AUDI A7 tdi quattro S-Line. Árgerð 2013, ekinn 30 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 12.900.000. Rnr.411539

LAND ROVER Range Rover Evoque dynamic. Árgerð 2012, ekinn 21 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 10.790.000. Rnr.430473

Bílasala Reykjavíkur
Bíldshöfða 10, 112 Rvk.
Sími: 587 8888
www.br.is

LITLA bílasalan
www.litla.is 587 7777

VW Touareg r5 disel. Árgerð 2004, ekinn 175 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.370.000. Rnr.113868. bíll í góðu standi, skipti skoðuð.

Litla bílasalan
Eirhöfða 11, 110 Rvk.
Sími: 587 7777
www.litla.is

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



Toyota Yaris Sol. Árgerð 2012, ekinn 16 Þ.KM, bensín, 6 gírar. Verð 2.590.000. Rnr.990929

Kia Sportage EX 4wd. Árgerð 2012, ekinn 65 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.680.000. Rnr.990808.

Kia Sorento EX Classic 197 hö. Árgerð 2012, ekinn 58 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.690.000. Rnr.210167.

Skoda Octavia Ambiente. Árgerð 2003, ekinn 151 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 690.000. Rnr.240203

ASKJA notaðir bílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 590 2160
www.notadir.is

SUZUKI

Eigum EL-GO rafmagnsvespurnar til afgreiðslu strax, ekkert próf og ekkert bensín. Bara gaman. Sama lága verðið kr.148.900,-

Suzuki Umboðið ehf
SKEIFAN 17, 108 Reykjavík
Sími: 565-1725
SUZUKI@SUZUKI.IS
SUZUKI.IS - SUZUKISPORT.IS

KTM ÍSLAND

Til afgreiðslu strax KTM 250 EXC 2T árg. 2015 6 gíra, rafstart, vökvakúpling ofl. Frábært létt Enduro tvígengishjól. Hvítt númer. Sýningarhjól á staðnum. Verð: 1.579.900,- stgr.

KTM Ísland ehf.
Rofabæ 7, 110 Reykjavík
Sími: 586-2800
www.ktm.is

TOPPBÍLAR

HYUNDAI Getz gls. Árgerð 2007, ekinn 141 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 990.000. Rnr.286196.

HONDA Jazz comfort. Árgerð 2010, ekinn 66 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.790.000. Rnr.372090.

HONDA Cr-v. Árgerð 2005, ekinn 137 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.490.000. Rnr.336698.

M.BENZ E 200 ngt metan. Árgerð 2009, ekinn 55 Þ.KM, bensín, ssk. Verð 4.490.000.- TILBOÐ 3.790.000. METAN breyttur frá framleiðanda - hagkvæmur kostur Rnr.336116.

TOYOTA Land cruiser 120 vx. Árgerð 2007, ekinn 194 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.790.000. Rnr.371281.

TOYOTA Land cruiser 120 vx. Árgerð 2007, ekinn 175 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.350.000. Rnr.336308.

TOYOTA Land cruiser 120 gx 33". Árgerð 2006, ekinn 193 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.790.000. Rnr.371644.

TOYOTA Land cruiser 120 gx. Árgerð 2005, ekinn 240 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.190.000. Rnr.372036.

Toppbílar
Kletthálsi 2, 110 Rvk.
Sími: 587 2000
www.toppbilar.is

---

abill.is
NETBÍLASALA

FORD KA trend plus Spoirt Árgerð 2012, ekinn 55 Þ.KM bensín 5 gírar. Verð 1.390.000. Rnr.100464.BESTA BESTA VERÐIÐ Abill.is vantar bíla á skrá frítt að skrá á ABILL.IS

abill.is
Viðarhöfða 6, 110 Reykjavík
Sími: 5876600
Skráðu bílinn frítt á abill.is !

STÓRA BÍLASALAN

Nissan Leaf SL Árgerð 2014. Ekinn 12þ.km. Leður, 17" álfelgur o.m.fl!. Glæsilegur bíll sem er á staðnum. Verð 3.990.000kr staðgreitt. Raðnr 156388.

Jeep Grand Cherokee Limited Dísel Árgerð 2014. Ekinn 7þ.km. Einn með öllu! Stórglæsilegur bíll á staðnum. Skipti skoðuð. Verð 10.490.000kr. Raðnr 156237. Sjá á www.stora.is

VW Caddy Dísel Árgerð 2011. Ekinn 57þ.km. Beinskiptur. Er á staðnum. Verð 1.990.000kr án VSK. Raðnúmer 156289. Sjá nánar á www.stora.is

Stóra bílasalan
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5861414
Myndeftirlit á plani
http://www.stora.is

100bílar.is

VANTAR ALLAR GERÐIR BÍLA Á SKRÁ OG Á STAÐINN!!, Komdu til okkar, sendu okkur mail á 100bilar@100bilar.is eða hringdu í síma 5179999, Skráðu bílinn frítt hjá okkur. Kíktu á www.100bilar.is

100 bílar ehf
Þverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.00, lokað lau
www.100bilar.is

Bílar til sölu

Til sölu götuskráð karta á aðeins 400 þús. 170cc bensínmótor. Rafstart, sjálfskiptur, tveggja manna og með geymslurými í skotti. Til sýnis í sal hjá VDO Borgartún 36. S: 588 9747 www.vdo.is

Til sölu götuskráð karta á aðeins 450 þús. 170cc bensínmótor. Rafstart, sjálfskiptur, tveggja manna og með geymslurými í skotti. Til sýnis í sal hjá VDO Borgartún 36. S: 588 9747 www.vdo.is

---

Seldur.is

KAUPUM BÍLA
HÆRRA UPPÍTÖKUVERÐ
Við staðgreiðum bílinn þinn og þú getur þar með fengið staðgreiðsluafslátt af nýja bílnum. Sendu okkur upplýsingar í gegnum www.seldur.is og við sendum þér staðgreiðslutilboð.

ERU RISPUR Á BÍLNUM ÞÍNUM ?
QUIXX PAINT SCRATCH REMOVER fjarlægir rispur úr lakki hratt og örugglega. Skoðaðu úrvalið á www.quixx.is.

SPARIBAUKUR!
Daihatsu Cuore árg 2009, ek. 50 þús, 5 gíra beinsk.gott eintak, sumar og vetrardekk, tilboð. 1.090.000,- Uppl. í s. 843 4384.

Til sölu Toyota Corolla ekinn AÐEINS 185 þ. Verð 200 þ. Uppl. í síma 895 9989

Citroen C3 árg ,06. Ek 80þ., sjálfsk, heilsársdekk. Ný skoðaður, ný smurður, nýr rafgeymir. Verð 890.000kr. Uppl. í S: 698 9160.

Bílar óskast

BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.
Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

Sendibílar

568 5000 NS BÍLA- SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Hjólbarðar

VAKA

FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

Varahlutir

SMÁPARTAR.IS
Eigum orðið mikið úrval notaðra og nýja varahluta í margar gerðir bíla. Tökum einnig að okkur viðgerðir. Upplýsingar á Smápartar.is eða í síma 5675040-7785040

Viðgerðir

AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI
Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Par á meðal púst viðgerðir, bremsur og allar viðgerðir. Uppl. s. 555 6020.

PJÓNUSTA

Pípulagnir

PÍPULAGNIR
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 699 6069 & 663 5315.

FAGLÆRÐIR PÍPARAR
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Teppahreinsun, gluggahreinsun, flutningsþrif, húsgagnahreinsun, bónun o.s.fr. Uppl. Tómas, s. 699 6762 og www.gluggahreinsir.is

---

VY-ÞRIF EHF.
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 662 4010 www.vy.is

---

Garðyrkja

GARÐLIST 554 1999

SMÁVÉLAVIÐGERÐIR & UTANBORÐSMÓTORAR

Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, Gokartþjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig viðgerðir á fjórhjólum. JS Vélaverkstæði. S. 554 0661.

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

REGNBOGALITIR
Alhliða málningarþjónusta. Fagþjónusta. Vönduð vinnubrögð. Sími. 891 9890 malarar@simnet.is

MÁLNINGARÞJÓNUSTA REYKJAVÍKUR
Alhliða málningarþjónusta. Tilboð eða tímavinna. S. 778 0100.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

SENDIBILL.IS
Búslóðaflutningar, píanóflutningar, gerum tilboð í búslóðaflutninga út á land. Almenn sendibílaþjónusta. S. 772 3222

Húsaviðhald

STRÚCTOR BYGGINGAPJÓNUSTA EHF.
Flísalagnir - Múrverk - Flotun. Áratuga reynsla. Þorsteinn s. 893 6994

Nudd

NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Zanna.

Spádómar

MIÐLA TIL ÞÍN, ÞVÍ SEM ÞEIR SEM FARNIR ERU SEGJA MÉR UM FRAMTÍÐ ÞÍNA.
Einkatímar.
Tímapantanir í s. 587 4517 Erla.

Spákona. Miðla með aðstoð kaffibolla. Miðla til þín því sem þú þarft að heyra. 1 bolli 3500 kr, 2 bollar 5000 kr. S. 866 6597 Ásdís Spámiðill.

SPÁSÍMI 908-6116
Ástir, fjármál & heilsa.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

KEYPT & SELT

Til sölu

LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.
Stærðir í cm: 235x235, 217x217, 210x210, 200x200, 217x235, 217x174. Lokin þola 1000 kg jafnarðarþunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnarar til þess að auðvelda opnun á loki. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000

ÓDÝR HEIMILSTÆKI
Þvottavélar, þurrkarar, ísskápar og fl. Ábyrgð fylgir. Sala og viðgerðir. S. 587 5976.

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is
s. 552-4910.

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

Verslun

BÆTIR KYNLÍFIÐ OG KONUR FÁ MIKLU MEIRA ÚT ÚR SAMFÖRUM MEÐ WE-VIBE
Vinsælasta unaðstæki meðal para mörg ár í röð. Allar flottustu vörurnar fáanlegar. Millifærsla - greiðslukort - netgíró www.hush.is

Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Nudd

TANTRA NUDD
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

WWW.AKSTUROGKENNSLA.IS
Ökukennsla, ökuskóli og akstursmat. Kenni allan daginn. GSM: 8973660. Guðjón Ó. Magnússon.

Námskeið

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

RVK Studios leitar eftir einbýlishúsum til afnota við kvikmyndatökur. Sanngjörn leiga í boði. Upplýsingar í s. 847 6892 sveinnvidar@hive.is

Húsnæði óskast

RVK Studios leitar eftir einbýlishúsum til afnota við kvikmyndatökur. Sanngjörn leiga í boði. Upplýsingar í s. 847 6892 sveinnvidar@hive.is

Atvinnuhúsnæði

TIL LEIGU BOLHOLTI 4
NÆSTA HÚS VIÐ LAUGAVEG 178
245 fm. Versl. eða skrifstofuhúsnæði laust.

90-270 fm Lager eða f.þrifalega starfsemi laust.

Stór innkeyrsluhurð, góð lofthæð.
Uppl. í s. 893 8166

Skrifstofuherbergi til leigu að Súðarvogi 7 á annari hæð. 16 fm herb. laust strax og ca. 45 fm herb. sem losnar 01. okt Aðgangur að sameiginlegu fundarherbergi og eldhúsi. Uppl. í s. 824 3040 & 862 6679

Geymsluhúsnæði

GEYMSLULAUSNIR.IS
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

GEYMSLUHÚSNÆÐIÐ AUÐNUM II, 190 VOGAR.
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Opið virka daga 13-19 helgar 10-19. Uppl. í s. 895 3176 & 864 3176.

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

GEYMSLUR.COM
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

ATVINNA

Atvinna í boði

CAFÉ ROMA KRINGLUNNI
Óskar eftir starfskrafti í fullt starf. Aldur 20+. Íslenskukunnátta og reykleysi skilyrði.
Umsóknir sendist á kaffiroma@gmail.com

BAKARI / KAFFIHÚS
Óskar eftir starfskrafti fyrir hádegi virka daga og annan hvern laugardag, ekki yngri en 20 ára. Verður að tala íslensku.
Uppl. sendist á : sveinsbakari@sveinsbakari.is

PJÓNAR / BARÞJÓNAR ÓSKAST
Frederiksen Ale House, Nýr veitingastaður, óskar eftir þjónum í fullt starf og barþjónum um helgar. Umsóknir sendist á helgitomas@frederiksen.is

VEITINGAHÚSIÐ ÍTALÍA
óskar eftir að ráða þjóna í fullt starf 11 - 11, einnig vantar okkur þjóna á hádegisvaktir frá ca. 11.30 - 14.00.
Upplýsingar aðeins veittar á staðnum í dag og næstu daga.

LÓÐAFRAMKVÆMDIR
Óska eftir duglegum mönnum í lóðaframkvæmdir. Purfa geta byrjað strax.
Uppl. í s. 895 0570 & gardvelar@simnet.is

LEIKSKÓLINN VINAMINNI.
Laus er til umsóknar 100% staða starfsmanns í leikskólanum Vinaminni Asparfelli 10 111 Reykjavík. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af leikskólastarfi, sé jákvæður þolinmóður, samviskusamur, glaðlyndur og hafi gaman af börnum og skapandi starfi. Leikskólastarfið er skemmtilegt, ábyrgðarmikið og krefjandi starf sem þarf á kraftmiklu starfsfólki að halda.
Nánari upplýsingar hjá Sólveigu leikskólastjóra sími 8618055 og 5870977

BYGGINGAVINNA
Óska eftir starfsmönnum í byggingavinnu og einnig getum við bætt við okkur nemum í trésmíði.
Uppl. í s. 896 1018 & 567 4770 111@simnet.is

FYRIRTÆKIÐ STEDUM
óskar eftir starfsfólki í vinnu við þrif á heimilum og fyrirtækjum, bæði 50% og 100% koma til greina. Enska skilyrði.
Umsókn með meðmælum sendist á hallo@stedum.is. Frekari upplýsingar um fyrirtæki finnst á www.stedum.is

JOB OPENING AT A NEW COMPANY CALLED STEDUM
cleaning houses and offices, 50% and 100% openings. English is mandatory.
Please send application with references to hallo@stedum.is. More information about the company can be found at www.stedum.is.

Starfsfólk óskast til afgreiðslu um helgar ekki yngri en 18 ára, umsóknir sendist á bakari.is og nánari upplýsingar veitir Jón/Soffía í s:555-0480

MOSFELLSBAKARÍ - HÁALEITISBRAUT, RVK.
Óskum eftir þjónustulunduðu, hressu og samviskusömu fólki til að vinna með okkur í verslun okkar að Háaleitisbraut, Rvk. Vinnutími er virka daga frá 13:00 - 18:30 og aðra hverja helgi annann daginn. Umsækjendur þurfa að tala góða íslensku.
Umsóknareyðublöð er hægt að nálgst á netinu. Slóðin er www.mosfellsbakari.is/atvinnu-umsokn/

KAFFIHÚSIÐ TÍU DROPAR
óskar eftir að ráða vaktstjóra með reynslu af kaffihúsi/bar. Unnið er á 15 daga vöktum. 100% starf. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.
Umsóknir berist til fanney.10dropar@gmail.com

MOSFELLSBAKARÍ - MOSFELLSBÆ.
Óskum eftir þjónustulunduðu, hressu og samviskusömu fólki til að vinna með okkur í verslun okkar í Mosfellsbæ. Tvær vaktir eru í boði, frá 13:00 - 18:30 virka daga og aðra hverja helgi annann daginn eða frá 7:00 - 13:00 virka daga og einn dag aðra hverja helgi. Umsækjendur þurfa að tala góða íslensku.
Umsóknareyðublöð er hægt að nálgst á netinu. Slóðin er www.mosfellsbakari.is/atvinnu-umsokn/

KVÖLD- OG HELGARVINNA.
Við leitum að öflugu og skemmtilegu fólki til úthringinga. Fjölbreytt verkefni, tímakaup og bónusar. Lágmarksaldur 18 ára.

Hringið í síma 778-4500 eftri kl 16. á daginn eða um helgar tölvupóstur; kvoldvinna@simstodin.is

Vanur starfsmaður óskast til að hafa umsjón með kaffihúsi. Reynsla á þessu sviði tilskilin. Umsóknir sendist til thjonusta@365.is merkt „kaffihús"

Prinsinn söluturn óskar eftir fólki fullt starf, kvöld og helgarvinnu. Aðeins 18 ára og eldri. Uppl. í s. 867 8989

Óskum eftir að ráða til starfa vana trjáklippingarmenn. Umsóknir á www.gardlist.is

ROADHOUSE
óskum eftir starfsmanni í eldhús, fullt starf. Æskilegt að viðkomandi hafi reynslu af eldhússtörfum, en ekki skilyrði. Vaktavinna. Sendið umsókn á: baldur@roadhouse.is

Verktakafyrirtæki óskar eftir smið vönum utanhús viðgerðum. Einnig vantar vana málara. Uppl. í síma 6973592.

STARF VIÐ KJÖTBORÐ OG FL.
Vanur kjötafgreiðslumaður eða matreiðslumaður óskast. Vinnutími 9-18 virka daga og 9-16 annan hvern laugardag. Uppl. Kjöthöllin Háaleitisbraut 58-60 og s. 5538844 Sveinn

Hressó óskar eftir kokkum og/eða aðstoðar fólki í eldhúsi sem fyrst. Góð laun í boði fyrir rétta fólkið. Vinsamlega sendið upplýsingar um ykkur á johanna@hresso.is

skemmtanir

KL. 21:10
Wallander
Spennandi sakamálamynd þar sem Kenneth Branagh fer með hlutverk rannsóknarlögreglumannsins Kurt Wallander.

Skemmtilegt föstudagskvöld

KL. 20:00
Mike And Molly
Skemmtileg gamanþáttaröð um turtildúfurnar Mike Biggs og Molly Flynn.

KL. 20:25
NCIS: Los Angeles
Spennuþáttaröð með Chris O´Donnell og LL Cool J í aðalhlutverkum.

KL. 22:00
Man Of Steel
Stórmynd með Amy Adams og Henry Cavill í aðalhlutverkum.

KL. 19:05
Seinfeld
Ein vinsælasta gamanþáttaröð allra tíma með Jerry Seinfeld í aðalhlutverki.

Krakkastöðin **KL. 07:00-20:30**
Barnaefni alla daga
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.

KL. 21:50
Sons Of Anarchy
Adrenalínhlaðin þáttaröð með dramatískum undirtón og svörtum húmor.

Fáðu þér áskrift! 365.is

SUDOKU

LÉTT

5						4	2	
		4			3			7
		7	2		5	8		
3		9		8		6		
	5	6		1			3	8
	2	1					4	
9	6	3						
	7	5	9	6	4			
			1					

MIÐLUNGS

		8			4			
			8			7		
2	4			9				
		5	3		9	2		1
3			1			8		
6	2					9	4	
4			7					
8				6				
		6		3		5	9	

PUNG

6	5	8	4	7				
	7	1						5
	3					6		
	2		8			4	1	
		6		2				
	1	5	7					6
8				4				3
	6							
				9	6	8		

7	6	1	2	8	3	5	9	4
5	8	4	6	9	1	2	3	7
9	2	3	7	4	5	1	8	6
3	1	6	9	2	7	8	4	5
8	9	5	1	3	4	6	7	2
2	4	7	8	5	6	9	1	3
1	7	9	3	6	2	4	5	8
6	5	8	4	7	9	3	2	1
4	3	2	5	1	8	7	6	9

8	5	7	9	2	3	1	6	4
6	9	2	4	7	1	5	8	3
1	3	4	6	5	8	9	7	2
4	6	9	8	1	2	3	5	7
5	7	8	3	9	4	2	1	6
2	1	3	5	6	7	4	9	8
7	2	5	1	3	6	8	4	9
9	8	6	2	4	5	7	3	1
3	4	1	7	8	9	6	2	5

8	2	1	3	4	6	9	5	7
9	3	4	5	7	8	1	6	2
5	6	7	9	1	2	8	3	4
3	7	5	6	2	1	4	9	8
1	8	9	4	5	3	2	7	6
6	4	2	7	8	9	3	1	5
2	9	3	8	6	7	5	4	1
4	1	6	2	9	5	7	8	3
7	5	8	1	3	4	6	2	9

LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

Prautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Myndasögur

PONDUS Eftir Frode Øverli

GELGJAN Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

BARNALÁN Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

SPAKMÆLI DAGSINS

„Karlmenn halda framhjá af sömu ástæðu og hundar sleikja á sér punginn – af því að þeir geta það."

Kim Cattrall.



KROSSGÁTA

LÁRÉTT
2. fyrirhöfn, **6.** í röð, **8.** drulla, **9.** dauði, **11.** gelt, **12.** gafl, **14.** tónstigi, **16.** karlkyn, **17.** guð, **18.** prjónavarningur, **20.** íþróttafélag, **21.** ekki læs.

LÓÐRÉTT
1. elds, **3.** skóli, **4.** brá, **5.** bar, **7.** kæna, **10.** hald, **13.** starfsgrein, **15.** sjá eftir, **16.** nögl, **19.** haf.

LAUSN
LÁRÉTT: 2. ómak, **6.** áb, **8.** aur, **9.** látt, **11.** gá, **12.** stafn, **14.** skali, **16.** kk, **17.** goð, **18.** les, **20.** kr, **21.** ólæs.
LÓÐRÉTT: 1. báls, **3.** ma, **4.** augnlok, **5.** krá, **7.** bátskel, **10.** tak, **13.** fag, **15.** iðra, **16.** kló, **19.** sæ.

SKÁK

Gunnar Björnsson

Emil Sutovsky (2.624), Ísrael, hafði svart gegn Bayarsaikhan Gundavaa (2.501), Mongólíu, á Ólympíuskákmótinu í Tromsö.

Svartur á leik:

22....Bd7!! Hvítur verður mát eftir 23. Dxc7 Bxb5+. Hvíta drottningin getur hvergi forðað sér og valdað b5-reitinn um leið. Drottning fellur því.

www.skak.is Meistaramót Hugins hefst á mánudag.

Fáðu þér áskrift! 365.IS

Semballeikur og frásagnir

„Ég ætla að flytja áheyrilega barokktónlist eftir ýmsa höfunda, einn þeirra er Bach," segir Árni Heimir Ingólfsson um tónleika sem hann mun halda í Hannesarholti, Grundarstíg 10, á laugardaginn klukkan 14. Hann kveðst líka ætla að fræða fólk um tónlistina og hljóðfærið sem hann leikur á sem er semball, smíðaður í París 2011.

Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir. - gun

HRAFNKELL Listamaðurinn tók ljósmyndirnar í kafi.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Úr myrku hyldýpi

Hrafnkell Sigurðsson myndlistarmaður opnar sýningu á nýrri ljósmyndaseríu í i8 Gallery í dag.

Náttúran og þrýstingur vatns eru mótandi öfl í verkum Hrafnkels Sigurðssonar myndlistarmanns á sýningunni Revelation, 2014 sem hann opnar í i8 Gallery, Tryggvagötu 16 klukkan 17 í dag.

Á ljósmyndum hans fljóta renningar af bóluplasti um í djúpu vatni og taka þar á sig sterk form. „Sumar fellingarnar eru næstum barokkskar," bendir listamaðurinn á og bætir við að með myrkt hyldýpið sem bakgrunn taki formin líka á sig dulúðuga og handanheimslega áru. -gun

→ Petta er fimmta einkasýning Hrafnkels í i8. Hún stendur til 11. október.

ADHD „Ómurinn í upphafi breyttist í áferðarfallega músík sem erfitt er að lýsa," segir í dómnum.

MYND/SPESSI

ADHD: Afar Djarfur Heillandi Djass

★★★★☆

ADHD

á Djasshátíð Reykjavíkur miðvikudaginn 20. ágúst

Ekki er oft sem hægt er að ráða hvar maður situr í Eldborginni í Hörpu. Á órafmögnuðum tónleikum skiptir það litlu máli, svona upp á hljómburðinn að gera. Öðru máli gegnir um rafmagnaða tónleika. Á lokatónleikum Djasshátíðar Reykjavíkur settist ég beint fyrir aftan hljóðmennina, þar hlaut besta sándið að vera. Ég varð ekki fyrir vonbrigðum. Hljómurinn var fullkominn, hann var kristaltær og í alveg réttum hlutföllum. Bassinn var mikill en samt skýr, miðsviðið virkaði víðfeðmt og toppurinn var höflega sterkur.

Ég hugsa að hljóðstjórnin á tónleikunum hafi ekki verið auðveld. ADHD kom þarna fram og einkennandi fyrir hljóminn almennt var hve hann var gruggugur. Ég meina það í jákvæðum skilningi. Hammond-orgel var áberandi, og það framkallar eitthvað sem helst mætti kalla sjarmerandi skít. Þetta gerði heildaráferðina skemmtilega impressjóníska. Það var nánast eins og að horfa á málverk eftir Monet. Litirnir og áferðin var ægifögur, en formin voru óljós, gefin í skyn. Það var nánast eins og þau væru á milli tveggja heima, í veruleikanum og ósýnilegri veröld andans.

Tónlistarlega þýddi þetta að rytmar og mismunandi hljómasamsetningar voru allsráðandi, en laglínurnar voru fábrotnar. Þær voru oftast bara litlar hendingar sem urðu ekki að neinu sérstöku. Að gera slíkan hljóðheim tæran og flottan var afrek hjá hljóðmönnunum.

Þetta voru skemmtilegir tónleikar. Þeir byrjuðu á því að hljóðfæraleikararnir fjórir settu hljóðfærin í gang og við tók eitthvað sem hljómaði eins og verið væri að stilla hljóminn. Hljóðfæraleikararnir voru Davíð Þór Jónsson á ýmis hljómborðshljóðfæri, Óskar Guðjónsson á saxófón, Magnús Trygvason Eliassen á trommur og Ómar Guðjónsson á gítar og bassa. Ómurinn í upphafi breyttist í áferðarfagra músík sem erfitt er að lýsa. Þarna var hugstreymi, lög breyttust fyrirvaralaust í eitthvað annað sem varð að næsta lagi í ljúfri stígandi; þannig leið klukkutími.

Ég naut hvers tóns. Það var svo ótrúlega gaman að mörgu sem bar fyrir eyru. Tónlistin var fremur myrk, en ávallt heillandi. Hvort sem það voru síbreytilegir Hammond-hljómar eða Rakmaninoff-legur pínóleikur, seiðandi, draumkenndur saxófónleikur sem kom stöðugt á óvart, lokkandi slagverkshendingar eða skrautlegur gítarleikur. Maður hafði á tilfinningunni að verið væri að spinna tónlistina frá grunni þarna á sviðinu, en samt virkaði allt svo vel skipulegt. Útkoman var mögnuð upplifun. Jónas Sen

NIÐURSTAÐA: Impressjónísk tónlist sem hætti ekki að vera skemmtileg.

VIÐ UPPSETNINGU Guðný Dóra og Þórunn Elísabet eru búnar að koma hlutunum á sýningunni fallega fyrir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Auður átti sér margar skemmtilegar hliðar

Sýningin Auður á Gljúfrasteini verður opnuð í dag í Listasal Mosfellsbæjar. Undirtitill hennar er Fín frú, sendill og allt þar á milli og er tilvitnun í hana sjálfa.

„Þetta er margradda sýning sem hefur verið í undirbúningi lengi og hefur undið upp á sig eins og hnykill." Þetta segir Guðný Dóra Gestsdóttir safnstjóri um sýninguna Auður á Gljúfrasteini sem verður opnuð í dag í Listasafni Mosfellsbæjar í Þverholti 2 og fjallar um Auði Sveinsdóttur (1918-2012).

„Auður hefur alltaf staðið okkur sem störfum á Gljúfrasteini mjög nærri. Hún hafði frumkvæði að því að heimilið varð safn á sínum tíma, gaf allt innbúið og á fyrstu árunum veitti hún okkur dýrmætar upplýsingar um ýmsa muni þar því hver gripur á sína skemmtilegu sögu og hún skrifaði ýmsan fróðleik í stílabók sem hún lét mig fá," segir Guðný Dóra, sem er í sýningarteyminu ásamt Þórunni Elísabetu Sveinsdóttur sýningarhönnuði og Mörtu Guðrúnu Jóhannesdóttur safnafræðingi. Hún segir þær nálgast verkefnið af nærfærni og tilfinningasemi.

„Við kölluðum til dálítið stóran hóp til að koma með hugmyndir og fengum sögur sem tengdust Auði því hún brá sér í svo mörg hlutverk og sá um svo marga praktíska hluti. Hún var náttúrulega byggingarstjóri hússins á sínum tíma, hún setti keðjur undir bílinn, hún vélritaði fyrir Nóbelsskáldið, manninn sinn, og sá um heimilið. Hannyrðir hennar eru svo kapítuli út af fyrir sig. Hún átti sér margar skemmtilegar hliðar, hún Auður og því á undirtitillinn vel við, Fín frú, sendill og allt þar á milli."

Guðný Dóra segir sýninguna í Listasafni Mosfellsbæjar byggða á miklu trausti sem fjölskylda Auðar hafi sýnt þeim Þórunni Elísabetu og Mörtu Guðrúnu, hún hafi meðal annars lánað þeim bréfasafn Auðar og ýmsa muni. „Við fengum fjölskylduna til að lána okkur gripi og segja litlar sögur um þá. Svo er ýmislegt úr kössum og geymslum á Gljúfrasteini sem ekki hefur sést áður. Til dæmis erum við með mynstur að Maríuteppinu bláa, sem hangir í stofunni, sem Auður flýtti sér að ljúka við áður en Halldór kæmi heim frá Nóbelsverðlaunahátíðinni. Hún hafði setið yfir á Þjóðminjasafninu og teiknað þar upp mynstrið og útfært sjálf. Á þessum tíma var erfitt að finna efni og liti en hún náði í búta á ferðalögum sínum."

Sýningin í Listasafni Mosfellsbæjar verður opin í fimm vikur og Guðný Dóra segir ýmsa viðburði fyrirhugaða í tengslum við hana, meðal annars námskeið í skotthúfuprjóni. „Auður prjónaði skotthúfur og fékk viðurkenningu fyrir eina slíka í Álafoss-samkeppni."

gun@frettabladid.is

EKILLINN Auður í sendilshlutverkinu.

MYND/ÚR EINKASAFNI

> **Hún átti sér margar skemmtilegar hliðar, hún Auður og því á undirtitillinn vel við, Fín frú, sendill og allt þar á milli.**
>
> *Guðný Dóra Gestsdóttir safnstjóri.*

Þrír bassar á ferð

Tveir Rússar og einn Úkraínumaður syngja saman í Kristskirkju í kvöld með sínum djúpu röddum.

Þrír bassasöngvarar, Vladimir Miller, Michael Kruglov og Sergei Kryzhnenko, syngja aríur úr óperum, ástarsöngva og þjóðlög í upprunalegum útsetningum í í Kristskirkju, Landakoti í kvöld klukkan 20.

Þarna eru á ferðinni tveir Rússar og einn Úkraínumaður sem sameinast í söngnum og eru bestu vinir. Þeir hafa á valdi sínu ótrúlega djúpar raddir og afar lága tóna og hafa sungið saman síðan 2009 í heimalöndum sínum og víða um Evrópu. -gun

BASSARNIR ÞRÍR Þótt átök séu á þeirra heimslóðum eru þeir samstilltir í söngnum.

MYND/ÚR EINKASAFNI

OYSTER PERPETUAL GMT-MASTER II

ROLEX



MICHELSEN

ÚRSMIÐIR

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík - 511 1900 - www.michelsen.is

Í ævarandi varðveislu

Sigurður Guðmundsson kom filmum sínum á safn.

Sigurður Gumundsson myndlistarmaður afhenti nýlega Þjóðskjalasafni Íslands filmur ljósmyndaverka sinna. Verkin vann hann á árunum 1970 til 1982 og eiga þau samheitið Situations. Þau hafa verið sýnd um allan heim og eru mörg í eigu listasafna bæði í Evrópu og Norður-Ameríku.

Á undanförnum fjórum árum hefur verið unnið að endurskráningu og vinnslu myndanna. Heildarútgáfa af ljósmyndaverkum Sigurðar er væntanleg frá Crymogeu í október 2014. - gun

VIÐ AFHENDINGUNA Eiríkur G. Guðmundsson þjóðskjalavörður tók við filmunum fyrir hönd safnsins úr hendi Sigurðar.

Ólafur fær góða dóma í Danmörku

Sýning Ólafs Elíassonar í Louisiana fékk fimm stjörnur af sex í Berlingske.

Torbein Weirup skrifar dóm um sýningu Ólafs Elíassonar, Riverbed, á menningarsíðu Berlingske í gær undir fyrirsögninni Þetta er ekki mynd af landslagi – þetta er landslag. Þar segir hann að venjulega megi menn ekki snerta listaverk á sýningum, hvað þá ganga á þeim en á sýningu Ólafs Elíassonar séu gestir neyddir til að gera það, enda sé um að ræða magnþrungið íslenskt landslagt úr grjóti og möl sem breiði sig yfir salina.

Þó sé það eitt augnablik, eftir að komið er á staðinn, sem smá skúffelsi gerir vart við sig og hugsunin: Er ég kominn til Humlebæk til að sjá malarhrúgu? gerir vart við sig. Svo einfalt sé málið ekki frekar en oft áður þegar Ólafur Elíasson eigi í hlut. Hann hafi flutt eitt stykki íslenska náttúru með grjóti og lækjarfarvegi og komið fyrir milli hinna hvítu veggja safnsins. - gun

FARVEGURINN Sýningin vekur vissulega athygli. MYND/LOUISIANA

Í VESTURHEIMI Egill og Jón Víðis Hauksson myndatökumaður. MYND/ÚR EINKASAFNI

Pínulítið eins og Kiljan í Vesturheimi

Í þáttum Egils Helgasonar á RÚV sem hefjast á sunnudagskvöld er saga íslensku vesturfaranna rakin með hliðsjón af bókmenntum.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is

„Við erum með gott efni um íslensku vesturfarana í máli og myndum. Bæði efni sem við tókum upp sjálf og gamlar ljósmyndir og kvikmyndir sem við höfum fundið. Mest tengist það sögunni, bókmenntunum og blaðaútgáfunni. Ég held þetta sé saga sem ekki hefur verið rakin í sjónvarpinu áður. Pínulítið eins og Kiljan í Vesturheimi," segir Egill Helgason um nýja tíu þátta röð, sem hefur göngu sína í sjónvarpinu á RÚV á sunnudagskvöld og verður á dagskrá vikulega fram í október.

Egill fór vestur um haf í fyrra ásamt Ragnheiði Thorsteinsson upptökustjóra og Jóni Víði tökumanni. „Við tókum upp efni í Nýja-Íslandi, í Winnepeg, Norður-Dakóta og Alberta, líka á vesturströndinni, bæði Bandaríkja- og Kanadamegin. Hittum margt áhugavert fólk, flest af því eldra fólk, einkum eldri konur. Sú elsta sem við töluðum við var 104 ára. Það er enn fólk þarna sem talar klingjandi fallega íslensku, þó það hafi bara einu sinni á ævinni komið til Íslands. Sumir tala eiginlega 19. aldar íslensku."

Egill segir Vestur-Íslendingana hafa lifað ríku menningarlífi. „Fólk fór með mikið af bókum með sér og svo voru þarna skáld og rithöfundar innan hópsins. Um aldamótin 1900 var sterkasta menningarsamfélag Íslendinga ekki á Íslandi heldur í Winnepeg. Þar var mikil bóka - og blaðaútgáfa og blómlegt menningarstarf. Íslendingarnir rifust líka óskaplega mikið innbyrðis um alla hluti á prenti. Voru varla komnir út þegar þeir fóru að rífast gegnum blöð. Trúmál ollu klofningi og þeir rifust um þátttökuna í fyrri heimsstyrjöldinni. Það hefur ekki mikið verið sagt frá því en það voru um eitt þúsund Íslendingar sem börðust í kanadíska hernum og á annað hundrað íslenskir strákar sem féllu, sumir fæddir á Íslandi og aðrir af annarri kynslóð innflytjenda þar."

Meðal þeirra sem Egill náði sambandi við var 94 ára kona sem átti ömmu og afa í fyrsta hópnum sem fór út 1875. „Þetta er síðasta kynslóðin sem man eitthvað að ráði um Ísland," segir hann og bætir við. „Sagan er dramatísk. Fólk lenti í hrakningum og átti erfitt fyrst en svo hafði það það betra en búa við hokur á heiðarbýlum og ýmiss konar kúgun hér heima þannig að eftir fyrstu erfiðleikana reyndist það góð ákvörðun fyrir flesta að hafa farið."

EGILL OG RAGNHEIÐUR THORSTEINSSON „Ragnheiður á alveg jafn mikið í þáttunum og ég þótt ég verði á skjánum," segir Egill. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Smjörlíkisverksmiðjan mjólkaði peningum í kassann

Gömul hús með nýtt hlutverk nefnist dagskrá á Menningarnótt sem fram fer um miðjan dag í fjórum nýuppgerðum húsum við Hverfisgötu og Veghúsastíg. Þar stikla Margrét Sveinbjörnsdóttir menningarmiðlari og góðir gestir á hundrað ára sögu húsanna.

„Ég ætla að segja frá tveimur húsum við Hverfisgötu og tveimur við Veghúsastíg. Þau er búið að gera fallega upp og breyta í íbúðahótel undir heitinu Reykjavík Residence en dagskráin snýst fyrst og fremst um söguna." Þetta segir Margrét Sveinbjörnsdóttir menningarmiðlari sem ætlar að skyggnast aftur í tímann á Menningarnótt milli klukkan 14 og 17.

Svanur Jóhannesson bókbindari verður með Margréti og segir frá í húsinu á Hverfisgötu 21, en þar höfðu Hið íslenska prentarafélag og Félag bókagerðarmanna aðsetur í sjö áratugi. Garðar Cortes söngskólastjóri rifjar upp minningar úr húsinu númer 45 við Hverfisgötu þar sem Söngskólinn í Reykjavík var til húsa í aldarfjórðung.

Við Veghúsastíg 9 er Bergshús, nefnt eftir Bergi Einarssyni, fyrsta sútara landsins sem byggði það og bjó þar með fjölskyldu sína og var með verkstæði og verslun. „Þangað kom Danakonungur oftar en einu sinni með fylgdarlið og keypti skinnavöru. Það er til mynd af kóngsa í búðinni," segir Margrét.

„Á Veghúsastíg 7 var smjörlíkisgerðin Smári, veldi Ragnars í Smára og því mikilvægur staður í menningarsögu okkar. Til er skemmtileg tilvitnun í Halldór Laxnes. „Smjörlíkisverksmiðja hans mjólkaði peningum í kassann um leið og viðbiti handa landanum sem var þá illa kominn af feitmetisleysi. Hagnaðurinn af þessari magarínstasjón fór í að gefa út bækur, kaupa málverk og styrkja tónlistarlíf landsins…"

Sögusýning, sem Brúarsmiðjan og PORT hönnun hafa sett upp, er á göngum allra fjögurra húsanna á Menningarnótt á morgun, milli klukkan 14 og 17. gun@frettabladid.is

MENNINGARMIÐLARINN Margrét við hið hundrað ára gamla hús númer 45 á Hverfisgötu sem Matthías Einarsson læknir byggði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

KRÓNAN

Nýtt kortatímabil

FYRST OG FREMST ÓDÝR

KINDAKJÖT Á BETRA VERÐI

33% afsláttur

998 kr. kg

Verð áður ~~1498~~ kr. kg

Kindasnitsel og kindagúllas

ÍSLENSKT

32% afsláttur

998 kr. kg

Verð áður ~~1469~~ kr. kg

Grísakótilettur, ferskar eða í New York marineringu

649 kr. stk.

Sóma pizzur, 2 tegundir

Home Select nestispokar

Samloku -rennilásapokar, 50 stk.	189 kr.
Samlokupokar, 150 stk.	239 kr.
Snack rennilásapokar, 50 stk.	165 kr.

2 fyrir 1

69 kr. stk.

Yippy safi í fernu, 4 teg., 200 ml

Allra heimilispokar

Litlir, stærð 10	299 kr.
Miðstærð, stærð 15	349 kr.
Stórir, stærð 20	369 kr.

MAGN-PAKKNING

1995 kr. kg

Krónu kjúklingabringur, magnpakkning

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

EXPO • www.expo.is

Krónan Árbæ | Krónan Bíldshöfða | Krónan Breiðholti | Krónan Granda | Krónan Hvaleyrarbraut | Krónan Lindum | Krónan Mosfellsbæ | Krónan Reykjavíkurvegi | Krónan Vallakór | Krónan Akranesi | Krónan Reyðarfirði | Krónan Selfossi | Krónan Vestmannaeyjum

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

FÖSTUDAGUR 22. ÁGÚST 2014

Tónleikar

20.00 Prír bassar profundo er einstakt rússneskt verkefni sem ekki á sér hliðstæðu í heiminum. Bassarnir syngja saman í Langholtskirkju og er miðaverð 5.000 krónur.

21.00 Litla jazzhátíðin í Hafnarfirði. Fjarðarsystur Janis Carol og Linda Walker munu stíga á svið í Bæjarbíói. Miðaverð er 2.500 krónur.

22.00 Sjálfsprottin Spévísi kemur fram á Frederiksen Ale House. Kvartett band frá Akureyri með dass af indie. Dj SpEgill tekur við að lokum og klárar kvöldið. Aðgangur er ókeypis.

Sýningar

14.00 Sýningin S.I.R.K.U.S. er sett saman með yngri börnin í huga en þó ekki á kostnað eldri áhorfenda. Sirkus Íslands er staddur með tjaldið sitt Jöklu á Klambratúni og er miðaverð 2.500 krónur.

17.00 Heima er best er alíslensk sirkusskemmtun þar sem öll fjölskyldan nýtur þess að horfa á ótrúlega leikni listamanna Sirkuss Íslands. Sirkusinn er með tjaldið sitt Jöklu á Klambratúni og er miðaverð 3.000 krónur.

20.00 ALIEN CITIZEN: An Earth Odyssey er skemmtilegur og hnyttinn einleikur um hvernig það er að alast upp með fjölþjóðlegan bakgrunn, frá Mið-Ameríku, Norður-Afríku, Mið-Austurlöndum og Nýja-Englandi í Tjarnarbíói. Miðaverð er 2.000 krónur.

21.00 Skinnsemi er kabarettsýning með sirkusívafi þar sem lagt er upp úr fullorðinshúmor og stundum sýnt smá skinn. Sirkus Íslands er staddur með tjaldið sitt á Klambratúni og er miðaverð 3.500 krónur.

Uppákomur

21.00 Upphitun fyrir menningarnótt fer fram á Bunk þar sem plötusnúðar munu þeyta gömlum vínylskífum og halda uppi rólegri stemningu. Gleðistund á barnum.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.

HRESSIR MORÐINGJAR Félagarnir eru þekktir fyrir líflega sviðsframkomu.

Baldur hlýtur eldskírnina

Morðingjarnir koma fram á Gauknum í kvöld en þetta verða fyrstu tónleikarnir þeirra sem kvartett.

„Við vildum ekki vera að flækja þetta með einhverri hljómsveitahrúgu," segir Haukur Viðar Alfreðsson, meðlimur Morðingjanna, en sveitin heldur tónleika á Gauknum í kvöld ásamt hljómsveitinni Elínu Helenu. „Nú á okkar tíunda starfsári ákváðum við að bæta einum manni í hljómsveitina og eru þetta fyrstu tónleikar okkar sem kvartett," segir Haukur en sá sem hlýtur eldskírn sína sem Morðingi í kvöld er tónlistarmaðurinn Baldur Ragnarsson. „Hann hefur að vísu hlaupið undir bagga með okkur af og til en við erum bara í skýjunum yfir að hann sé orðinn fullgildur hljómsveitarmeðlimur."

Vonandi verða þetta bara fyrstu tónleikar af mörgum þar sem við verðum fjórir í miklu stuði.

Haukur Viðar Alfreðsson.

Morðingjarnir ættu að vera flestum Íslendingum kunnir en sveitin hefur verið starfandi frá árinu 2005 og sent frá sér þrjár plötur sem hafa hlotið góðar viðtökur landsmanna. „Við ætlum að dusta rykið af ýmsu gömlu efni og einnig flytja lög sem við höfum aldrei spilað áður," segir Haukur. „Vonandi verða þetta bara fyrstu tónleikar af mörgum þar sem við verðum fjórir í miklu stuði."

Tónleikarnir hefjast klukkan 22.30 á Gauknum og er miðaverð 1.000 krónur. - bþ

Erfitt að búa á Íslandi

Listakonan Kitty Von-Sometime frumsýnir nýjasta verk sitt á KEXI Hosteli í kvöld í samstarfi við Árstíðir.

„Þetta er alveg virkilega persónulegt myndband," segir listakonan Kitty Von-Sometime en hún frumsýnir nýjasta verk sitt OPUS/YOU AGAIN á KEXI Hosteli í kvöld. „Þetta er samstarfsverkefni mitt og hljómsveitarinnar Árstíða," segir Kitty. „Sveitarmenn sömdu lagstúf og sendu mér og þá fór ég að vinna í verkinu, síðan hittumst við og ræddum hvert ég vildi fara með þetta og þá samdi sveitin í kringum það, þetta var mikið fram og til baka sem var gott."

Kitty segir þetta ekki vera týpískt tónlistarmyndband á þann hátt að verkið tengist henni á mjög náinn hátt. „Ég er að lýsa því ástandi sem ég er í núna," segir listakonan en þar á hún við ástalíf sitt og lifnaðarhætti. „Bara það að búa á Íslandi, ég hef búið hérna lengur en ég hef búið í Englandi þannig að Ísland er heimilið mitt, en það er erfitt að búa hérna," segir hún og á þá við einangrunina sem fylgir landinu. Listakonan kemur ein fram í myndbandinu og hvert einasta smáatriði er vísbending og tilvitnun í líf hennar.

PERSÓNULEGT Listakonan kemur ein fram í myndbandinu.

„Ég er í raun mjög stressuð að sýna þetta, ég hef ekki sent frá mér neitt svona persónulegt og mjög langan tíma."

Myndbandið verður sýnt í hliðarsal KEX Hostels í kvöld klukkan 20.00 og verður það í eina skiptið sem myndbandið verður sýnt opinberlega og er frítt inn. - bþ

Það verður mögulega mjög sveitt

DJ Katla blæs til 90's tónlistarveislu á Húrra í kvöld

„Við erum búin að stefna lengi að því að halda þetta 90's kvöld," segir plötusnúðurinn Katla Ásgeirsdóttir en hún blæs til 90's tónlistarveislu á Húrra í kvöld ásamt Ísari Loga Arnarssyni.

„Við ætlum að spila danstónlist og dálítið í takt við það sem var verið að spila á klúbbunum á þessum tíma," segir plötusnúðurinn en einnig munu Einar Sonic og Ari, bróðir Ísars, stíga á svið.

„Ég held að þetta verði geðveikt og mögulega mjög sveitt." - bþ

SPILAR DANSTÓNLIST Katla hefur stefnt að 90's kvöldinu lengi.

FRÉTTABLAÐIÐ ER HELGARBLAÐIÐ

SKAPANDI SYSTKINATRÍÓ

Þau **Auður, Guðmundur** og **Þórður Jörundsbörn** eru öll að gera það gott á sviði skapandi greina. Auður í myndlist, Guðmundur í fatahönnun og Þórður í tónlistinni. Þau eru fædd og uppalin í 101 Reykjavík, eiga margt sameiginlegt en eru þó eins og ólík og hugsast getur.

Í hasarnum í Hollywood

Katrín Benedikts skrifar handritið að hasarmyndinni Expendables 3 ásamt eiginmanni sínum, Creighton Rothenberger, og sjálfum Sylvester Stallone. Hún er alíslensk í báðar ættir og grunaði ekki, þegar hún sleit barnsskónum á Suðurlandinu, að hún myndi skrifa handrit fyrir Harrison Ford, Arnold Schwarzenegger og Antonio Banderas.

Hrottafengnir atburðir

Heimsbyggðin furðar sig á hrottaskap **Íslamska ríkisins** í Sýrlandi og Írak. Reiðir ungir menn frá ýmsum löndum hafa hins vegar undanfarnar vikur og mánuði flykkst tugþúsundum saman til liðs við vígasveitir samtakanna. Fréttablaðið fer yfir liðna atburði og samtökin sem hræða heiminn.

Fjölhæfur listamaður

Justin Timberlake ætlar að trylla lýðinn í Kórnum á sunnudagskvöldið. Fréttablaðið fer yfir feril popparans heimsfræga.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24 | 105 Reykjavík | 512 5000 | Auglýsingar 512-5401 | **visir.is**

dyson

ÖFLUGAR HÁGÆÐA RYKSUGUR

- Mikill sogkraftur
- Engir pokar
- Góðar loftsíur
- Minni rafmagnsnotkun

Fyrir þá sem vilja
aðeins það besta!

Sem verkfræðingar verðum við að skoða og meta núverandi tækni og spyrja hvort til séu betri lausnir. Það er drifkrafturinn hjá Dyson - nýtt hugvit, nýjar lausnir. „Ég fann upp og þróaði Dyson Cyclone tæknina með þetta í huga. Ég vissi að það hlyti að vera til betri leið. Um það bil 5.127 frumgerðum síðar hafði ég fundið lausnina“.

James Dyson

JAMES DYSON
uppfinningamaður
cyclone vacuum tækninnar.

NÝ KYNSLÓÐ

15%

KYNNINGAR
AFSLÁTTUR

2ja ára ábyrgð á handryksugum og 5 ára ábyrgð á ryksugum.

dyson

Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL

Fimmtudaginn 21. ágúst Fimmtudaginn 21. ágúst Fimmtudaginn 21. ágúst

Ali Bacon þrjár þykktir ***10% afsláttur*** Verð áður 1879 kr.kg

Bónus **ferskar kjúklingabringur**

Brúnegg 10 stk. 680g

Bónus **ferskur heill kjúklingur**

Pampers *midi* **48 stk.** 27 KR. STK.
Pampers *maxi* **42 stk.** 31 KR. STK.
Pampers *junior* **41 stk.** 32 KR. STK.
Pampers *maxi plús* **39 stk.** 33 KR. STK.
Pampers *extra large* **33 stk.** 39 KR. STK.

Gott verð á Pampersbleium í Bónus 1298 kr. pakkinn

Bónus nýbakaðar ostaslaufur ca. 120g

Kók-kippa 6 flöskur 2 ltr.

Bónus nýbakað Mjúkar kringlur

AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30

BÓNUS EKKERT BRUÐL

VISA Tilboðin gilda fimmtudag til sunnudags

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

379 kr. 500g

Akursel
Lífrænar íslenskar gulrætur 500g

Dole 199 kr. kg.

Dole bananar 20% afsláttur

Verð áður 249 kr.kg ca. 40 kr. stk

398 kr. kg

Ameríska **Sætar kartöflur**

frá spáni; **RAUÐ VATNSMELÓNA** SEEDLESS WATERMELON

159 kr. kg.

398 kr 125g

Bónus Lambhagablanda

FERSKT GRÍSAKJÖT

169 kr. kg.

Danskar premium
Kartöflur í lausu

359 kr. kg.

Rauð Hollensk paprika

1098 kr. kg

Íslandsgrís **Ferskt grísasnitsel**

298 kr. 150g.

Nýtt íslenskt grænkál

1098 kr. kg

Íslandsgrís **Ferskt grísagúllas**

ÍSLANDS NAUT

Feskt ungnautakjöt
400 kr. afsláttur

2398 kr. kg

Ferskt ungnautasnitsel *Verð áður 2798 kr.kg*

3798 kr. kg

Íslandslamb **Ferskt lambafillet**

698 kr. kg.

Íslandsgrís **Ferskt grísahakk**

2398 kr. kg

Ferskt ungnautagúllas *Verð áður 2798 kr.kg*

2998 kr. kg

Íslandslamb **Ferskt lambaprime**

BÓNUS EKKERT BRUÐL

VISA

AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30

Buxur með víðum skálmum koma sterkar inn

Svokallaðar „gaucho“-buxur verða mjög vinsælar í hausttískunni en nóg úrval er af þeim hjá helstu fatakeðjum heimsins. Þessi tíska er þó ekki fyrir alla en þægileg er hún.

FOREVER 21

TOPSHOP

PIXIE MARKET

MANGO

ANTHROPOLOGIE

TÍST VIKUNNAR

Bobby Breiðholt
?@Breidholt
Ég var sá eini sem Zebra Katz vann ekki með. #útundan #hasbeen

Eiríkur Örn Norðdahl
@eirikurorn
Suma daga finnst mér undarlegt að eiga börn. Eða að börn séu yfir höfuð til. Líklega er það svefnleysið.

Aslaug Sigurbjornsd
@aslaugarna
Já já þeir komu með Dodo brandarann. Hlaut að koma að því #dodododo #teamstjarnan



Linda Petursdottir
@LindaPe
Happy to be able to rescue this lovely horse which was totally exhausted. #animalwelfare http://www.visir.is/linda-pe-bjargar-hryssu/article/2014140829924

Sjón
@Sjonorama
A volcanic eruption could be starting in Iceland's biggest glacier. So here is how you pronounce BÁRÐARBUNGA = BAUR-THAR-BOUN-GA ...

Stefán Máni
@StefnMni
Bárðarbunga er Sölvi Tryggvason eldfjallanna. Mikil umfjöllun en ekkert að gerast. #mo-untceleb



Sunna Ben
@SunnaBen
Ég hélt ekki að það væri hægt, en 2001 með Dr. Dre er betri á vínyl. #snobbdagsins #bestu-kaupársins

Berglind Festival
@ergblind
Veit ekki hvernig þessi fótboltaleikur fór í gær og væri til í að komast í gegnum lífið án þess að frétta af því.



SLÓ TIL Jón Andri segir ganga einstaklega vel að leigja út fótboltaspilið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fótboltaspilið sem allir eru að tala um

„Human Foosball“ eða mennskt fótboltaspil er nýkomið til landsins. Jón Andri Helgason hjá Skátalandi segir það hafa fengið mjög góðar viðtökur.

„Þetta er alveg glænýtt en við erum að byrja hægt og rólega að leigja þetta út,“ segir Jón Andri Helgason, aðalstarfsmaður Skátalands, um nýjasta tæki landsins. Það er svokallað „Human Foosball“ eða mennskt fótboltaspil sem felst í því að tvö lið halda fast um stangir og spila fótbolta án þess að mega hreyfa annað en fæturna.

SÓLARSAMBA Starfsmenn Sagafilm og Luxor leigðu tækið um daginn.

„Þetta er fullkomið fyrir steggjanir, partí eða afmæli,“ segir Jón Andri og bætir við að þessi skemmtun sé ekkert hættulegri en venjulegur fótbolti eða íþróttir almennt.

„Við höfum fengið rosalega góðar viðtökur. Ég sá þetta bara þegar ég var að panta hoppkastala fyrir sumarið og ákvað að slá til,“ segir Jón Andri og segir

→ Sólarhringsleiga á tækinu kostar 25 þúsund krónur.

lítið mál að færa tækið inn í hús þegar veturinn bankar á dyr.

„Það er ekkert mál að fara með þetta inn í íþróttahús ef maður vill gera eitthvað nýtt og prófa eitthvað aðeins öðruvísi.“

liljakatrin@frettabladid.is

15.8.2014 → 21.8.2014

LAGALISTINN

1	▲	**George Ezra**	***Budapest***
2	▲	Prins Póló	*París norðursins*
3	▲	Magic!	*Rude*
4	▼	Sam Smith	*Stay With Me*
5	▲	Valdimar	*Læt það duga*
6	▲	Maroon 5	*Maps*
7	▼	Júníus Meyvant	*Color Decay*
8	▼	Coldplay	*A Sky Full Of Stars*
9	▲	Nico & Vinz	*Am I Wrong*
10	▼	Sia	*Chandelier*

TÓNLISTINN

1	▲	**Low Roar**	***0***
2	▼	Ýmsir	*Fyrir landann*
3	▲	Dimma	*Vélráð*
4	▲	Ýmsir	*Icelandic folksongs*
5	▼	Kaleo	*Kaleo*
6	▲	Ýmsir	*This Is Icelandic Indie Music*
7	▲	Ýmsir	*This Is Icelandic Indie Music Vol. 2*
8	▲	Ásgeir Trausti	*Dýrð í dauðaþögn*
9	▲	Ýmsir	*Hot Spring: Askja*
10	▼	Ýmsir	*Pottþétt 62*

Skýringar ▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ✱ Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. **Þátttakendur í Lagalistanum** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2 og K100,5. Auk þess er tekið mið af sölu og spilun á Tónlist.is og spilun á Spotify. **Verslanir í Tónlistanum** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elko, Samkaup, Kaupfélag Skagfirðinga, Lucky Records, Vefverslun Record Records, N1 og tonlist.is

PALLA SPRENGJA

AÐEINS Í 4 DAGA!

Pallaefni 28x95

179 kr/lm

~~209~~

Lengd 3.9 m
AB gagnvarin fura

AÐEINS 1.790 kr/m²

Pallaefni 28x120

219 kr/lm

~~249~~

Allar lengdir
AB gagnvarin fura

AÐEINS 1.752 kr/m²

P5 ÁBYRGÐ

100% verðöryggi
og **5 ára** ábyrgð á
öllu pallaefni
í Húsasmiðjunni.

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

Hörpu umbreytt í risastóran tölvuleik

Listamennirnir Atli Bollason og Owan Hindley bjóða borgarbúum að spila hinn sígilda leik PONG á ljósahjálmi Hörpu með þráðlausu neti sem hægt er að tengjast með snjallsíma.

„Ég fékk þessa hugmynd þegar ég stóð á Arnarhóli fyrir svona tveimur árum að horfa á sólina setjast," segir Atli Bollason, en hann býður borgarbúum að spila tölvuleikinn sígilda PONG á ljósahjálmi Hörpu á Menningarnótt í samstarfi við Owan Hindley. „Núna er allt hafnarsvæðið orðið að leiktækjasal," segir Atli. Hver sem vill spila leikinn þarf aðeins að koma sér fyrir á Arnarhóli með gott útsýni yfir Hörpu. Þar hefur verið komið fyrir sérstöku þráðlausu neti sem spilarar tengjast með snjallsíma en símann nota leikendur svo til að stýra spöðunum í leiknum og framhlið Hörpu gegnir síðan hlutverki skjás. „Við prófuðum þetta í seinustu viku og þetta var ekkert smá feitt," segir Atli „Ferðamennirnir sem voru að labba fram hjá skildu ekkert hvað var í gangi."

Til þess að spila á Menningarnótt þurfa leikendur að mæta á Kalkofnsveg gegnt Hörpu á milli 21.30 og 23.00 og fá afhentan síma en frá 24.-31. ágúst getur hver sem er mætt með eigin snjallsíma og spilað frá klukkan hálftíu.

HVAÐ ER PONG?

Tölvuleikurinn Pong kom fyrst á markað árið 1972 og er stundum nefndur „fyrsti tölvuleikurinn". Þótt um það megi eflaust deila er víst að hann er fyrsti tölvuleikurinn sem nær verulegri útbreiðslu. Í leiknum stýra tveir leikmenn hvor sínum spaðanum og reyna að slá kúlu sem hvarflar á milli spaðanna.

LISTAMAÐUR Atli Bollason. MYND/VALLI

Allt að verða klárt fyrir Timberlake

Öllu hefur nú verið umturnað í Kórnum fyrir tónleika Justins Timberlake. Ekki hefur fengist staðfest hvort eiginkona kappans kemur með honum til landsins. Tónleikarnir sem sýndir verða beint á netinu marka tímamót því eftir þá fer Justin og hans fólk í mánaðar pásu.

Nú styttist óðfluga í tónleika Justins Timberlake en eins og myndirnar hér að neðan sýna er allt að verða klárt fyrir komu kappans. Mikil umbreyting hefur átt sér stað inni í húsinu og er meðal annars verið að smíða gang meðfram húsgaflinum þannig að þeir sem koma fram á sviðinu komist sína leið óáreittir. Heyrst hefur að öðrum íþróttasal inni í Kórnum hafi verið breytt í einkar fágaða baksviðsaðstöðu fyrir Justin og hans fólk, þar sem hver hefur sitt herbergi ásamt stóru og flottu sameiginlegu rými.

Fréttablaðið hefur áreiðanlegar heimildir fyrir því að um tuttugu manna hópur sé á leið til landsins frá útlöndum til þess að fara í VIP-partí sem haldið er á vegum 901 Tequila-vörumerkisins sem Justin Timberlake á hlut í. Um er að ræða VIP-partí sem fer fram á leyndum stað í Kórnum og að góðar líkur séu á að veislugestirnir hitti Justin. Talið er að þeir sem fá aðgang að þessu partíi séu viðskiptafélagar

→ Talið er að tuttugu manna hópur sé á leið til landsins á vegum 901 Tequila-fyrirtækisins sem Justin Timberlake á hlut í.

Justins og vinningshafar í einhvers konar happdrættisleik sem fór fram erlendis á vegum vörumerkisins.

Tónleikarnir á sunnudag verða sýndir í beinni útsendingu á netinu og er það Yahoo og Live Nation sem standa að útsendingunni. Einhver fjöldi af myndavélum kemur að utan en þá verða einnig grænjur frá Íslandi notaðar í útsendinguna. Þá er einnig talið að Íslendingar komi að útsendingunni. Vefsíðan Yahoo hefur meira að segja hafið niðurtalningu fyrir tónleikana á síðunni.

Sitt hvorum megin við sviðið verða LED-skjáir sem útsendingu Yahoo verður varpað á. Fólk þarf því ekki að örvænta þó að hávaxinn maður skyggi á útsýnið því LED-skjáirnir leyna engu. gunnarleo@frettablaðið

Á LEIÐINNI Justin Timberlake kom fram á einkatónleikum í París í gærkvöldi. Ætli kappinn komi til landsins í dag? NORDICPHOTOS/GETTY

SJÓNVARPSSTÖÐ TILEINKUÐ TIMBERLAKE

Útsendingar eru hafnar á nýrri sjónvarpsstöð tileinkaðri tónlistarmanninum Justin Timberlake. Útsendingar munu standa til mánudags, eða fram yfir tónleikana sem Justin heldur í Kórnum í Kópavogi sunnudagskvöldið 24. ágúst.

Stöðin hefur fengið heitið JTv og er hún aðgengileg í Sjónvarpi Vodafone, á stöðvum 195 á örbylgjuútsendingum Vodafone og stöðvum 994 og 995 (HD) í Vodafone Sjónvarpi um ljósleiðara, ljósnet eða ADSL.

Margvíslegt efni sem tengist stórstjörnunni verður sent út á JTv, auk þess sem áhorfendur munu geta notið beinnar útsendingar frá tónleikunum í Kórnum og fengið stemninguna beint í æð. Þar verða gestir teknir tali og andrúmsloftinu á tónleikasvæðinu varpað beint heim í stofu.

Á JTv verður send út tónlist Justins Timberlake og viðtöl sem tengjast kappanum. Þá munu birtast þar Instagram-myndir og tíst sem merkt eru #JTKorinn og þannig geta áhangendur kappans haft áhrif á hvað birtist á skjánum. Þetta fyrirkomulag er svipað því sem margir þekkja frá Evróvision-söngkeppninni þar sem fólk hefur tjáð sig í umfjöllun undir merkinu #12stig.

Yahoo-vefsíðan mun sýna beint frá tónleikunum sjálfum á sunnudag, svo hægt verður að fylgjast með þeim í beinni á netinu. Um leið munu svipmyndir innan úr Kórnum birtast á JTv auk tísta sem merkt eru #JTKorinn. Út mánudag munu síðan Instagram-myndir og tíst halda áfram að birtast á sjónvarpsstöðinni og gera tónleikagestum þannig kleift að endurupplifa stemninguna og deila upplifun sinni af viðburðinum.

Nöfn þeirra sem deila myndum sínum með fyrrnefndu myllumerki næstu daga, eiga þess kost á að vinna miða á viðburðinn en einn heppinn myndasmiður verður dreginn út daglega og fær hver tvo tónleikamiða. Daginn eftir tónleikana mun síðan einn heppinn þátttakandi til verða dreginn út og fær sá flugmiða fyrir tvo með WOW air.

VAR Í PARÍS Í GÆR

Justin Timberlake kom fram á tónleikum í Póllandi á þriðjudagskvöldið og voru það síðustu tónleikar kappans í tónleikaferðalaginu fyrir tónleikana á Íslandi. Hann kom þó fram á tónleikum í París í Frakklandi í gærkvöldi en um er að ræða einhvers konar einkatónleika sem voru ekki hluti af hinu formlega tónleikaferðalagi. Justin birti mynd af sér í París á Instagram í gær.

Tónleikar Justins Timberlake á sunnudaginn eru þeir síðustu í bili því við tekur mánaðar pása hjá honum og hans fólki og má því gera ráð fyrir að hann og hans fólk gerir sér glaðan dag af því tilefni.

SAMAN Á ÍSLANDI? Ekki hefur fengist staðfest hvort eiginkona Justins, Jessica Biel, kemur með honum til Íslands. NORDICPHOTOS/GETTY

→ Verður Biel á bíl?

Ekki hefur verið fengið staðfest hvort eiginkona Justins, Jessica Biel, kemur til landsins með honum. Ýmsar sögusagnir hafa þó verið á kreiki um að Biel og jafnvel fleiri fjölskyldumeðlimir séu á leiðinni til landsins, ekki síst vegna þess að tónleikarnir eru þeir síðustu í bili og því verður líklega talsverð gleði eftir tónleikana. Þá er það ekki á hverjum degi sem stjörnurnar koma til landsins og því kjörið tækifæri fyrir Biel að koma til landsins. Ætli Biel verði á bíl ef hún kemur?

SVAKALEGT SVIÐ Sviðið sem Justin stígur á er komið upp en um er að ræða eitt stærsta svið sem sett hefur verið upp hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

GENGUR VEL Hér má sjá grunn að ganginum sem verið er að smíða meðfram gafli hússins. Þennan gang mun Justin Timberlake ganga á leið sinni upp á svið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

netto

Kræsingar & kostakjör

markhonnun.is

Mjódd - Salavegur - Akureyri - Höfn - Grindavík
Reykjanesbær - Borgarnes - Egilsstaðir - Selfoss - Grandi

Tilboðin gilda 20. - 22. ágúst

LAUGARÁS BÍÓ
midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
Þú færð Coca-Cola í Laugarásbíói

Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.

LAUGARÁSBÍÓ	Sýningartímar	
LET'S BE COPS	5:45, 8, 10:35	12
THE EXPENDABLES 3	5, 8, 10:15(P)	14
LUCY	8, 10	16
DINO TIME: TÝND Í TÍMA	3:45	L
TEMJA DREKANN SINN 2D	5	L

5% Sími: 553-2075 www.laugarasbio.is

SAMbio.is









SAMbíóin ÁLFABAKKA

INTO THE STORM	kl. 6 - 8 - 10:10	12
INTO THE STORM VIP	kl. 8 - 10:10	12
STEP UP: ALL IN	kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30	7
FLUGVÉLAR: BJÖRGUNARSVEITIN ísl.tal kl. 3D: 4 - 6 2D: 4 - 6		L
GUARDIANS OF THE GALAXY 3D kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30		12
GUARDIANS OF THE GALAXY VIP 2D kl. 3 - 5:30		12
LUCY	kl. 8 - 10:10	16
HERCULES	kl. 10:20	12
CHEF	kl. 8	12
TARZAN ísl.tal 2D	kl. 3:50	7

SAMbíóin KEFLAVÍK

INTO THE STORM	kl. 8 - 10:10	12
GUARDIANS OF THE GALAXY 2D kl. 5:30		12
STEP UP: ALL IN	kl. 8	7
LUCY	kl. 10:20	16
FLUGVÉLAR: BJÖRGUNARSVEITIN ísl.tal 3D kl. 5:50		L

SAMbíóin EGILSHÖLL

INTO THE STORM	kl. 6 - 8 - 10	12
GUARDIANS OF THE GALAXY kl. 3D: 5:20 - 8 - 10:35 2D: 7 - 9:30		12
STEP UP: ALL IN	kl. 5:30 - 8 - 10:30	7
FLUGVÉLAR: BJÖRGUNARSVEITIN ísl.tal 2D kl. 5		L

SAMbíóin KRINGLUNNI Númeruð sæti

INTO THE STORM	kl. 8 - 10:10 - 10:45	12
GUARDIANS OF THE GALAXY 2D kl. 5:30 - 8 - 10:30		12
STEP UP: ALL IN	kl. 5:30	7
FLUGVÉLAR 2 ísl.tal 2D	kl. 6	L
JERSEY BOYS	kl. 8	12

SAMbíóin AKUREYRI

INTO THE STORM	kl. 8 - 10	12
GUARDIANS OF THE GALAXY 2D kl. 10:20		12
STEP UP: ALL IN	kl. 5:30 - 8	7
FLUGVÉLAR 2 ísl.tal 3D	kl. 6	L

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ

SMÁRA BÍÓ 5%

LET'S BE COPS	kl. 5.40 - 8 - 10.20	12
LET'S BE COPS LÚXUS	kl. 5.40	12
EXPENDABLES	kl. 5 - 8 - 10.40	14
EXPENDABLES LÚXUS	kl. 8 - 10.40	14
FLUGVÉLAR ÍSL.TAL 2D	kl. 3.40 - 5.50	L
FLUGVÉLAR ÍSL. TAL 3D	kl. 3.40	L
LUCY	kl. 8 - 10.10	16
SEX TAPE	kl. 8	14
DAWN_PLANET OF THE APES 3D	kl. 10.10	12
AÐ TEMJA DREKANN 2 ÍSL. TAL 2D	kl. 3.30 - 5.45	L

HÁSKÓLA BÍÓ 5%

LET'S BE COPS	kl. 6 - 9	12
EXPENDABLES	kl. 6 - 9	14
NIKULÁS Í FRÍI	kl. 6	L
DAWN_PLANET OF THE APES 3D	kl. 9	14
VONARSTRÆTI ENSKUR TEXTI	kl. 6	14
VONARSTRÆTI	kl. 9	14

Miðasala á: Miði

FJÖLSKYLDUPAKKINN Barnafjölskyldur fá alla miða á barnaverði NÁNAR Á SMARABIO.IS/BYLTING

Út fyrir þægindahringinn

BAKÞANKAR
Kolbeins Tuma Daðasonar

Fyrir ekki svo löngu þurfti fólk að taka upp símann til þess að koma skilaboðum á framfæri. Þegar góður vinur átti afmæli þá hringdirðu í hann og óskaðir honum til hamingju með daginn. Ef þú varst illa fyrirkallaður þurftirðu að hringja þig inn veikan. Ef þér leist vel á dömu þá hringdirðu í hana og heyrðir í henni hljóðið.

Í DAG sendir fólk bara misfrumlegar afmæliskveðjur á Facebook. SMS á yfirmanninn dugar til að láta hann vita að þú komist ekki til vinnu og sætu stelpunni þarftu ekki einu sinni að senda skilaboð fyrr en þú ert þegar búinn að fá staðfestingu á því að henni finnist þú á einhvern hátt áhugaverður á Tinder.

AUÐVITAÐ eru ýmsir kostir við alla þessa nýju samskiptatækni. Hún kemur hins vegar aldrei í staðinn fyrir þá ánægju eða upplifun sem þú átt kost á að fá með því að ræða við einhvern augliti til auglitis eða í gegnum síma. Með nýrri tækni hefur líka breyst hversu mikils virði eitt símtal getur verið: „Vá, hann hringdi í mig á afmælisdaginn minn. Þar fer sannur vinur."

ÞAÐ eitt og sér að hringja í einhvern er í sumum tilfellum orðið risaskref út fyrir þægindahringinn. Eins og að syngja sitt fyrsta lag í karókí, taka puttaling upp í bílinn eða gera sér ferð yfir götuna til að hjálpa eldri konu. Yfirleitt líður manni vel eftir á. Í það minnsta verður dagurinn eftirminnilegri. Ég tala ekki um ef í ljós kemur að puttalingurinn er með keðjusög í töskunni.

SJÁLFUR steig ég skref út fyrir þægindahringinn á dögunum og tók upp símann. Óhætt er að segja að úr hafi orðið steiktasta símtal sögunnar. Símtalið svaraði hins vegar spurningum mínum á augabragði í stað endalausra skilaboð á Facebook eða sms-formi. Þá er bara spurningin hvern maður hringir í næst.

GEGGJUÐ Á SVIÐI Íslendingar geta hlakkað til að berja The Knife augum. NORDICPHOTOS/GETTY

SYSTKINI SEM SIGRUÐU TÓNLISTARHEIMINN

Sænski raftónlistardúettinn The Knife spilar á tónlistarhátíðinni Iceland Airwaves í ár. Hljómsveitina skipa systkinin Karin Dreijer Andersson og Olof Dreijer.

Sænska hljómsveitin The Knife, skipuð systkinunum Karin Dreijer Andersson og Olof Dreijer, spilar á tónlistarhátíðinni Iceland Airwaves í ár sem haldin verður dagana 5. til 9. nóvember.

Karin og Olof hafa verið leiðandi í raftónlistarheiminum síðan hljómsveitin The Knife var stofnuð árið 1999 en það er skemmtileg tilviljun að Iceland Airwaves var einmitt haldin í fyrsta sinn það ár.

The Knife náði athygli heimsins árið 2003 þegar platan Deep Cuts kom út og frægðarsól sveitarinnar reis hátt þegar hennar útgáfa af laginu Heartbeats var notað í auglýsingu fyrir Sony. Síðan þá hafa lög systkinanna verið notuð í ýmsum sjónvarpsþáttum og myndum, til dæmis Ugly Betty, CSI: NY og Entourage.

MÓTMÆLA YFIRRÁÐUM KARLA Í TÓNLIST

Karin og Olof mæta aldrei á verðlaunahátíðir og þau sjást sjaldan opinberlega. The Knife hlaut sænsku Grammi-verðlaunin sem poppsveit ársins árið 2003 en systkinin mættu ekki á athöfnina. Í sinn stað sendi dúettinn tvo fulltrúa úr hópnum Guerrilla Girls sem voru búnar að skrifa töluna 50 á fötin sín sem átti að mótmæla yfirráðum karla í tónlistarbransanum.

The Knife hlaut öll sex verðlaunin sem sveitin var tilnefnd til á Grammi-verðlaununum árið 2007 en mætti ekki heldur á þá hátíð.

→ Plötur The Knife

The Knife (2001)
Deep Cuts (2003)
Silent Shout (2006)
Shaking the Habitual (2013)

Þó að sveitin hafi notið gríðarlegrar velgengni snemma á ferlinum fór hún ekki á tónleikaferðalag fyrr en árið 2006; í kjölfar útgáfu plötunnar Silent Shout sem hlaut einróma lof gagnrýnenda.

Karin og Olof hafa verið tilnefnd og hlotið fjöldann allan af verðlaunum en harðneita að mæta á verðlaunahátíðir. Þá reka þau einnig sitt eigið plötufyrirtæki, Rabid Records.

Meðal annarra sveita sem koma fram á Iceland Airwaves í ár eru til dæmis Flaming Lips, The War on Drugs, Caribou, Samaris, Unknown Mortal Orchestra, Future Islands og Hozier.

liljakatrin@frettabladid.is

BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS

MONTY PYTHON LIVE (mostly) 7 - 12 ÁGÚST: 20.00
SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADÍS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

TILBOÐSDAGAR BÍLALANDS

NÚ ERU TILBOÐSDAGAR HJÁ BÍLALANDI OG FJÖLDI BÍLA Á EINSTÖKUM KJÖRUM!
KOMDU STRAX Í DAG OG TRYGGÐU ÞÉR EINTAK - OPIÐ FRÁ KL. 09-18.

HONDA CIVIC SPORT
Nýskr. 08/08, ekinn 67 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður: 1.990 þús. kr.

TILBOÐ 1.590 þús. kr.

Staðsetning: Kletthálsi - Rnr. 102297

KIA CARENS
Nýskr. 05/08, ekinn 142 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður: 1.990 þús. kr.

TILBOÐ 1.490 þús. kr.

Staðsetning: Kletthálsi - Rnr. 281887

SUZUKI SPLASH
Nýskr. 01/12, ekinn 70 þús. km.
bensín, 5 gírar.
Verð áður: 1.490 þús. kr.

TILBOÐ 1.190 þús. kr.

Staðsetning: Kletthálsi - Rnr. 281688

MERCEDES BENZ G320
Nýskr. 05/08, ekinn 125 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður: 7.950 þús. kr.

TILBOÐ 6.690 þús. kr.

Staðsetning: Kletthálsi - Rnr. 131120

RENAULT MEGANE SP. TOURER
Nýskr. 05/13, ekinn 34 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður: 3.390 þús. kr.

TILBOÐ 2.790 þús. kr.

Staðsetning: Akureyri - Rnr. 141892

LEXUS RX400H EXE
Nýskr. 09/07, ekinn 120 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður: 3.890 þús. kr.

TILBOÐ 2.990 þús. kr.

Staðsetning: Kletthálsi - Rnr. 130677

NISSAN QASHQAI SE
Nýskr. 05/12, ekinn 46 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður: 4.790 þús. kr.

TILBOÐ 3.890 þús. kr.

Staðsetning: Keflavík - Rnr. 130767

SUBARU FORESTER X
Nýskr. 07/10, ekinn 84 þús. km.
bensín, 5 gírar.
Verð áður: 2.990 þús. kr.

TILBOÐ 2.390 þús. kr.

Staðsetning: Kletthálsi - Rnr. 281668

LEXUS RX300
Nýskr. 10/00, ekinn 206 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður: 990 þús. kr.

TILBOÐ 690 þús. kr.

Staðsetning: Keflavík - Rnr. 281869

NISSAN PATHFINDER SE
Nýskr. 06/08, ekinn 94 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður: 4.380 þús. kr.

TILBOÐ 3.290 þús. kr.

Staðsetning: Kletthálsi - Rnr. 102116

FORD MONDEO
Nýskr. 09/05, ekinn 166 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður: 1.090 þús. kr.

TILBOÐ 690 þús. kr.

Staðsetning: Keflavík - Rnr. 142112

OPEL ASTRA ENJOY TURBO
Nýskr. 09/08, ekinn 62 þús. km.
bensín, 6 gírar.
Verð áður: 1.890 þús. kr.

TILBOÐ 1.490 þús. kr.

Staðsetning: Kletthálsi - Rnr. 130991

HYUNDAI TUCSON 4X4
Nýskr. 06/08, ekinn 127 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður: 1.890 þús. kr.

TILBOÐ 1.190 þús. kr.

Staðsetning: Kauptún - Rnr. 201331

TOYOTA PRIUS HYBRID
Nýskr. 09/08, ekinn 101 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður: 2.250 þús. kr.

TILBOÐ 1.490 þús. kr.

Staðsetning: Kletthálsi - Rnr. 120389

PORSCHE CAYENNE S
Nýskr. 12/07, ekinn 73 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður: 5.990 þús. kr.

TILBOÐ 4.390 þús. kr.

Staðsetning: Kletthálsi - Rnr. 130621

NISSAN X-TRAIL LE
Nýskr. 02/08, ekinn 191 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður: 2.690 þús. kr.

TILBOÐ 1.990 þús. kr.

Staðsetning: Kletthálsi - Rnr. 281812

HYUNDAI iX35
Nýskr. 06/11, ekinn 113 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður: 3.390 þús. kr.

TILBOÐ 2.890 þús. kr.

Staðsetning: Kletthálsi - Rnr. 281899

FORD F350 4X4
Nýskr. 12/02, ekinn 129 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður: 1.950 þús. kr.

TILBOÐ 1.450 þús. kr.

Staðsetning: Kletthálsi - Rnr. 142084

CITROEN C5
Nýskr. 02/08, ekinn 66 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður: 1.690 þús. kr.

TILBOÐ 1.290 þús. kr.

Staðsetning: Kletthálsi - Rnr. 320165

TOYOTA YARIS TERRA
Nýskr. 03/13, ekinn 53 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður: 2.350 þús. kr.

TILBOÐ 1.880 þús. kr.

Staðsetning: Kletthálsi - Rnr. 120360

Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík og Hyundai notaðir bílar - Kauptúni 1 - 210 Garðabæ
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is

Opið frá kl. 09-18 og
á laugardögum frá kl. 12-16.

bílaland

ENNEMM / SÍA / NM63992

Arnar fékk síðbúið brons

FRJÁLSAR Matthildur Ylfa Þorsteinsdóttir, ÍFR, hafnaði í 6. sæti í langstökki í flokki T37 á Evrópumeistaramóti fatlaðra í frjálsíþróttum í gær. Matthildur stökk lengst 3,96 metrar en besta stökk hennar á þessu ári er 4,08 metrar. Hin rússneska Anna Sapozhnikova varð hlutskörpust í keppninni, en hún stökk lengst 4,46 metra. Matthildur mætir aftur til leiks í dag þegar hún keppir í 400 metra hlaupi.

Arnar Helgi Lárusson keppti einnig í gær í 200 metra hjólastólakappakstri í flokki T53 og varð fimmti af fimm keppendum. Hann kom í mark á 39,09 sekúndum sem er langt frá hans besta, en Íslandsmet Arnars Helga er 33,45 sekúndur. Seinna um kvöldið kom í ljós að tveir keppinautar Arnars voru dæmdir úr leik og fékk okkar maður því bronsverðlaunin.

Auðvelt að koma aftur

FÓTBOLTI Albert Brynjar Ingason er leikmaður 16. umferðar Pepsi-deildar karla að mati Fréttablaðsins, en hann skoraði tvö mörk í 4-1 sigri Fylkis á Þór á mánudagskvöldið. Alls hefur Albert skorað fjögur mörk í fjórum leikjum síðan hann kom frá FH í síðasta mánuði.

Í samtali við Fréttablaðið í gær sagðist hann vera ánægður með að vera kominn aftur í Árbæinn:

„Það var ekkert mál að koma aftur. Ég þekki allt og alla í kringum félagið og það var ánægjulegt að hafa byrjað strax að skora. En það mikilvægasta er að ná í stig, sem við höfum verið að gera að undanförnu," sagði Albert.

Fylkir hefur fengið tíu stig í síðustu sex leikjum, sem hafa allir verið á heimavelli, en liðið á einn leik eftir í þessari miklu heimaleikjatörn. Albert segir mikilvægt fyrir Fylki að standa sig vel á heimavelli:

„Við viljum gera þetta að alvöru heimavelli, fyrst hann er orðinn svona flottur. Það er ótrúlegt hvað það breytir miklu að fá nýja stúku," sagði Albert að endingu.

- ibs

MARKHEPPINN Albert á ferðinni.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

UNDANÚRSLIT Hrafnhildur komst aftur í undanúrslit. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hrafnhildur ekki í úrslit

SUND Hrafnhildur Lúthersdóttir, sunddrottningin úr SH, hafnaði í sjötta sæti í fyrri riðli undanúrslitanna í 200 metra bringusundi á Evrópumeistaramótinu í 50 metra laug í Berlín í gær.

Hún kom í mark á 2:28,72 mínútum sem var ögn lakari tími en í undanrásunum. Hrafnhildur var rúmri einni sekúndu frá Íslandsmeti sínu.

Í heildina varð Hrafnhildur í tólfta sæti og komst ekki í úrslitasundið, en þær átta bestu í gær keppa til úrslita í kvöld.

Hrafnhildur hefur synt vel í Berlín, en í fyrradag bætti hún eigið Íslandsmet í 100 metra bringusundi þegar hún kom í mark í undanúrslitum á 1:08,19 mínútum. Hún varð í tíunda sæti í 100 metrunum og svo tólfta í 200 metra bringusundi í gær sem fyrr segir. - tom

VELKOMINN Ítalinn skapbráði er að koma aftur. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Balotelli snýr aftur í enska

FÓTBOLTI Ítalski framherjinn Mario Balotelli er á leið aftur í enska boltann, en AC Milan samþykkti í gær 16 milljóna punda kauptilboð Liverpool í þennan áhugaverða leikmann.

Sky Sports greindi svo frá því í gærkvöldi að Balotelli gengst undir læknisskoðun hjá Liverpool í dag og verður orðinn löglegur fyrir leik liðsins á mánudaginn.

Þar mætir Liverpool einmitt Manchester City sem Balotelli þekkir vel eftir þriggja ára dvöl í Manchester frá 2011-2014.

Balotelli spilaði 54 leiki með City í úrvalsdeildinni og skoraði 20 mörk, en komst meira í fréttirnar fyrir alls kyns uppákomur utan vallar. Liverpool og Man. City mætast næstkomandi mánudagskvöld eins og áður segir. - tom

Endurkomumeistarinn

Craig Pedersen, þjálfari körfuboltalandsliðsins, er vanur því að lið hans komi til baka. Það gerðist með ótrúlegum hætti í úrslitum danska bikarsins í fyrra og hefur gerst í öllum þremur leikjum Íslands.

KÖRFUBOLTI Ísland er væntanlega á leiðinni á EM í körfubolta á næsta ári og ein aðalástæðan fyrir því að liðið skipa leikmenn og þjálfarar sem gefast aldrei upp. Aðalþjálfari liðsins er líka maður sem hefur lagt það í vana sinn að stýra eftirminnilegum endurkomum á árinu 2014.

Íslenska körfuboltalandsliðið vann sinn stærsta sigur í Koparkassanum í London í fyrrakvöld þegar liðið tryggði sér annað sætið í sínum riðli í undankeppni EM með því að vinna 71-69 sigur á Bretlandi.

Íslenska liðið vann þarna sinn annan endurkomusigur í röð á móti Bretum en það stóð ekki öllum á sama þegar Bretarnir voru þrettán stigum yfir í upphafi seinni hálfleiksins. Breska liðið var með meðbyr allan fyrri hálfleikinn og hófu þann seinni á því að skella niður tveimur þriggja stiga körfum. Íslenska liðið átti hins vegar frábæran endasprett eins og í hinum tveimur leikjum sínum í undankeppninni. Liðið vann síðustu sextán mínúturnar á móti Bretum með 20 stigum í Laugardalshöllinni og síðustu 19 mínúturnar með 15 stigum í London í fyrrakvöld. Þá má ekki gleyma því hvernig strákarnir komu sér aftur inn í leikinn í Bosníu þótt hann hafi síðan tapast.

Áhrif Pedersen á íslenska liðið

Craig Pedersen tók við þjálfun íslenska landsliðsins í ár og hann er væntanlega að koma liðinu inn á Evrópumótið í fyrstu tilraun. Það er þó ekkert öruggt enn þá því enn á eftir að koma í ljós hvaða sex lið komast á EM af þeim sjö sem enda í öðru sæti í sínum riðlum.

„Við lentum þrettán stigum undir en héldum bara áfram að berjast, berjast og berjast. Við börðumst við þá allan tímann og efnafræði okkar liðs skipti miklu máli í kvöld," sagði Craig Pedersen og er þar að tala um samheldnina, fórnfýsina og bræðralagið sem einkennir íslenska körfuboltalandsliðið í dag.

Þetta er ekki fyrsta liðið undir hans stjórn sem kemur til baka með eftirminnilegum hætti á þessu ári. Sú var raunin þegar hann gerði Svendborg að dönskum bikarmeisturum síðasta vetur. Svendborg var þá 23 stigum undir í hálfleik á móti sterku liði Bakken Bears en tryggði sér bikarinn með því að vinna seinni hálfleikinn með 26 stigum. Craig vill samt ekki stimpla sig sem einhvern endurkomumeistara.

Reyni að hugsa ekki út í EM

„Ég hef verið heppinn í öllum þessum leikjum að hafa hjá mér harðgera leikmenn sem neita að tapa. Þeir gáfu í og þá sérstaklega varnarlega og settu um leið nýjan tón í leikinn," sagði Craig. Það er líka ómögulegt fyrir hann að setja þennan sigur í sæti á listanum yfir flottustu sigrana á þjálfaraferlinum.

„Það eru svo margir leikir sem skipta mig miklu máli. Þessi er einn af þeim sem og leikurinn á heimavelli á móti Bretlandi. Það var einnig frábær sigur því það voru ekki margir í Evrópu sem bjuggust við sigri hjá okkur í þeim leik. Það er því mikið afrek að vinna þá aftur og það á þeirra heimavelli," sagði Craig og bætti við:

„Auðvitað skiptir þessi leikur mestu máli núna því hann er nýbúinn. Bikarsigurinn í Danmörku fyrir átta mánuðum var einnig risastór sigur," segir Craig og hann er strax farinn að hugsa um næsta leik. „Við viljum enda þetta sumar með sigri á Bosníu. Þetta voru frábær úrslit en við þurfum að halda haus og einbeita okkur að því að vinna næsta leik líka og halda áfram allt þangað til við vitum fyrir víst hvernig þetta endar," sagði Craig.

Það kemur nefnilega ekki endanlega í ljós fyrr en eftir viku hvort Ísland kemst inn á EM. „Ég er að reyna að hugsa ekki of mikið um EM fyrr en að við erum öryggir inn. Það getur svo margt gerst þangað til. Við eigum að njóta þessa sigurs okkar úti í Evrópu, sem var enginn hægðarleikur. Það er erfitt að vinna á útivelli í Evrópukeppninni og þá sérstaklega ef þú ert ekki ein af stóru þjóðunum." ooj@frettabladid.is

ÞJÁLFARINN Craig Pedersen er við það að koma Íslandi í lokakeppni Evrópumótsins í fyrstu tilraun. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

➜ Endurkomur íslenska landsliðsins í undankeppni EM

Leikur Íslendinga við Breta í Laugardalshöllinni

Ísland 36-43 undir eftir 26 mínútur
+20 - vann lokakaflann 47-27 og leikinn þar með 83-70

Leikur Íslendinga við Bosníumenn úti í Bosníu

Ísland 33-56 undir eftir 30 mínútur
+13 - vann lokaleikhlutann 29-16 og tapaði bara með 10 stigum, 62-72.

Leikur Íslendinga við Breta í London

Ísland 31-44 undir eftir 21 mínútu
+15 - vann lokakaflann 40-25 og leikinn þar með 71-69

... og ein önnur sem Craig gleymir seint

Bikarúrslitaleikurinn í Danmörku 2014 milli Svendborg og Bakken Bears

Svendborg 30-53 undir í hálfleik
+26 - vann seinni hálfleikinn 57-31 og leikinn þar með 87-84

Stelpurnar ekki á HM

Draumurinn dó í Dalnum með tapi gegn Dönum.

FÓTBOLTI Stelpurnar okkar í kvennalandsliðinu í fótbolta fara ekki á HM 2015 í Kanada, en draumurinn dó endanlega á Laugardalsvelli í gærkvöldi þegar stelpurnar töpuðu fyrir Dönum, 1-0.

Eini möguleiki Íslands á að komast í umspilið var að vinna Dani og hina tvo heimaleikina sem eftir eru í riðlinum, en nú er útilokað að okkar stelpur komist í umspilið.

Íslenska liðið spilaði frábærlega í fyrri hálfleik og óð í færum. Harpa Þorsteinsdóttir komst ein á móti markverði en lét verja frá sér, Dagný Brynjarsdóttir fékk skalla á markteig og Fanndís Friðriksdóttir þrumaði boltanum rétt framhjá markinu.

Í heildina gerði íslenska liðið nóg til að vinna leikinn, en mikil baráttа var í liðinu og hraði í spilinu. Freyr Alexandersson er að gera góða hluti með liðið á fyrsta ári, en enn reynist það þrautin þyngri að komast á HM.

Danir skoruðu sigurmarkið á 58. mínútu, en það gerði Pernille Harder. Gestirnir áttu einnig skalla í slána og niður undir lok fyrri hálfleiks þar sem boltinn fór mögulega inn fyrir línuna en ekkert var dæmt.

Þær dönsku höfðu góð tök á leiknum í seinni hálfleik og lönduðu sterkum útisigri.

Mun meira um leikinn og viðtöl má lesa á Vísi. - tom

BÚIÐ SPIL Harpa Porsteinsdóttir og Dóra María Lárusdóttir svekktar í leikslok í Laugardalnum í gærkvöldi eftir að HM-draumurinn dó. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

SPORT
besta sætið

SPORT

Spænski boltinn hefst um helgina!

Margar af stærstu knattspyrnustjörnum heims snúa aftur í spænska boltanum. Messi, Neymar og Suárez ætla sér alla leið með Barcelona en Ronaldo, Bale og félagar í Real Madrid gefa ekkert eftir á þessari leiktíð. Við sýnum einnig valda leiki með okkar manni, Alfreði Finnbogasyni. Hver tekur spænska titilinn í ár?

Sunnudagur kl. 18:50
Barcelona–Elche

Mánudagur kl. 17:50
Real Madrid–Cordoba

Internet og heimasími fylgir sjónvarpsáskrift í þrjú ár!

Stöð 2 Sport og Stöð 2 Sport 2 auk 4 íþróttarása, fjölda hliðarrása og internet og heimasími í 3 ár, á aðeins 11.990 kr. á mán. Enginn binditími fyrir internet og heimasíma!

11.990 kr. + 0 kr. Innifalið er 10GB erlent niðurhal og 100 mínútur í heimasíma. Þriggja mánaða uppsagnarfrestur er á Sportpakkanum. Greiða þarf 2.610 kr. aðgangsgjald.

ÞÚ SPARAR 3.490 KR. Á MÁN.
Net og heimasími fylgir með áskrift

Fáðu þér áskrift! 365.IS

DAGSKRÁ

Stöð 2 kl. 20.00
Mike and Molly

Gamanþáttaröð um turtildúfurnar Mike Biggs og Molly Flynn. Það skiptast á skin og skúrir í sambandinu og ástin tekur á sig ýmsar myndir.

Í KVÖLD

Man of Steel

STÖÐ 2 BÍÓ KL. 22.00 Stórmynd frá 2013 um ungan mann með ofurkrafta. Hann kom frá framandi plánetu sem ungbarn og ólst upp á sveitabæ en komst fljótt að því að hann var öðru vísi en önnur born.

Grínistinn

SJÓNVARPIÐ KL. 19.35 Laddi hefur skemmt þjóðinni um áratugaskeið. Flest þekkjum við þó persónurnar sem hann leikur betur en manninn sjálfan. Hver er maðurinn á bak við gervin? Gísli Einarsson fær vini og samferðamenn Ladda sér til aðstoðar við að draga upp nærmynd af Þórhalli Sigurðssyni, Ladda.

Broadchurch

STÖÐ 2 GULL KL. 21.00 Magnþrunginn spennuþáttur sem fjallar um rannsókn á láti ungs drengs sem finnst í fjörunni í litlum smábæ. Fljótlega kemur í ljós að dauði hans var af manna völdum og liggja allir íbúar bæjarins undir grun.

FM 957 kl. 10.00
Heiðar Austmann

Heiðar Austmann er aldursforseti stöðvarinnar en er samt yngstur í anda að eigin sögn. Heiðar kom til starfa á FM957 árið 1998 og hefur unnið samfleytt á stöðinni í ríflega 15 ár.

HELSUDÝNUDAGAR

Nature's Bedding

Nature's Rest

Stærð cm.	Verð	Dýnudagar
80x200	62.900,-	53.465,-
90x200	68.900,-	58.565,-
100x200	72.900,-	61.965,-
120x200	79.900,-	67.915,-
140x200	92.900,-	78.965,-
160x200	99.900,-	84.915,-
180x200	117.900,-	100.215,-

Nature's Comfort

Stærð cm.	Verð	Dýnudagar
100x200	99.900,-	84.915,-
120x200	119.900,-	101.915,-
140x200	138.900,-	118.065,-
160x200	149.900,-	127.415,-
180x200	164.900,-	140.165,-

Nature's Luxury

Stærð cm.	Verð	Dýnudagar
120x200	129.900,-	110.415,-
140x200	155.900,-	132.515,-
160x200	169.900,-	144.415,-
180x200	189.900,-	161.415,-

DORMA
– býður góða nótt

DORMA Holtagörðum, Reykjavík ✆ 512 6800
Dalsbraut 1, Akureyri ✆ 558 1100
Húsgagnahöllinni, Reykjavík ✆ 558 1100

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.00 Malcolm In the Middle
08.25 Drop Dead Diva
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 Doctors
10.15 Last Man Standing
10.40 The Smoke
11.25 Junior Masterchef Australia
12.15 Heimsókn
12.35 Nágrannar
13.00 Oceans
14.40 Judy Moody and the Not Bummer Summer
16.05 Young Justice
16.25 The Michael J. Fox Show
16.50 The Big Bang Theory
17.10 Bold and the Beautiful
17.32 Nágrannar
17.57 Simpson-fjölskyldan
18.23 Veður
18.30 Fréttir
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.06 Veður
19.15 Super Fun Night *(12:17)*
19.35 Impractical Jokers *(4:15)*
20.00 Mike and Molly *(22:23)*
20.25 NCIS. Los Angeles *(12:24)*
21.10 Wallander Spennandi sakamálamynd þar sem Kenneth Branagh fer með hlutverk rannsóknarlögreglumannsins Kurt Wallander sem er landsmönnum vel kunnur úr glæpasögum Hennings Mankell.
22.40 Company of Heroes Stríðsmynd frá 2013.
00.20 Van Wilder. Freshman Year
02.00 Outlander
03.50 Frozen
05.25 Fréttir

SPORT *besta sætið*

14.00 Víkingur R. - ÍBV
15.45 Arionbankamótið
16.25 Stjarnan - Inter
18.15 Real Madrid - Barcelona
20.00 La Liga Report
20.30 Benson Henderson - Rising Up
21.15 Demantamótin
23.15 Box - Sergey Kovalev vs. B
01.05 Lille - Porto

SPORT 2 *enski boltinn*

07.00 Messan
11.30 Stoke - Aston Villa
13.15 West Ham - Tottenham
14.55 Football League Show 2014/15
15.25 Liverpool - Southampton
17.10 Messan
17.50 Premier League World
18.20 Newcastle - Man. City
20.00 Match Pack
20.30 Enska úrvalsdeildin - upphitun
21.00 Messan
21.45 WBA - Sunderland
23.30 Messan
00.15 Burnley - Chelsea

INN

20.00 Norðurlandsleiðangur 2013 **21.00** Nikkann þanin **21.30** Eldhús meistaranna

STÖÐ 3

17.10 Raising Hope
17.30 The Neighbors
17.50 Cougar Town
18.15 The Secret Circle
19.00 Top 20 Funniest
19.40 Britain's Got Talent
20.05 Community *(22:24)*
20.25 The Listener *(8:13)*
21.10 Grimm *(6:22)*
21.50 Sons of Anarchy *(8:14)*
22.30 Longmire
23.10 Top 20 Funniest
23.55 Britain's Got Talent
00.20 Community
00.40 The Listener
01.25 Grimm
02.05 Sons of Anarchy
02.50 Tónlistarmyndbönd

Krakkastöðin

07.00 Könnuðurinn Dóra **07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **07.45** Doddi litli og Eyrnastór **07.55** Sumardalsmyllan **08.00** Áfram Diego, áfram! **08.24** Svampur Sveinsson **08.45** Elías **08.55** UKI **09.00** Ofurhundurinn Krypto **09.22** Ljóti andarunginn og ég **09.44** Gulla og grænjaxlarnir **09.56** Rasmus Klumpur og félagar **10.00** Ævintýri Tinna **10.25** Latibær **10.47** Hvellur keppnisbíll **11.00** Könnuðurinn Dóra **11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11.45** Doddi litli og Eyrnastór **11.55** Sumardalsmyllan **12.00** Áfram Diego, áfram! **12.24** Svampur Sveinsson **12.45** Elías **12.55** UKI **13.00** Ofurhundurinn Krypto **13.22** Ljóti andarunginn og ég **13.44** Gulla og grænjaxlarnir **13.56** Rasmus Klumpur og félagar **14.00** Ævintýri Tinna **14.25** Latibær **14.47** Hvellur keppnisbíll **15.00** Könnuðurinn Dóra **15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.45** Doddi litli og Eyrnastór **15.55** Sumardalsmyllan **16.00** Áfram Diego, áfram! **16.24** Svampur Sveinsson **16.45** Elías **16.55** UKI **17.00** Ofurhundurinn Krypto **17.22** Ljóti andarunginn og ég **17.44** Gulla og grænjaxlarnir **17.56** Rasmus Klumpur og félagar **18.00** Ævintýri Tinna **18.25** Latibær **18.47** Hvellur keppnisbíll **19.00** Rauðhetta... með nýju bragði 2 **20.25** Sögur fyrir svefninn

GULLSTÖÐIN

17.50 Strákarnir
18.15 Frasier
18.40 Friends
19.05 Seinfeld
19.30 Modern Family
19.55 Two and a Half Men *(17:23)*
20.15 Réttur *(1:6)*
21.00 Broadchurch *(5:8)*
21.50 A Touch of Frost
23.35 It's Always Sunny in Philadelphia
00.00 Boardwalk Empire
01.00 Footballers' Wives
01.45 Réttur
02.30 Broadchurch
03.15 A Touch of Frost
05.00 It's Always Sunny in Philadelphia
05.20 Boardwalk Empire

BÍÓSTÖÐIN

11.30 Submarine
13.10 Win Win
14.55 Battle of the Year
16.45 Submarine
18.25 Win Win
20.10 Battle of the Year
22.00 Man of Steel
00.20 Conviction
02.10 Courageous
04.20 Man of Steel

RÚV

15.40 Ástareldur
17.20 Kúlugúbbarnir
17.44 Sanjay og Craig
18.07 Nína Pataló
18.15 Táknmálsfréttir
18.25 Svipmyndir frá Noregi
18.30 Með okkar augum
19.00 Fréttir
19.20 Veðurfréttir
19.25 Íþróttir
19.35 Grínistinn *(1:4) (Laddi eins og hann leggur sig)* Laddi hefur skemmt þjóðinni um áratugaskeið. Flest þekkjum við þó persónurnar sem hann leikur betur en manninn sjálfan. Hver er maðurinn á bak við gervin? Gísli Einarsson fær vini og samferðamenn Ladda sér til aðstoðar við að draga upp nærmynd af Þórhalli Sigurðssyni, Ladda.
20.15 Saga af strák *(12:13) (About a Boy)* Bandarísk gamanþáttaröð um áhyggjulausan piparsvein sem sér sér leik á borði þegar einstæð móðir flytur í næsta hús.
20.40 Séra Brown *(7:10) (Father Brown)* Breskur sakamálaþáttur um hinn slungna séra Brown sem er ekki bara kaþólskur prestur heldur leysir glæpamál á milli kirkjuathafna.
21.30 Snilligáfa *(Good Will Hunting)*
23.35 Banks yfirfulltrúi – Hjartansmál *(DCI Banks)*
01.05 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Everybody Loves Raymond
08.25 Dr. Phil
09.05 Pepsi MAX tónlist
15.05 The Voice
17.20 Dr. Phil
18.00 Friday Night Lights
18.45 The Moaning of Life
19.30 30 Rock *(14:22)* Bandarísk gamanþáttaröð sem hlotið hefur einróma lof gagnrýnenda.
19.50 America's Funniest Home Videos *(1:44)* Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.
20.15 Survivor *(13:15)* Það er komið að 25. þáttaröðinni af Survivor með kynninn Jeff Probst í fararbroddi og í þetta sinn er stefnan tekin á Filippseyjar. Keppendur eru átján talsins að þessu sinni. Fimmtán þeirra eru nýliðar en þrír eru að spreyta sig í annað sinn eftir að hafa dottið út á sínum tíma sökum veikinda eða meiðsla.
21.00 The Bachelorette *(10:12)*
22.30 The Tonight Show Leikarinn Josh Brolin vinnur nú að nýrri Avengers-mynd sem er væntanleg á næsta ári en hann er gestur Jimmys í kvöld. Ítalski kokkurinn Giada De Laurentiis, sem sér um matreiðsluþáttinn Giada at Home á Food Network, kemur einnig í heimsókn.
23.15 Law & Order. SVU
00.00 Revelations.
00.45 Survivor
01.35 The Tonight Show
03.05 Pepsi MAX tónlist

Golfstöðin

08.05 PGA Tour 2014 **12.05** Golfing World 2014 **12.55** PGA Tour 2014 **15.55** Unglingaeinvígið í Mosfellsbæ **16.40** Inside The PGA Tour 2014 **17.05** PGA Tour 2014 - Highlights **18.00** PGA Tour 2014 **22.00** Champions Tour 2014 - Highlights **22.55** Golfing World 2014

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

Inni og úti fyrir haustið

MÚRBÚÐARVERÐ

DEKAPRO útimálning,
10 lítrar (A stofn)

7.390

ODEN EÐAL OLÍA á palla.
Hágæða Silikonalkyd efni. 2,7 lítrar

4.490

DEKA SÍLAN vatnsfæla, 5 lítrar

6.590

Dicht-Fix þéttiefni.
750ml

1.890

Frábært verð á stál- og plast-þakrennum.
Sjá verðlista á www.murbudin.is



Rakabolplast 0,2x4x25m
kr. **10.590**

Lescha steypurhrærivél SBM P150 150 lítra (hægt að taka í sundur - þýsk gæði)

61.900

Black&Decker
háþrýstidæla max bar **150**

52.990

2100W, 420 lítr./klst
Þolir 50°C heitt vatn,
8 metra málmbarki,
sápubox,
með bursta

Furukrossviður

Sjá verðlista á www.murbudin.is
verðdæmi **12mm 5 laga 122x244cm kr. 3.890**

AR636 18V Skrúfvél
Ni-Cd 2,0Ah 158Nm

16.990

Sökkuldúkur 20m²

9.990

Chemfix
teinalím 345 ml

2.295

GAH þýskir
byggingarvinklar
og skrúfur.
Mikið úrval

Deka
festifrauð
750 ml

985

Öflugar hjólbörur 90 lítra

8.590

MARGAR
GERÐIR
AF HJÓLBÖRUM

Eibenstock 1300 W
hrærivél

Verð **39.900**

Drive LG4-570A
800W flísasög
79x39cm borð
kr. **39.900**

2.190
1.690
1.690
2.190
110 cm

Weber Milligróf
múrblanda
25 kg **1.850**

Deka Hrað
viðgerðarblanda
25 kg **4.290**

Deka Fíber trefja-
styrkt múrblanda
25 kg **3.390**

Deka Latex
5 lítr. **4.795**

Weber REP 980
þéttimúr grár
25 kg **3.590**

Weberfloor 4630
Durolit iðnaðar
& útiflot **5.790**

Deka Acryl grunnur
1 kg **1.395**
5 kg **4.995**

Uppfyllir EN-131 staðalinn

Alvöru græja!

TIA PRO álstigi 2x12
þrep 3,61-6,1 m

28.990

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

Reykjavík	Kletthálsi 7.	Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16
Reykjanesbær	Fuglavík 18.	Opið virka daga kl. 9-12 & 13-18

MÚRBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

FÖSTUDAGSLAGIÐ



Lagið Proud Mary í útgáfu Tinu Turner. Það er svo mikill tryllingur. Tina er drottning föstudagslaga og allra vikudagslaga ef út í það er farið.“

Una Stef tónlistarkona.

Þessi málmur á að vera þungur

Þungarokkararnir í Sólstöfum spila frumsamið efni við Hrafninn flýgur á RIFF.

Þungarokkssveitin Sólstafir leikur frumsamið efni við kvikmyndina Hrafninn flýgur eftir Hrafn Gunnlaugsson á kvikmyndatónleikum Reykjavík International Film Festival í ár. Myndin var frumsýnd árið 1984 og fagnar því þrjátíu ára afmæli í ár. Guðmundur Óli Pálmason, trommari Sólstafa, segir að hljómsveitin hafi beint og óbeint verið undir áhrifum frá myndinni í gegnum tíðina.

„Við erum helvíti stemmdir fyrir þessu. Maður var alinn upp við þessa mynd og hún hefur eiginlega verið uppáhaldsmynd okkar allra síðan við vorum krakkar. Þetta smellpassar,“ segir hann. Tónlistin sem Sólstafir spila hefur einmitt verið kölluð víkingarokk en í tilkynningu frá RIFF segir: „Tónlist bandsins er í senn jafn mikil

➜ Aðalhlutverk í Hrafninn flýgur eru í höndum Eddu Björgvinsdóttur, Egils Ólafssonar og Flosa Ólafssonar.

afurð hvínandi heimskautastorma og rauðglóandi hrauns landsins, sem og grænna engja, vindbarinna heiða og salta sævarins sem umlykur eyna.“ Í fyrra voru það þöglar myndir eftir franska frumkvöðulinn George Mélies sem leikin var tónlist undir, en árið áður var það krautrokk-goðsögnin Damo Suzuki sem lék tónlist ásamt íslenskum tónlistarmönnum við tímamótaverk þýska expressjónismans, Metropolis.

Tónleikarnir fara fram hinn 1. október í Salnum í Kópavogi. - þij

VÍKINGAROKKARAR Sólstafir er ein þekktasta þungamálmssveit landsins

MYND/ STEBBA ÓSK

MAGNAÐ PRÍEYKI Saga Garðarsdóttir segir einleikinn ævintýralegan hugarheim Kenneths.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

Gæti verið sonur Ladda og Dorritar

Saga Garðarsdóttir vinnur nú að handriti að einleik persónunnar Kenneths Mána en hún segir Kenneth vera eins og samsuða af boltalandinu í IKEA og Hogwarts.

„Okkur fannst hann bara ekki hafa sagt sitt síðasta,“ segir Saga Garðarsdóttir, en hún vinnur að einleik persónunnar Kenneths Mána ásamt Jóhanni Ævari Grímssyni og Birni Thors sem fór eftirminnilega með hlutverk Kenneths í þáttunum Fangavaktin.

„Þetta er í rauninni bara um Kenneth og hugarheim hans sem er svo ævintýralegur. Hann er eins og samsuða af boltalandinu í IKEA og Hogwarts-skóla galdra og seiða nema öllum er boðið og enginn er á svörtum lista.“

Saga segir verkefnið vera virkilega skemmtilegt en Bergur Þór Ingólfsson leikstýrir einleiknum.

„Ef ég myndi fá einhvern til þess að leikstýra lífi mínu þá myndi ég fá leikhúshetjuna Berg Þór,“ segir Saga og hlær. „Þá væri allt í senn spennandi, innihaldsríkt og skemmtilegt.“

Þríeykið stefnir að því að frumsýna einleikinn í Borgarleikhúsinu í lok september en Saga hefur gríðarlegan áhuga á persónunni.

„Hann er bara svo sjarmerandi og tryllingslega sympatískur, maður gæti trúað því að hann væri sonur Dorritar og Ladda nema ef svo væri þá væri líklega betur komið fyrir honum,“ segir Saga. „Ég myndi sennilega byrja með honum ef hann væri minna í fangelsi.“ baldvin@frettabladid.is

Gullkorn Kenneths Mána

Persónan Kenneth Máni sigraði hug og hjörtu Íslendinga en auðvelt var að finna til með honum þegar hann endaði ávallt sem sá eini sem sat í súpunni og lét Georg Bjarnfreðarson ganga yfir sig.

Aðdáendur þáttanna muna að öllum líkindum eftir þessum gullkornum sem Fréttablaðið tók saman.

„Við erum kannski glæpamenn, en við erum ekki óheiðarlegir.“

„Mér finnst það eiginlega dálítið mörg nöfn, eða mér finnst bara best að vera kallaður það sem ég heiti.“

„Get ég þá ekki heimsótt pabba?“

„Ha? Árabil? Hver segir svona lagað?“

Safnar fyrir leikverki í New York

Ólöf Jara Skagfjörð býr í New York og er um þessar mundir að safna fyrir leiksýningu sem leikhópur hennar ætlar á setja upp. Ágóðinn rennur til góðs málefnis.

„Það kostar mikið að setja upp sýningu og við erum að reyna að safna fyrir kostnaðinum en allur ágóði sýningarinnar mun renna til alþjóðlegu samtakanna One Voice sem reyna að stuðla að friði milli Ísraels og Palestínu en leikritið sem heitir Murder, eftir leikskáldið Hanoch Levin, fjallar um stríð og ofbeldi og þann part af mannlegu eðli sem við eigum erfitt með að horfast í augu við,“ segir Ólöf Jara Skagfjörð.

Hún, ásamt leikhópi sínum stendur fyrir söfnun á vefsíðunni Indiegogo fyrir uppsetningu á áðurgreindu leikverki en um það bil vika er eftir af söfnuninni.

Leikhópinn, sem kallast Exodus Theatre Company stofnaði Ólöf Jara en hún er búsett í New York. „Ég stofnaði leikhópinn hérna úti ásamt kærastanum mínum, Yadin Goldman, og við erum að fara setja upp þessa sýningu í september,“ bætir Ólöf Jara við.

Hún hefur verið búsett í New York síðastliðin 2 ár og lagði þar stund á leiklistarnám. „Ég útskrifaðist í júní frá Circle in the Square Theatre School og kann rosalega vel við mig hérna úti. Ég verð hérna þangað til annað kemur í ljós,“ bætir Ólöf Jara við. Nánari upplýsingar um verkið og söfnunina má finna á heimasíðu leikhópsins, exodustheatre.com. - glp

ÚTSKRIFUÐ Ólöf Jara stofnaði leikhópinn með kærasta sínum.

www.plusferdir.is

Einstakt tækifæri!

Ótrúlegt verð!

PLÚSFERÐA sprengja!

í lok sumars

Ljúkum sumrinu með stæl!

Verð sem hafa ekki sést síðan í þorskastríðinu!

Brottfarir í næstu viku á tilboði!

Benidorm

Paraiso Centro ★★

FRÁ: **58.900 kr.***

á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn í íbúð með einu svefnherbergi. Verð frá 77.800 kr. á mann m.v. tvo fullorðna.

Brottför: 26. ágúst
7 nætur

Tenerife

Compostela Beach Golf Club ★★★

FRÁ: **61.200 kr.***

á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn í íbúð með einu svefnherbergi. Verð frá 77.400 kr. á mann m.v. tvo fullorðna.

Brottför: 27. ágúst – 10. sept.
15 nætur

Almeria

Pierre Vacances ★★★

FRÁ: **59.900 kr.***

á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn í íbúð með 2 svefnherbergjum. Verð frá 79.800 kr. á mann m.v. tvo fullorðna.

Brottför: 26. ágúst – 2. sept.
7 nætur

Flugsæti til Alicante, Almeria og Tenerife frá 40.000 kr. báðar leiðir með sköttum!

Fleiri áfangastaðir og verðdæmi á

plusferdir.is

plús FERÐIR

www.plusferdir.is

Ferðaskrifstofa
Leyfishafi Ferðamálastofu

PLÚSFERÐIR - Sími 535 2100 - info@plusferdir.is

* Innifalið: Flug, skattar, gisting og fararstjórn.
Verð miðast við að bókað sé á netinu. Birt með fyrirvara um prentvillur.

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FLJÓTLEGT OG ÞÆGILEGT

1011

FRÉTTIR AF FÓLKI

Leikkonur í karóki

Það var heldur betur stuð á karókíbarnum Live Pub á miðvikudaginn en þar komu saman einstaklingar sem vanir eru sviðinu. Mátti þar sjá leikkonurnar Hildi Berglindi Arndal, **Salóme R. Gunnarsdóttur** og Thelmu Marín Jónsdóttur ásamt rithöfundinum Halldóri Armand og var hópurinn líflegur að sjá. Skiptust leikkonurnar á að syngja gestum karókístaðarins til mikillar skemmtunar. Hildur Berglind tók svokallaða „mjúka týpu" og söng lagið I Just Called to Say I Love You en Salóme ákvað að taka aðra stefnu í söngnum og söng hinn klassíska Banana Boat Song, sem Harry Belafonte gerði frægan, og var sem Belafonte sjálfur væri mættur á Live Pub. -bþ

Erfið ferð á toppinn

Leikkonan og fyrirsætan **Halla Vilhjálmsdóttir** náði þeim áfanga í vikunni að klífa hæsta tind Evrópu, eldfjallið Elbrus. Hún segir ferðina hafa tekið á. „Veðrið var hræðilegt svo þetta var gríðarlega erfið ferð. Haglstormur og eldingar, algjör viðbjóður," segir Halla en þetta er fjórði af tindunum sjö, hæstu tindum hverrar heimsálfu, sem hún klífur. Fyrir þessa ferð var hún búin að ná á topp Aconcagua í Suður-Ameríku, Kilimanjaro í Afríku og Vinson Massif á Suðurskautslandinu. Halla kleif Elbrus með kærasta sínum, Harry Koppel, og föður sínum, Vilhjálmi Guðjónssyni, en hún er ekki með neitt sérstakt markmið í huga hvað fjallgöngur varðar og tekur bara einn tind í einu. -lkg

Mest lesið VÍSIR

1 Kvika talin streyma inn í eldstöðina af miklu afli
2 Leitar konunnar sem tók við Neyðarlínusímtalinu
3 Mjög öflugur atburður, kvikan færi hratt upp
4 Jökulvatn yrði níu klukkustundir að Ásbyrgi
5 Vita ekki að þeim var flett upp

SONOS

FÁÐU ÞRÁÐLAUSAN AÐGANG AÐ TÓNLISTINNI Í ÖLLUM HERBERGJUM

Spotify Google play

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS

REYKJAVÍK | AKUREYRI | ÍSAFJÖRÐUR | REYKJAVÍK | AKUREYRI | ÍSAFJÖRÐUR

ÚTSALA

SÍÐUSTU DAGAR

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR!

DÚÚÚÚNDUR TVENNUTILBOÐ – 30% AFSLÁTTUR

QOD Alaska dúnsæng
Stök sæng fullt verð kr. 24.900

Tvennutilboð
SÆNG + KODDI
19.900
KRÓNUR

QOD Alaska dúnkoddi
Stakur koddi fullt verð kr. 5.900

Tempur® heilsukoddar!
25-50% afsláttur

Verðdæmi Classic
kr. 8.950
Verð kr. 17.900

TEMPUR DÝNUR OG KODDAR

Stillanleg heilsurúm í sérflokki!
20%-35% afsláttur

Vandaðar dúnsængur
30% afsláttur

140x200 Pure Sleep
verð áður kr. 24.900
Nú kr. 17.430

QUILTS OF DENMARK®

GOLD heilsurúm 25% afsláttur

Charlotte Julien
Dream your world™

Tegund	Stærð	Dýna og Classic-botn	Útsala
C&J Gold	120x200	119.900 kr.	**89.925 kr.**
C&J Gold	140x200	139.900 kr.	**104.925 kr.**
C&J Gold	160x200	152.900 kr.	**114.675 kr.**
C&J Gold	180x200	164.900 kr.	**123.675 kr.**

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl og gilda á meðan á útsölu stendur og birgðir endast.

GOLD120X200
AÐEINS KRÓNUR
89.925
ÚTSÖLUVERÐ

GOLD160X200
AÐEINS KRÓNUR
114.675
ÚTSÖLUVERÐ

Frábært verð!

- 5 svæða skipt yfirdýna. Laserskorið Conforma Foam heilsu- og hægindalag tryggir réttan stuðning við neðra mjóbak og mýkir axlasvæði.
- Vandaðar kantstyrkingar.
- Vandað pokagormakerfi. Minni hreyfing betri aðlögun.
- Slitsterkt og mjúkt bómullaráklæði.
- Þykkt 29 cm.

Betra BAK
Leggur grunn að góðum degi

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Dalsbraut 1, Akureyri • Sími: 558 1100
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16